

**SKOÐUN** Þórólfur Matthíasson gagnrýnir ofurtolla á landbúnaðarafurðir. 26



**MENNING** Amy Tan er aðalfyrirlesari á ráðstefnunni Art in Translation. 36



**LÍFIÐ** Klæða sig upp sem gamlar konur og gefa út dagatal til styrktar Krabbavörn. 47



**SPORT** Baldur getur haldið áfram að hrella FH-inga í toppbaráttunni. 50


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
18. september 2014
219. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



**Laun sögð mismunun**
Formaður Landssambands lögreglumanna segir það mismunun að Gísli Freyr Halldórsson skuli vera á fullum launum í leyfi. 2

**Áfrýjar úrskurði** Vegagerðin áfrýjaði úrskurði Skipulagsstofnunar um að hafna veglínu um Teigsskóg. 4

**20 þúsund skjálftar** Ætla má að um 20 þúsund jarðskjálftar hafi mælst í Bárðarbungu undanfarið. 6

**Umbuna nemendum** Háskólinn í Reykjavík hvetur nemendur til að skilja bílinn eftir heima eða samnýta ferðir í Evrópsku samgönguvikunni. 18



24

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 9° | | ASA | 4 |
| Akureyri | 11° | | ASA | 3 |
| Egilsstaðir | 10° | | NNA | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | | ASA | 3 |
| Reykjavík | 12° | | ASA | 4 |

**Rigning eða súld** víða um land en úrkomulítið á Norðausturlandi. Fremur hægur vindur víðast hvar og hiti á bilinu 8 til 13 stig. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Harðar kjaradeilur í vændum

Alþýðusambandið telur ekki grundvöll fyrir frekara samstarfi við ríkisstjórnina verði fjárlagafrumvarpið að veruleika. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir viðbrögð ASÍ við fjárlagafrumvarpinu koma á óvart.

**KJARAMÁL** Alþýðusamband Íslands telur engan grundvöll fyrir frekara samstarfi við ríkisstjórnina verði fjárlagafrumvarpið að lögum. Yfirlýsingin kemur Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra á óvart.

„Þetta kemur mér á óvart, sérstaklega í ljósi þess hversu mikill ávinningur er að verða í efnahagslífinu á þessu ári. Við erum að ná mörgum settum markmiðum, halda verðbólgu lágri, skapa ný störf, tryggja aukinn kaupmátt launa og loka fjárlagagatinu. Allt er þetta grundvöllur að bættum kjörum í landinu,“ segir Bjarni.

ASÍ segir að félagsmenn aðildarfélaganna verði að búa sig undir harðari deilur við gerð kjarasamninga en verið hafa um áratugaskeið.

Launafólk, sér í lagi lágtekjufólk og lífeyrisþegar, hafi á síðustu árum tekið á sig miklar byrðar og kaupmáttur launa hafi skerst. Á sama tíma hafi verið skorið verulega niður í heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfinu sem leitt hafi til meiri greiðsluþátttöku, minni þjónustu og meira óöryggis. Launþegar eigi því inni þegar rofi til í þjóðfélaginu.

„Hjá okkur standa dyrnar ávallt opnar,“ segir Bjarni þegar hann er spurður hvort komi til greina að breyta fjárlagafrumvarpinu til að koma til móts við gagnrýni ASÍ.

Hann segir að stjórnvöld vilji eiga gott samstarf við launþegahreyfinguna og raunar alla aðila vinnumarkaðarins.

„Að sjálfsögðu er það grundvöllur slíks samstarfs að hlusta eftir sjónarmiðum og við munum kynna okkur vel þær áherslur sem launþegahreyfingin vill berjast fyrir. En viljum um leið að menn taki tillit til þess árangurs sem hefur náðst,“ segir Bjarni.

Samtök atvinnulífsins taka undir með Alþýðusambandi Íslands og telja að samstarf við stjórnvöld megi vera betra. „Við getum tekið að hluta til undir það gagnrýni að samstarf og samráð á milli aðila vinnumarkaðarins mætti vera betra. Þar má ýmislegt gera til að bæta úr,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

\- jme



**Við munum kynna okkur vel þær áherslur sem launþegahreyfingin vill berjast fyrir. En viljum um leið að menn taki tillit til þess árangurs sem hefur náðst.**

*Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.*




**KASTAÐ Á LOFT** Liðsfélagar Þóru Bjargar Helgadóttur, markvarðar íslenska landsliðsins í knattspyrnu, kvöddu hana með tolleringu eftir sigur liðsins á Serbum á Laugardalsvellinum í gær. Með sigrinum batt Þóra Björg enda á sextán ára farsælan markmannsferil sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kvaddi með 9-1 sigri:

## Þóra skoraði í kveðjuleiknum

**FÓTBOLTI** Landsliðsmarkvörðurinn Þóra Björg Helgadóttir batt enda á glæsilegan landsliðsferil með því að skora í 9-1 sigri á Serbíu í undankeppni HM 2015 í gær. Ferill Þóru spannaði sextán ár og 108 landsleiki.

„Ég verð örugglega sátt við ákvörðunina þegar ég vakna í fyrramálið en líka svolítið leið. En það hefði ekki verið hægt að biðja um betri endi – með þennan stuðning úr stúkunni og stórsigur á heimavelli,“ sagði Þóra sem kvaðst þakklát þeim ótalmörgu aðilum sem hún kynntist á löngum ferli.

„Það hafa verið ótrúlegar framfarir í liðinu og ég hef átt margar frábærar stundir með ótalmörgum félögum,“ sagði Þóra við Fréttablaðið í gær. Markið skoraði hún úr vítaspyrnu og var hennar afar vel fagnað af samherjum og áhorfendum á Laugardalsvellinum.

\- esá / sjá síðu 50


NÝ SENDING
KOMIN Í VERSLANIR!





Mjótt gæti verið á mununum þegar talið verður upp úr kjörkössunum í dag:

# Tekist á um sjálfstæði Skotlands

**SKOTLAND** Skotar munu kjósa um það í dag hvort þeir vilji öðlast sjálfstæði frá Bretlandi. Skoðanakannanir sýna að mjótt gæti verið á mununum. Þeir sem barist hafa fyrir sjálfstæði Skotlands sjá fram á að draumurinn geti loksins ræst, en margir mega varla til þess hugsa að segja skilið við Bretland.

Fréttablaðið fékk Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, og Daða Kolbeinsson, óbóleikara hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, til að takast á um sjálfstæði Skotlands. Birna stundaði nám við Edinborgarháskóla og er andstæðingur sjálfstæðis en Daði er fæddur og uppalinn í Skotlandi og er harður já-maður. - gb, ós / sjá síður 10 og 12

**NEI**



*Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.*

**Ég er ekki viss um að allir séu búnir að reikna dæmið til enda. Ýmsir vinir mínir sem ætla að segja já segja þó: Ég veit að við verðum fjárhagslega verr sett en ég vil frekar sjálfstæði.**

**JÁ**



*Daði Kolbeinsson, óbóleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.*

**Um leið og Thatcher komst til valda og England byrjaði að hallast til hægri varð til óánægja. Skotar hugsa öðruvísi en Englendingar. Það er ekki þessi peningahyggja.**




CLEAN JAKKI
22.900
SELECTED
HOMME
KRINGLUNNI/SMÁRALIND
Facebook.com/selected.island
Instagram: @selectediceland

## SPURNING DAGSINS



Unnur, er runnið af ykkur?

**„Við erum bara áhugafullar.“**

Unnur Tryggvadóttir Flóvenz og Elín Oddný Sigurðardóttir standa fyrir stofnun Félags íslenskra bjóráhugakvenna. Unnur vill breyta því að bjór sé fyrst og fremst talinn vera á áhugasviði karla.

Ríkisskattstjóri og lögregla skoða húsaleiguauglýsingar á samfélagsmiðlum:

# Leiga á fjórum íbúðum stöðvuð

**LÖGGÆSLA** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði leigu á fjórum íbúðum, í ágúst og september, sem voru leigðar ferðamönnum í gegnum samfélagsmiðla. Eigendurnir gátu ekki framvísað tilskildum leyfum fyrir starfseminni.

Lögreglan, í samstarfi við ríkisskattstjóra, kannaði heimili og íbúðir á höfuðborgarsvæðinu þar sem gisting hafði verið auglýst í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum á borð við Facebook og Airbnb. Um var að ræða eftirlit með gistileyfum og skattskyldu tekna vegna sölu á gistingu. Unnið verður úr þeim gögnum sem þarna söfnuðust.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir að embættið hafi látið kanna skattskil hjá um 1.500 fyrirtækjum og einstaklingum sem selja þjónustu. Langflest þessara fyrirtækja séu í ferðaþjónustu. Í 27 prósentum tilvika hafi komið frávik sem kalli á skýringar. Langflestir sem í hlut áttu kipptu sínum málum í lag en í nokkrum tilvikum varð að beita viðurlögum. - jme



**EFTIRLIT** Lögregla í samvinnu við ríkisskattstjóra hefur kannað heimili og íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Staðfesta laun bæjarstjóra:

# Fær 1.266.000 og hlunnindi

**SVEITARSTJÓRNIR** Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, fær um 1.266 þúsund krónur í mánaðarlaun auk hlunninda. Haraldur fær til einkaafnota bíl sem bærinn annast kostnað við, greiðslur og dagpeninga vegna „náms- og kynnisferða“ og síma og nettengingu. Þá verða Haraldi greidd laun í sex mánuði eftir að hann lætur af starfi. Ef hann segir sjálfur upp áður en kjörtímabilið er á enda fær hann þriggja mánaða biðlaun. - gar



**OBAMA** Barack Obama ítrekaði þá afstöðu sína að hann hygðist ekki senda landher til Íraks á blaðamannafundi í MacDill-herstöðinni í Flórída í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áfram verður barist gegn Íslamska ríkinu með loftárásum:

# Mun ekki senda landher til Íraks

**BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti hyggst ekki senda bandarískar landhersveitir til að berjast gegn vígamönnum Íslamska ríkisins. Bandaríkjaher hyggist þó áfram styðja við Kúrda og Íraka með loftárásum og annars konar stuðningi.**

**Haider al-Abadi, forsætisráðherra Íraks, útilokaði einnig alfarið að erlendar hersveitir myndu aftur stíga fæti á íraska grundu. „Það er ekki þörf á þeim og við viljum ekki fá þær,“ segir al-Abadi.** - ih

Skotárásin í Hraunbæ:

# Misræmi í skýrslu lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn á vettvangi skotárásarinnar í Hraunbæ á síðasta ári, þar sem Sævar Rafn Jónasson var skotinn til bana af lögreglu, vissu hver bjó í íbúðinni áður en ráðist var til inngöngu, samkvæmt frumskýrslu lögreglu. Í skýrslu ríkissaksóknara segir að þeir hafi ekki vitað hver var í íbúðinni. Niðurstaðan var sú að lögregla hefði ekki gerst sek um gáleysi eða refsiverða háttsemi. Í frétt Kastljóss segir að upplýsingaflæði lögreglu til yfirmanns sérsveitar hafi verið ábótavant og að aðstandendur Sævars Rafns vilji að málið verði skoðað. - hó

Tryggja á rétt launafólks:

# Breytingar á Ábyrgðarsjóði

**ALPINGI** Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra hefur lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um Ábyrgðarsjóð launa.

Verði frumvarpið að lögum felur það í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Greiðslum frá Ábyrgðarsjóði launa er ætlað að tryggja launafólki lágmarksvernd á uppsagnarfresti þegar vinnuveitandi verður gjaldþrota. - jme

# Full laun Gísla Freys sögð vera mismunun

Gísli Freyr Valdórsson, sem ákærður er fyrir trúnaðarbrot í innanríkisráðuneytinu, er á fullum launum í leyfi þar til dómsmálinu lýkur. Lögreglumenn í slíkri stöðu eru settir á hálf laun. Mismunun, segir formaður Landssambands lögreglumanna.

**STJÓRNSÝSLA** Gísli Freyr Valdórsson, sem ákærður er fyrir að leka trúnaðargögnum um hælisleitanda úr innanríkisráðuneytinu og leystur var tímabundið frá störfum, er á fullum launum á meðan mál hans er til meðferðar hjá dómstólum.

„Já, þetta skýtur svolítið skökku við, verður að segjast. Þegar kemur að lögreglumönnum þá er um að ræða hálf grunnlaun, það er að segja dagvinnulaunin, en umræddur aðstoðarmaður ráðherra nýtur fullra launa,“ segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna.

Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á embættismaður sem leystur er frá störfum um stundarsakir að njóta helmings af föstum launum sem embætti hans fylgja. Þessu ákvæði hefur meðal annars verið beitt í máli lögreglumanns sem ákærður var fyrir harkalega handtöku og lögreglumanns sem ákærður var fyrir misnotkun trúnaðargagna. Ef starfsmaðurinn er sýknaður í dómsmálinu fær hann hinn helming launanna greiddan.

Í svari frá innanríkisráðuneytinu við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að þar sem Gísli Freyr sé ekki embættismaður heldur ráðinn sem starfsmaður eigi ofangreint ákvæði ekki við. Af því leiði að Gísli Freyr haldi fullum launum, sem eru 893 þúsund krónur á mánuði.

Snorri segir vandann fólginn í kaflanum um embættismenn í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar sé mælt fyrir um hálf grunnlaun þegar mál varði til dæmis lögreglumenn og aðra sem sérstaklega eru skilgreindir sem embættismenn. Hins vegar sé ekkert slíkt ákvæði í lögunum um aðra starfsmenn ríkisins. Þeir haldi því fullum launum þar til endanleg ákvörðun er tekin um brottvísun úr starfi.



> **Hér er alveg klárlega um hreina mismunun að ræða gagnvart starfsmönnum hins opinbera.**
>
> *Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna.*

„Hér er alveg klárlega um hreina mismunun að ræða gagnvart starfsmönnum hins opinbera og má í raun og veru segja að „embættismaðurinn“ hafi að hluta til verið fundinn sekur um refsivert athæfi þrátt fyrir að endanleg niðurstaða dómstóla liggi ekki fyrir um sekt eða sýknu í máli viðkomandi. Það er byrjað að refsa viðkomandi fjárhagslega strax í upphafi máls og á þeim tíma sem hann má í raun síst við því þar sem svona málum fylgir jafnan umtalsverður kostnaður strax á fyrstu dögum þeirra,“ segir Snorri, sem kveður lögreglumenn hafa gagnrýnt þetta í áraraðir án árangurs:

„Ögmundur Jónasson, fyrrverandi innanríkisráðherra, fór, að áeggjan okkar og eftir samtal við mig, af stað með vinnu sem laut að því að girða fyrir það misræmi sem er að birtast varðandi launaþáttinn og hraðari málsmeðferð. Vinnuhópurinn, sem Landssamband lögreglumanna átti fulltrúa í, skilaði fullbúnum reglum til ráðherra en honum auðnaðist því miður ekki tími til að klára verkið og liggur það nú ofan í einhverri skúffu í dómsmálaráðuneytinu.“ gar@frettabladid.is



**AÐSTOÐARMAÐUR RÁÐHERRA** Gísli Freyr Valdórsson lýsti sig saklausan af ákæru ríkissaksóknara er málið gegn honum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Framsóknarmenn segja borgina hafa brugðist varðandi félagslegt húsnæði:

# Neyðin hefur aldrei verið meiri

**REYKJAVÍKURBORG** „Neyðin hefur sjaldan eða aldrei verið meiri en nú og krefst hún beinna og tafarlausra aðgerða Reykjavíkurborgar,“ bókuðu fulltrúar Framsóknarflokks við umræður í borgarstjórn um félagslegar íbúðir.

Framsóknarmenn sögðu verulega skorta á að Reykjavíkurborg uppfyllti skyldur sínar í húsnæðismálum gagnvart þeim sem vegna félagslegra aðstæðna eru ekki færir um að sjá sér sjálfir fyrir húsnæði. „Reykjavíkurborg verður að setja í forgang fjölgun á félagslegum leiguíbúðum til að mæta skyldu sinni,“ bókuðu framsóknarmenn.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sögðu mikilvægt að forgangsraða aðgerðum þannig að félagslegu húsnæði fyrir þann hóp sem sé í brýnni þörf fjölgi.

> **Reykjavíkurborg verður að setja í forgang fjölgun á félagslegum leiguíbúðum til að mæta skyldu sinni.**
>
> *Bókun framsóknarmanna.*

„Reykjavíkurborg á að tryggja að grundvöllur skapist fyrir öflugan leigumarkað þar sem einkaaðilar sjá hag sinn í því að byggja upp góðan og traustan leigumarkað í borginni. Þannig eru málefni hins almenna leigumarkaðar leyst án aðkomu borgarsjóðs með tilheyrandi kostnaði fyrir skattgreiðendur,“ bókuðu sjálfstæðismenn. - gar



**SVEINBJÖRG BIRNA BJÖRNSDÓTTIR** Oddviti Framsóknar í borgarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ENNEMM / SIA / NM64088



Þjónusta við fyrirtæki

# Stoltur samstarfsaðili

**Áframhaldandi samstarfsverkefni:**

- 72 íbúðir á Norðurbakka, Hafnarfirði
- 18 íbúðir í Urriðaholti, Garðabæ

Íslandsbanki er stoltur samstarfsaðili VHE sem áætlar að byggja yfir 100 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið er fjármagnað af Íslandsbanka en fyrir skömmu var lokið við sölu á öllum 28 íbúðum VHE í Dalsási, Hafnarfirði.

Íslandsbanki er framsýnn og öflugur samstarfsaðili í framkvæmdafjármögnun í fasteigna- og byggingariðnaðinum. Við leggjum metnað okkar í að bjóða fyrirtækjum sérþekkingu og erum traustur bakhjarl alla leið.

Þekking okkar sprettur af áhuga.

EUROMONEY Awards for excellence 2014

Íslandsbanki var annað árið í röð valinn besti íslenski bankinn af hinu virta tímariti Euromoney.

islandsbanki.is   Netspjall   Sími 440 4000   Facebook

Íslandsbanki

## SVONA ERUM VIÐ



**801** **Íslendingur á afmæli á nýársdag**

**en 695 Íslendingar eiga afmæli daginn áður, gamlársdag.**

Sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar ætlar að fara yfir athugasemdir umboðsmanns borgarbúa:

# Hægt að breyta verklagi án aukinna útgjalda

**STJÓRNSÝSLA** „Í skýrslu umboðsmanns borgarbúa eru ábendingar og athugasemdir sem ýmist hafa verið teknar til athugunar eða verða teknar til skoðunar. Það verður farið vel yfir skýrsluna,“ segir Stefán Eiríksson, en hann tók við embætti sviðsstjóra Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir um tveimur vikum.

Í skýrslu umboðsmanns borgarbúa sem kynnt var í fyrradag koma fram ýmsar ábendingar um það sem betur mætti fara á Velferðarsviði. Þar er meðal annars bent á samskipta- og stjórnunarvanda á sviðinu, stjórnskipuleg vandamál og skort á þjónustu við borgarbúa.



**STEFÁN EIRÍKSSON**



**DAGUR B. EGGERTSSON**

„Ég tel að skýrsla umboðsmanns gefi okkur tækifæri til að gera þjónustuna enn betri en hún er í dag. Í henni er að finna ábendingar sem við tökum alvarlega og nálgumst með uppbyggilegum hætti,“ segir Stefán og segir að ein af ábendingunum lúti að því að það skorti fjármagn til að sinna öllum verkefnum sem sviðinu er ætlað. „Við eigum þó ekki að einblína á það, það er ýmislegt hægt að gera í því að breyta og bæta verklag án þess að það þurfi að kosta aukin fjárútlát,“ bætir hann við.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði á Stöð 2 að embætti umboðsmanns hefði verið stofnað til að fara ofan í saumana á því sem betur má fara í starfi borgarinnar.

Hann segir að á næstunni verði rýnt í skýrslu umboðsmanns borgarbúa, tekið sé mark á þeim athugasemdum sem þar komi fram. - jme



**BLÁA LÓNIÐ** Fulltrúar fyrirtækisins styðja breikkun neðra þreps virðisaukaskatts. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilja að undanþágur falli út:

## Lítill fyrirvari á breyttum skatti

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fulltrúar Bláa lónsins gagnrýna að stjórnvöld gefi of skamman fyrirvara vegna breytinga á virðisaukaskattskerfinu sem fram undan eru. Augljóst er að þær koma til með að hafa mikil áhrif á þá starfsemi sem breytingarnar munu ná til, segir í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Hins vegar styður Bláa lónið einföldun á virðisaukaskattskerfinu með því að breikka neðra þrep virðisaukaskattsins og fella út undanþágur. - ih

Samningur á Akranesi:

## Leikhópur í verksmiðju

**MENNING** Undirritaður var leigusamningur á milli Akraneskaupstaðar og Skagaleikflokksins í gær en félagið mun fá svokallað „starfsmannarými“ í Sementsverksmiðjunni leigt til tveggja ára.

Í samningnum er kveðið á um að Skagaleikflokkurinn ábyrgist að rekið verði metnaðarfullt starf, en markmið leikfélagsins er að vinna að eflingu leiklistar, bókmennta og annarrar alhliða menningarstarfsemi. Þeim markmiðum verði meðal annars náð með því að halda uppi sýningum á íslenskum og eða erlendum leikverkum og taka þátt í viðburðum á vegum Akraneskaupstaðar. - hó

## VEGLÍNAN UM TEIGSSKÓG

**8. nóvember 2005** Framkvæmd tilkynnt til Skipulagsstofnunar.

**Febrúar 2006** Skipulagsstofnun hafnar vegalagningu um Teigsskóg. Sá úrskurður er kærður til umhverfisráðherra.

**Janúar 2007** Umhverfisráðherra snýr við ákvörðun Skipulagsstofnunar og heimilar vegarlagningu. Sá úrskurður er kærður til dómstóla.

**Október 2009** Hæstiréttur úrskurðar að ákvörðun ráðherra skuli falla úr gildi.

**Júní 2011** Innanríkisráðherra á fund með hagsmunaaðilum á sunnanverðum Vestfjörðum.

**Júlí 2012** Tillaga að matsáætlun kynnt. Almenningur getur komið á framfæri athugasemdum. Vegna athugasemda við drög að tillögu er ákveðið í samráði við ráðherra að leggja fram nýja breytta veglínu um Teigsskóg.

**16. september 2014** Skipulagsstofnun hafnar tillögu að matsáætlun um nýja leið í gegnum Teigsskóg.

**17. september 2014** Vegagerðin ætlar sér að kæra niðurstöðu Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014

# Vegagerðin áfrýjar úrskurði

Vegagerðin hefur áfrýjað úrskurði Skipulagsstofnunar um að hafna veglínu um Teigsskóg. Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, gagnrýnir stefnu Vegagerðarinnar og telur áfrýjun ekki hjálpa málinu.

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin ætlar að kæra niðurstöðu Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu síðastliðinn þriðjudag að veglínan sem Vegagerðin lagði fram í tillögu að matsáætlun fylgdi að verulegu leyti fyrri útfærslum veglína sem lagðar voru fram í matsskýrslu árið 2005.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri telur eðlilegt að kæra þann úrskurð. Málið sé ein samfelld sorgarsaga og niðurstöðu þurfi að fá sem fyrst. „Sú veglína sem við bjóðum upp á er sú langöruggasta og hagkvæmasta sem til er. Við höfnum þeim rökum sem Skipulagsstofnun leggur fram og viljum láta reyna á þau. Þetta er búið að taka langan tíma. Nokkrir áfangar að bættum samgöngum um sunnanverða Vestfirði hafa verið kláraðir en enn er eftir síðasti áfanginn. Það er vissulega slæmt að vera ekki kominn með þetta mál lengra,“ segir Hreinn. „Nú er svo komið að þessi 20 kílómetra kafli sem eftir stendur mun líklega taka allt að fjögur ár í framkvæmd, með umhverfismati, hönnun og öllu því ferli sem veglínan þarf að fara í gegnum. Allar viðbótartafir leggjast við þann tíma.“

Ólína Þorvarðardóttir, varaþingmaður Samfylkingar í Norðvesturkjördæmi, telur það ekki hjálpa Vestfirðingum að fá bættar samgöngur um sunnanverða Vestfirði að kæra málið til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.



**Sú veglína sem við bjóðum upp á er sú langöruggasta og hagkvæmasta sem til er. Við höfnum þeim rökum sem Skipulagsstofnun leggur fram og viljum láta reyna á þau.**

*Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.*

„Svo virðist sem Skipulagsstofnun sé orðin þreytt á að stilla sér upp við vegg. Þannig ákveður stofnunin að veita Vegagerðinni leiðbeiningar í úrskurði sínum um endurupptöku í þessu máli. Vegagerðin hefur hins vegar ekki skoðað þau tilmæli um allar þær færu leiðir en ákveður að áfrýja úrskurðinum. Með því er vegagerðin að ýta þessum brýnu samgöngubótum inn í áframhaldandi pattstöðu. Að mínu mati verða menn að leita allra löglegra og færra leiða, áfrýjun er ekki ein þeirra,“ segir Ólína.

Hún telur réttast að leita endurupptöku málsins. „Vilji menn leið um Teigsskóg, þá er réttast að sækja um endurupptöku málsins. Í stað þess fara menn með málið inn í óleysanlegan hnút og á meðan streymir fjármagn í samgöngumálum í önnur, minna brýn verkefni, í öðrum kjördæmum.“



**TEIGSSKÓGUR** Hreinn Haraldsson vegamálastjóri telur eðlilegt að kæra úrskurð Skipulagsstofnunar vegna veglínunnar. MYND/EGILL AÐALSTEINSSON

Hreinn telur uppbygginguna á sunnanverðum Vestfjörðum vera af þeirri stærðargráðu að ekki sé hægt að bíða lengur með þessa brýnu samgöngubót. „Sú uppbygging á sunnanverðum Vestfjörðum kallar á bættar samgöngur við hringveginn, fyrir utan hina almennu kröfu íbúa um að komast í nútímavegasamband við aðra landshluta.“

sveinn@frettabladid.is

## Sérlög varasamt fordæmi frá Alþingi



**Ólína Þorvarðardóttir** telur sérlög um vegarlagningu um Teigsskóg ekki boðleg. „Ég vara við því að fara leið átaka og áfrýjunar frekar en að leysa málið. Það er hægt að leysa málið bæði með endurupptöku og ákveða að fara aðrar færar leiðir. Þessi dómstólaleið eða að þröngva málinu í gegn með sérstakri lagasetningu sem tæki úr sambandi almenna gildandi löggjöf um þetta tiltekna svæði tel ég varasamt fordæmi af Alþingi. Það yrði lagasniðganga af því tagi sem rannsóknarnefnd Alþingis gagnrýndi á sínum tíma enda gengi slík löggjöf þvert á anda gildandi löggjafar,“ segir Ólína.


# Inflúensu-bólusetningar

**Inflúensubólusetningar draga úr hættu á sýkingu þann vetur sem bólusett er.**

**Læknar og hjúkrunarfræðingar Vinnuverndar ehf. koma í fyrirtæki og bólusetja.**

**Fyrirhöfn starfsmanna er því í lágmarki.**



Vinnuvernd ehf.
Brautarholt 28
105 Reykjavík
s: 5780800
www.vinnuvernd.is
vinnuvernd@vinnuvernd.is

VINNUVERND ehf
vellíðan í vinnu


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**VÆTUTÍÐ** verður á landinu næstu tvo daga en svo má búast við þurru og nokkuð björtu veðri á laugardaginn. Þurrkurinn varir þó stutt því það ganga skil austur yfir landið á sunnudag með talsverðri rigningu og nokkrum vindi.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 29° | Friedrichshafen | 25° | New York | 23° |
| Aþena | 25° | Gautaborg | 19° | Orlando | 32° |
| Basel | 21° | Kaupmannahöfn | 19° | Ósló | 19° |
| Berlín | 23° | Las Palmas | 27° | París | 27° |
| Billund | 20° | London | 24° | San Francisco | 22° |
| Frankfurt | 23° | Mallorca | 31° | Stokkhólmur | 17° |




**Á MORGUN** Fremur hægur vindur víðast hvar, minnkandi úrkoma.




**LAUGARDAGUR** Strekkingur á NA-horninu annars fremur hægur vindur.

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður




**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# TÍSKUDAGAR

18.–21. SEPTEMBER






## TÍSKUTÍMARIT

**NUDE MAGAZINE OG SMÁRALINDAR ER KOMIÐ ÚT**

Fáðu þitt fría eintak í Smáralind eða skoðaðu blaðið á **Smaralind.is**

## TÍSKUSÝNING

**LAUGARDAGINN 20. SEPT. KL. 15**

Kynntu þér nýjustu strauma í fatnaði og förðun

SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11–19 FIMMTUDAGA 11–21 LAUGARDAGA 11–18 SUNNUDAGA 13–18 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða planta verður sett á lista yfir ágengar plöntur í Mosfellsbæ?
**2.** Hve margar Hallgrímskirkjur myndi nýja hraunið úr eldstöðinni í Holuhrauni fylla?
**3.** Hvenær keypti Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingar, síðast ísskáp?

**SVÖR:**

**1.** Risahvönnin bjarnarkló. **2.** 8.300 til 10.400 Hallgrímskirkjur. **3.** Árið 2001.

Furðumargir Bandaríkjamenn hafa reynt að komast inn í einræðisríkið:

# Reyndi að synda til N-Kóreu

**NORÐUR-KÓREA, AP** Á þriðjudagskvöldið reyndi Bandaríkjamaður að synda til Norður-Kóreu frá Suður-Kóreu yfir á, sem liggur á milli landanna. Landamæraverðir sunnan megin björguðu honum þar sem hann var við það að gefast upp á sundinu í miðri á.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Bandaríkjamenn reyna að komast yfir til Norður-Kóreu. Sumir hafa komist þangað og verið handteknir. Sumir síðan dæmdir til langrar fangelsisvistar.

Á sunnudaginn var ungur Bandaríkjamaður dæmdur til sex ára vistar í þrælkunarbúðum í N-Kóreu fyrir njósnir. Hann komst reyndar löglega inn í landið með farþegarútu, en reif vegabréfið sitt eftir að hann var kominn yfir.

Ólíkar ástæður virðast liggja að baki þessari þörf Bandaríkjamanna til að komast inn í landið. Sumir vilja boða þar trú, aðrir eru óánægðir með tilveruna í Bandaríkjunum. Sumir eiga við geðræn vandamál að stríða. - gb



**SEX ÁR Í ÞRÆLABÚÐUM** Matthew Miller reif vegabréfið sitt eftir að hafa komist yfir landamærin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Laxeldisfélag fær inngöngu:

# Fjarðalax í vistvæn samtök

**LAXELDI** Laxeldisfyrirtækið Fjarðalax hefur fengið inngöngu í Global Salmon Initiative, samtök laxeldisfyrirtækja sem sérhæfa sig í sjálfbærri og umhverfismildri ræktun. Meginástæða þess að Fjarðalax fékk inngöngu er sú að fyrirtækið stundar eingöngu kynslóðaskipt sjókvíaeldi, gefur ekki sýklalyf og stefnir að innleiðingu ýtrustu umhverfisstaðla í samræmi við kröfur samtakanna, segir í tilkynningu frá Fjarðalaxi. - ih






**HOLUHRAUN** Tvennum sögum fer af því hvort eldgosið í Holuhrauni sé að lognast út af, og mælingar styðja það ekki. MYND/FREYSTEINNJARÐVÍSINDASTOFNUN

# Skjálftarnir frá upphafi rúmlega 20.000

Ekkert bendir til þess að eldgosinu í Holuhrauni sé að ljúka á næstunni. Þvert á móti er virknin stöðug. Hraunið stækkar jafnt og þétt í jöfnu hraunrennsli. Á þriðja tug jarðskjálfta hafa mælst stærri en 5,0 stig og allir í Bárðarbungu.

**NÁTTÚRA** „Það er allt of snemmt að tala um að eldgosið sé í rénun, það á sér enga stoð í mælingum sem gefa þvert á móti til kynna að allt sé óbreytt. Það er ekkert sem bendir til þess að sprungan sem gýs úr núna sé að lokast,“ segir Páll Einarsson, prófessor í jarðeðlisfræði, um gang eldgossins í Holuhrauni. „Í könnunarflugi í gær [þriðjudag] sást að hún er lífleg, hraunáin sem rennur frá gosinu sem bætir við flatarmálið og er sjálfsagt að þykkja það líka.“

Á fundi vísindamannaráðs Almannavarna í gær kom fram að mælingar sýna að hraunbreiðan í Holuhrauni heldur áfram að stækka, og engin merki eru um minnkandi hraunframleiðslu. Nýjar hrauntungur hafa runnið úr hraunbreiðunni síðustu sólarhringa.

Allt er því við það sama; askja Bárðarbungu heldur áfram að síga um 50 sentímetra á sólarhring og skjálftavirkni er töluverð. Í gær mældust sjö skjálftar stærri en 3,0 stig í Bárðarbungu. Þeir stærstu voru 5,4 og 4,8 stig á þriðjudagskvöld. Smærri skjálftar mældust í Dyngjujökli og norðurhluta berggangsins.

Veðurstofa Íslands hefur birt samantekt á jarðskjálftavirkninni fyrir þann mánuð sem jarðhræringarnar hafa staðið; en skjálftavirkni í Vatnajökli hófst 16. ágúst. Þar kemur fram að áætla megi að um 20.000 jarðskjálftar hafi orðið á svæðinu þessa 30 daga, eða yfir 600 skjálftar á sólarhring að meðaltali.

## Mengun hefur ekki mikil áhrif á villt dýr

Ekki eru taldar miklar líkur á að fuglar eða hreindýr skaðist vegna eiturefna í gosmekkinum sem berst frá eldgosinu í Holuhrauni.

Skarphéðinn Þórisson, sérfræðingur hjá Náttúrustofu Austurlands, segir að þar sem styrkurinn verður mestur gæti það valdið ertingu í augum og öndunarfærum dýra tímabundið, en líklega sé það ekkert til að hafa áhyggjur af.

„Þess ber þó að geta að vegna fárra mælistaða er ekki fullljóst hvað styrkur brennisteinsins hefur farið upp í þar sem hann hefur safnast fyrir í dölum vestan Austfjarðanna. Sævar Guðjónsson á Mjóeyri, hreindýraleiðsögumaður, taldi að hugsanlega hefðu dýr við Grænafell í Reyðarfirði hlaupið á topp fjallsins til að komast úr blámóðunni þegar styrkurinn var hæstur.“

Skarphéðinn segir ekkert hafa komið fram sem bendi til þess að blámóðan hafi haft áhrif á fugla eins og t.d. heiðagæs, enda sé hluti hennar nú þegar búinn að yfirgefa landið.

Þeir skjálftar sem hafa mælst yfir 5,0 stig eru 24 talsins og hafa allir mælst í Bárðarbungu sjálfri.

Heildarfjöldi skjálfta á landsvísu eru um 25.000, en þegar engir sérstakir atburðir eru eins og nú í og við Vatnajökul, er árlegur fjöldi jarðskjálfta á landinu 10-15.000.

Helsta breytingin er að GPS-mælingar sýna óreglulegar jarðskorpuhreyfingar síðustu daga. Þessi merki geta verið vísbendingar um að kvikuflæðið undir Bárðarbungu sé að breytast, segir í gögnum frá fundi vísindamannaráðs.

Páll segir, aðspurður um þýðingu þessa, að of snemmt sé að lesa eitthvað í þessar mælingar, en hins vegar séu þær allrar athygli verðar.

Halldór Björnsson, fagstjóri veður- og loftslagsrannsókna hjá Veðurstofunni, hélt fyrirlestur um gosmökkinn frá Holuhrauni á þriðjudag. Í máli hans kom m.a. fram að verulegt magn af gasi berist frá hrauninu og skýrði að hluta til þá mengun sem hefur gert fólki lífið leitt á Norður- og Austurlandi.

svavar@frettabladid.is



**Það er ekkert sem bendir til þess að sprungan sem gýs úr núna sé að lokast.**

*Páll Einarsson, prófessor.*






# TAX FREE DAGAR



AFNEMUM
VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM**
**BARNAFATNAÐI**
18.-22. SEPTEMBER

*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

# Er danska leiðin sú rétta?

**Opin ráðstefna í Hörpu um íslenskan íbúðalánamarkað.**

Staða húsnæðismála og hugmyndir um breytingar.

Silfurberg, fimmtudaginn 25. september kl. 8.30 - 11.00.



**Dagskrá** #danskaleidin

**Fundur settur**
Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans.

**Viðhorf fólks á aldrinum 20-40 ára**
Gísli S. Ingólfsson, ráðgjafi hjá Capacent.

**Kallar staðan á fasteignamarkaði á grundvallarbreytingar?**
Ari Skúlason, Hagfræðideild Landsbankans.

**Er danska kerfið lausn fyrir Ísland?**
Jens Lunde, prófessor við Copenhagen Business School.

**Danska leiðin er sú rétta!**
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

**Lausnir hæfi litlum markaði**
Stefán Halldórsson, starfsmaður sérfræðingahóps Landssamtaka lífeyrissjóða.

**Nýjar tillögur um framtíðarskipan húsnæðismála**
Soffía E. Björgvinsdóttir, formaður verkefnisstjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála.

**Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.15.**
**Skráning fer fram á landsbankinn.is.**

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




**HELSINKI** Fjórmenningarnir eru grunaðir um tengsl við hryðjuverkasamtök. NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrsta hryðjuverkaákæran gefin út í Finnlandi:

# Fjórir voru ákærðir

**FINNLAND** Ríkissaksóknari í Finnlandi hefur gefið út hryðjuverkaákæru á hendur fjórum mönnum, en þetta er sú fyrsta sinnar tegundar í sögu landsins.

Fjórmenningarnir eru grunaðir um að hafa sent háar fjárhæðir til hryðjuverkasamtakanna al-Shabaab í austurhluta Afríku.

Í ákærunni kemur fram að fjórmenningarnir hafi safnað saman fleiri þúsundum evra á árunum 2008 til 2011. Samkvæmt vefsíðunni Hbl.fi er einn jafnframt grunaður um að hafa safnað nýjum liðsmönnum fyrir hryðjuverkasamtökin með það að markmiði að þeir fremji hryðjuverk. - aí



**VILL FINNA LAUSN** Hjálmar Sveinsson, formaður Umhverfis- og skipulagssviðs, segist ekki sjá aðra lausn en að unnið verði nýtt deiliskipulag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Deila vegna Veghúsastígs 1 öll í hnút

Formaður Umhverfis- og skipulagssviðs vill láta gera nýtt deiliskipulag í samvinnu við eigendur Veghúsastígs 1. Borgin mun fá hlutlausan aðila til að meta húsið. Húsið og gamli steinbærinn við Klapparstíg verði gerðir upp.

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta mál hefur því miður verið í rembihnút allt of lengi. Það er afleitt fyrir alla. Ég sé ekki aðra lausn en að unnið verði nýtt deiliskipulag, í samvinnu við lóðareigendur auðvitað. Mín skoðun er sú að borgin eigi að setja þá skilmála að bæði Veghúsastígur 1 og gamli steinbærinn við Klapparstíg verði gerðir upp,“ segir Hjálmar Sveinsson, formaður Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um deilu Stefáns D. Guðjónssonar, fulltrúa eigenda Veghúsastígs 1, við Reykjavíkurborg. Eigendur hússins hafa ítrekað farið fram á að húsið verði rifið og segja það skapa slysahættu en Stefán segir húsið ónýtt eftir vatnsleka.

Stefán gagnrýndi borgina harðlega í Fréttablaðinu þann 13. september síðastliðinn.

Hjálmar segir gildandi deiliskipulag á horninu á Klapparstíg og Veghúsastíg vera frá 2004.

Hann segir eigendurna hafa sótt um breytingu á deiliskipulaginu frá 2004 í þá veru að steinbærinn sem er á samliggjandi lóð, og í eigu sömu aðila, yrði rifinn og byggt 7 íbúða fjölbýlishús sem næði alveg upp að Veghúsastíg. Því var synjað í september 2010 en sú afgreiðsla var kærð af eigendunum og liggur sú kæra enn hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og skipulagsmála.

Hann bætir við að vorið 2011 hafi meirihluti skipulagsráðs lagt fram bókun og stefnuyfirlýsingu þess efnis að ekkert yrði hikað við að beita dagsektum og öðrum þvingunarúrræðum, gagnvart eigendum niðurníðsluhúsa og -lóða, sinntu þeir ekki áskorun byggingarfulltrúa um úrbætur. Dagsektirnar gætu orðið allt að 50.000 krónum á dag.

> **Yfirlýsingin um dagsektir varð til þess að eigendur settu gler í glugga og máluðu það.**
> Hjálmar Sveinsson, formaður Umhverfis- og skipulagssviðs.

Hjálmar segir eitt af þeim húsum sem tekin voru sem dæmi um niðurníðsluhús vera Veghúsastíg 1. „Það hús var byggt 1899 og er aldursfriðað. Gildandi deiliskipulag verndar það enn þann dag í dag. Yfirlýsingin um dagsektir varð til þess að eigendur settu gler í glugga og máluðu það. Það kemur hins vegar ekki til greina að eigendur komist upp með að láta aldursfriðað hús grotna innan frá árum saman og krefjist svo þess að borgin leyfi þeim að rífa það og vitni í slökkviliðið um slysahættu.“

Aðsögn Hjálmars mun borgin nú fá hlutlausan sérfræðing til að kanna ástand hússins.

hannarut@frettabladid.is

# netto

SKRÁÐU ÞIG Á NETTO.IS/GRAENASKORUN

GRÆN ÁSKORUN HILDAR & netto




**KAKÓNIBBUR** 300G
1.298KR | 25% | **974**KR




**MYSUPRÓTEIN ISO** 544G
5.419KR | 25% | **4.064**KR




**BAUNAPRÓTEIN** 340G
1.798KR | 25% | **1.349**KR




**FRUIT&GREEN** 283G
4.399KR | 25% | **3.299**KR




**NATURATA VANILLUDUFT**
529KR | 25% | **397**KR



**HAMPOLÍA** 250ML
1.498KR | 25% | **1.124**KR



**HÖRFRÆOLÍA** 250ML
798KR | 25% | **599**KR

# heilsu & lífsstílsdögum



**TÚRMERIK** 50G
549KR | 25% | **412**KR



**HAMPFRÆ** 250G
655KR | 25% | **491**KR

## LÝKUR Á FÖSTUDAG!

## – KOMDU OG NÝTTU ÞÉR FRÁBÆRA AFSLÆTTI

**Nýtt korta-tímabil**

**25%**

**AFSLÁTTUR AF YFIR 1.500 HEILSU- OG LÍFSSTÍLSVÖRUM, Þ.Á.M. ÖLLUM VÖRUM FRÁ NEÐANGREINDUM VÖRUMERKJUM:**

**Prófaðu kókosvatn í drykkinn til að gefa honum náttúrulegan ferskleik-ablæ og gera hann ríkari af steinefnum**




**KÓKOSVATN** 200 ML
269KR | 25% | **202**KR



**HÖRFRÆ** 500G
305KR | 25% | **229**KR




ISOLA RÍS/MÖNDLUMJÓLK 1L
539KR | 25% | **404**KR




**HVEITIKÍM** 500G
329KR | 25% | **247**KR



**HAFNARFJARÐARHÖFN** Sjómenn úr bænum voru meðal þeirra sem fórust í Halaverðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fórnarlamba verði minnst:

# Minnisvarði um Halaveðrið

**MENNINGARMÁL** Bæjarminjavörður í Hafnarfirði hefur nú til skoðunar tillögu Erlends Eysteinssonar um að reistur verði veglegur minnisvarði í bænum í minningu þeirra sjómanna sem fórust í Halaveðrinu 1925. „Það var gríðarleg blóðtaka og áfall fyrir margar fjölskyldur og börn að missa föður sinn og fyrirvinnu í þessu óveðri,“ skrifar Erlendur til bæjaryfirvalda. Eysteinn segir Halaveðrið hafa verið illviðri sem brast skyndilega á og geisaði á Halamiðum út af Vestfjörðum 7. og 8. febrúar 1925.

Þar fórust togararnir Leifur heppni og Fieldmarshal Robertson með samtals 69 mönnum. - gar

**SIGLUFJÖRÐUR**

### Taka á flugvöllinn af skrá

Bæjarráð Siglufjarðar ætlar að boða stjórnendur ISAVIA til fundar vegna fyrirhugaðrar lokunar Siglufjarðarflugvallar sem taka á af skrá 16. október næstkomandi. Siglfirðingar vilja ræða um endurbætur og/eða frágang á húsnæði og flugbraut.

**AKRANES**

### Bankahús verði hótel

Bæjarráð Akraness hefur samþykkt að selja Landsbankahúsið á Suðurgötu 57 með þeim skilmálum að þar verði rekið hótel.




**SIGURVONIR** Sjálfstæðissinnar hafa verið í miklum ham undanfarna daga og vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**GORDON BROWN** Sjá má glitta í tvo fána frá já-sinnum skjótast fram á bak við nei-skiltin á kosningafundi með Gordon Brown í Glasgow í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Spennuþrunginn dagur

Skoðanakannanir í Skotlandi sýna það lítinn mun að úrslitin gætu farið á hvorn veginn sem er. Tilfinningar hafa stigmagnast en eftir daginn í dag verður ekki aftur snúið. Skotar greiða atkvæði um framtíð landsins.

**SKOTLAND** Mikill áhugi er meðal Skota á kosningunum í dag um sjálfstæði landsins. Reikna má með því að kosningaþátttakan verði með mesta móti, en alls hafa 97 prósent kosningabærra manna skráð sig til þátttöku.

Sitt sýnist samt hverjum og tilfinningarnar hafa magnast upp síðustu dagana. Þeir sem barist hafa fyrir sjálfstæði Skotlands sjá fram á að draumurinn geti loksins ræst, en margir geta varla til þess hugsað að segja skilið við Bretland.

„Ég vil ekki búa í landi þjóðernissinna,“ hefur AP-fréttastofan eftir Cathy Chance, sem starfar hjá bresku heilbrigðisþjónustunni í Edinborg. Hún segist staðráðin í að flytja burt fari svo að sjálfstæði verði samþykkt: „Ég held að veröldin þurfi ekki ein pólitísku landamærin til viðbótar.“

Roisin McLaren, háskólanemi í Edinborg, sem tekið hefur þátt í baráttu sjálfstæðissinna, segist í fyrsta sinn vera farin að trúa því að sjálfstæði geti orðið að veruleika.

„Fjölskylda mín hefur lengi barist fyrir sjálfstæði en það hefur alltaf verið fjarlægur draumur,“ segir hún. „Það er ekki fyrr en núna á síðustu dögum sem þetta virðist mögulegt, innan seilingar. Ég get næstum því bragðað á því.“

Gordon Brown, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, hefur verið áberandi í baráttunni gegn sjálfstæði. Hann er skoskur sjálfur og hefur mætt á hvern baráttufundinn á fætur öðrum síðustu daga og vikur.

„Þetta verður enginn aðskilnaður til reynslu,“ sagði hann á þriðjudaginn. „Þetta verður óhjákvæmilega subbulegur og dýr og dýrkeyptur og erfiður skilnaður.“

Alex Salmond, leiðtogi sjálfstæðissinna, er hins vegar í skýjunum þótt enginn geti fullyrt á hvorn veginn fari.

## Stefnt að sjálfstæði 24. mars 2016

Samþykki Skotar sjálfstæði í dag hafa þeir eitt og hálft ár til þess að undirbúa aðskilnaðinn frá Bretlandi. Stefnt er að því að nýtt ríki verði stofnað fimmtudaginn 24. mars árið 2016.

Undirbúningstímann þarf að nota til þess að semja við Breta um skiptingu skulda og auðlinda og eigna af ýmsu tagi. Einnig þarf að fást niðurstaða í gjaldmiðilsmálið, en Bretar hafa tekið dræmt í að leyfa Skotum að nota pundið áfram.

Fái sjálfstæðissinnar ósk sína uppfyllta er meiningin að fyrstu þingkosningar sjálfstæðs Skotlands verði haldnar 5. maí 2016, eða réttum sex vikum eftir sjálfstæði.

Hann gagnrýnir bresku stjórnina fyrir að spila á síðustu stundu út loforði um að Skotar fái meira sjálfstæði, þótt þeir kjósi gegn sjálfstæði.

„Þetta örvæntingarfulla tilboð um ekki neitt á síðustu stundu á ekki eftir að fá fólk í Skotlandi ofan af því að grípa þetta mikla tækifæri um að taka framtíð Skotlands í hendur Skotlands sjálfs,“ sagði hann á þriðjudaginn.

Skoðanakannanir hjálpa ekkert við að draga úr óvissunni, því þær sýna enn að afar mjótt verði á mununum. Nei-hliðin hefur að vísu nokkurra prósenta forskot í flestum skoðanakönnunum, en munurinn er engan veginn nógu afgerandi.

Úrslitin verða ekki ljós fyrr en líða tekur á næstu nótt, en óhætt er að segja að biðin eftir þeim verði spennu þrungin.

gudsteinn@frettabladid.is



# DEBENHAMS

## *Haustsprengja*



**25%** AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM

NEMA **20%** AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM

GILDIR ÚT SUNNUDAG

**OFURTILBOÐ**

BARA Í DAG

FIMMTUDAGINN 18. SEPT.

**40%** AF

VÖLDUM VÖRUM*




**40%** afsláttur af öllum kjólum frá Principles.




**40%** afsláttur af öllum kjólum frá Collection.




**40%** afsláttur af Maxi, 3 í pakka.



**40%** afsláttur af „mesh lace" brjóstahöldurum.

**40%** afsláttur af öllum dömutöskum.






**40%** afsláttur af öllum herra skyrtum frá Thomas Nash.




**40%** afsláttur af öllum barna úlpum fra Blue Zoo og Jasper Conran.




**40%** afsláttur af öllum Sputnik kuldagöllum frá Hulabalu.

*Á meðan birgðir endast

Finndu okkur á facebook

**NÝTT KORTATÍMABIL**
**OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

VERÐUR SKOTLAND SJÁLFSTÆTT RÍKI? SKOTAR GANGA AÐ KJÖRBORÐINU Í DAG

Ólöf Skaftadóttir olofs@frettabladid.is



**Það eru skiljanlega miklar tilfinningar í þessu og ég er ekki viss um að allir séu búnir að reikna dæmið til enda.**

*Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.*

# NEI Skiljanlega miklar tilfinningar sem spila inn í

**Birna Einarsdóttir nam við Edinborgarháskóla 1993 og kynntist þar eiginmanni sínum, dr. James Hine. Sjálf bjó hún í sex ár í Skotlandi, á enn annað heimili þar og fylgist áhugasöm með umræðunni. „Ég var í Edinborg um helgina og upplifði þá miklu umræðu og áhuga sem Skotar hafa á málinu. Fólk upplifir að tækifæri til að kjósa um örlög landsins kemur ekki oft á lífsleiðinni. Vinahópur minn er klofinn í afstöðu sinni. Ég hef heyrt að heilu matarboðin leysist upp vegna heitrar umræðu. Ég hef verið hugsi um hvernig Skotum takist að ná aftur saman eftir kosningar. Bæði Já- og Nei-herferðirnar hafa lagt áherslu á að Skotar verði að leggja þennan ágreining til hliðar og sættast um niðurstöðuna, hver sem hún verður. Ég segi við manninn minn að hvernig sem fer muni Skotar finna út úr þessu. Þeir eru rétt eins og Íslendingar vinnusamt og skemmtilegt fólk. Hann vill meina að Íslendingar séu duglegri – líklega til að gleðja mig. Ég er búin að segja honum að hann geti ekki verið á móti sjálfstæði Skota því þá verði hann kallaður „andskoti“ hér á landi!“**

### Gjaldmiðillinn

*Hvað gerist ef Skotland segir sig úr myntbandlagi við Stóra-Bretland? Westminster-leiðtogar hafa sagt að pundið standi sjálfstæðu Skotlandi ekki til boða.*

„Það á eftir að koma í ljós hvað Westminster gerir þegar á reynir. Þetta er án efa það sem flestir hafa áhyggjur af. Jafnframt hversu langan tíma tæki að fá aðild að ESB og evrunni. Það er mikill stuðningur fyrir því þó svo að myntbandalag um pundið sé fyrsti kostur.“

### Auðlindir

*Af hverju ættu fimm milljónir Skota ekki að geta rekið sjálfstætt ríki?*

„Yfir helmingur þjóðartekna Skota kemur úr opinbera geiranum. Skotar hafa notið lægri háskólagjalda og betri heilbrigðisþjónustu en restin af Bretlandi. Auðvitað eru Nei-kjósendur hræddir um að fimm milljónir Skota gætu ekki staðið undir því. Bent er á að tekjur af olíu eru minni en framlag til opinberrar þjónustu en ég hef ekki skoðað það nánar. Þá er rætt um að olíuauðlindirnar séu ekki endalausar.“

### Aukið sjálfstæði

*Westminster-leiðtogar hafa lofað auknu sjálfstæði ef Skotar segja nei – fá þeir þá ekki alla kosti sjálfstæðis án þess að taka áhættuna sem því fylgir að slíta sig frá Stóra-Bretlandi?*

„Skotar hafa notið forréttinda í gegnum skoska þingið sem t.d. Wales horfir öfundaraugum á, sbr. háskólagjöldin og heilbrigðisþjónustuna.“

*Já-sinnar lýsa yfir áhyggjum vegna þess að Westminster-leiðtogar segja ekkert um hvernig þeir ætli að framfylgja loforðinu.*

„Ég held að þeim verði ekkert gefið eftir í því að standa við sín loforð.“

### Tvær fylkingar

*Svo virðist sem almenningur og ungt fólk styðji sjálfstætt Skotland, en Westminster-ríkisstjórnin, pólitísk elíta og fjársterkir aðilar ekki. Gæti það verið vísbending um að efri stéttir séu úr tengslum við almenning?*

„Líklega eru fjársterkari aðilar hræddir við að þurfa að borga hærri skatta til að viðhalda því heilbrigðis- og menntakerfi sem Skotar búa við í dag.“

*Finnst þér rökin með sjálfstæði aðallega vera tilfinningarök?*

„Það eru skiljanlega miklar tilfinningar í þessu. Ég er ekki viss um að allir séu búnir að reikna dæmið til enda. Ýmsir vinir mínir sem ætla að segja já segja þó: Ég veit að við verðum fjárhagslega verr sett en ég vil frekar sjálfstæði.“

### Menning

*Hvert myndi sjálfstætt Skotland halla sér?*

„Að Evrópu allri, held ég. Talað er um samlegð með Norðurlöndum – auðvitað bera sjálfstæðissinnar sig oft saman við Norðurlandaþjóðir. Sjálfri finnst mér menning Skota og viðhorf ólík þeirra. Skotar njóta þess besta úr báðum heimum. Það eru fáar þjóðir með jafn sterka þjóðarvitund og stolt eins og Skotar. Skemmtilegar hefðir, skotapilsin, Robert Burns, sekkjapípur og viskí. Um leið er Skotland hluti af stærri efnahagslegri heild.“



**Ég gæti trúað að þetta yrði vítamínsprauta í öllum þáttum skosks þjóðlífs.**

*Daði Kolbeinsson, óbóleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands.*

# JÁ Skotar hugsa öðruvísi en Englendingar

**Daði Kolbeinsson, áður Duncan Campbell, fæddist og ólst upp í Skotlandi. Árið 1973 réðst hann til Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem uppfærsluóbóleikari og hefur verið leiðandi óbóleikari síðan árið 2000. Hann er kvæntur Sesselju Halldórsdóttur víóluleikara. „Ég kom til Íslands daginn eftir gosið í Eyjum. Ég fylgist alltaf mikið með því sem er um að vera í Skotlandi og ég er Já-maður! Kveikjan að þessu núna er hvað Skotar hafa verið ósammála ákvarðanatökum í Westminster síðastliðin ár. Um leið og Thatcher komst til valda og England byrjaði að hallast til hægri varð til óánægja. Skotar hugsa öðruvísi en Englendingar. Það er ekki þessi peningahyggja. Svo kemur rómantíkin líka inn í þetta hjá okkur sem viljum sjálfstætt Skotland. Það er mikil slagsíða á skoðunum Skota í Stóra-Bretlandi almennt. Þegar maður horfir á pólitík í Skotlandi er einn þingmaður kosinn fyrir Íhaldsflokkinn frá Skotlandi, af 59, og íhaldsmenn sem stjórna landinu. Skotar eru almennt miklu lengra inni á miðju eða til vinstri í sínum skoðunum.**

### Gjaldmiðillinn

*Hvað gerist ef Skotland segir sig úr myntbandlagi við Stóra-Bretland? Westminster-leiðtogar hafa sagt að pundið standi sjálfstæðu Skotlandi ekki til boða.*

„Ég held að þeir í Westminster geti ekki ráðið því. Það eru lönd sem hafa tekið upp bandaríska dollarann án þess að spyrja kóng eða prest, til dæmis lönd í Suður-Ameríku. Það er mjög erfitt að koma í veg fyrir það að Skotland noti pundið. Þetta er skoska pundið líka, ekki bara þeirra. Þeir geta auðvitað gert okkur erfitt fyrir með viðskiptahömlum, en ég er ekki viss um að þeir geri það – þeir hóta því, en ég er ekki viss þegar á hólminn er komið.“

### Aukið sjálfstæði

*Westminster-leiðtogar hafa lofað auknu sjálfstæði ef Skotar segja nei – eru það ekki allir kostir þess að öðlast sjálfstæði án þess að taka áhætturnar sem því fylgja að slíta sig frá Stóra-Bretlandi?*

„Það má segja það – ef loforðin ganga eftir. Það eru sennilega margir sem vilja ekki taka áhættu og segja já við sjálfstæði. En það hefur verið kosið áður og þá voru mörg loforð en á endanum rættist ekki úr neinu. Það er hægt að lofa öllu fögru en það er þingið sem tekur ákvarðanir og þingmenn geta haft aðrar skoðanir en leiðtogarnir.“

### Tvær fylkingar

*Svo virðist sem almenningur og ungt fólk styðji sjálfstætt Skotland, en Westminster-ríkisstjórnin, pólitísk elíta og fjársterkir aðilar ekki. Gæti það verið vísbending um að efri stéttir séu úr tengslum við almenning?*

„Það hefur komið út úr skoðanakönnunum að háskólamenntaðir hafa meiri tilhneigingu til þess að vera fylgjandi sjálfstæði, ásamt ungu fólki og fólki sem á lítið eða hefur engra hagsmuna að gæta. Fólk sem tapar engu, því það á ekkert. En peningaöflin hafa sterkar skoðanir á þessu og það hefur komið greinilega fram. Flest stóru fyrirtækin segja sjálfstæði mikil mistök, en þó sagði British Airways að sjálfstætt Skotland væri hið besta mál. Það gæti verið af því að Alex Salmond, leiðtogi Já-hópsins, hefur lofað að lækka lendingargjöld,“ segir Daði og hlær. „Westminster-ríkisstjórnin er úr takti og tengslum við almenning í Skotlandi. Það er klárt mál.

*Finnst þér rökin með sjálfstæði aðallega vera tilfinningarök?*

„Þetta er dálítil rómantík. Þetta er ekki fólk sem á peninga, það hugsar meira um hreinræktaða pólitík eða rómantíserar sjálfstætt Skotland.“

### Menning

*Hvert myndi sjálfstætt Skotland halla sér?*

„Ég held að sjálfstætt Skotland myndi reyna að efla tengsl við Norðurlönd. Ég gæti líka trúað að þetta yrði vítamínsprauta í öllum þáttum skosks þjóðlífs. Menn yrðu varari við allt skoskt, en eins og þetta er núna er það bara fyrir túrista. Að öðru leyti sérðu ekki mun á Englandi og Skotlandi. Það held ég að myndi breytast, því við eigum mikla menningu og mikinn mannauð.“


Kvef?

Otrivin Comp - gegn nefstíflu og nefrennsli




Otrivin® Comp

Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipratrópíumbrómið. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrútinnar nefslímhúðar) og nefrennslis af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xýlómetazólínhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjusjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.




**Kynnum glæsilega nýja haustliti og nýjan farða frá Dior 18.-24. september í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Garðabæ, Holtagörðum og Akureyri. 20 % afsláttur af Dior farða, falleg gjöf fylgir kaupum.**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


Fegurðin kemur að innan
Einstakur jarðsjór Bláa Lónsins kemur af 2.000 metra dýpi og á ferðalagi sínu í gegnum jarðlögin blandast hann kísli, þörungi og steinefnum.
Bláa lónið er eitt af undrum veraldar og vísindamenn okkar hafa stundað rannsóknir og þróunarvinnu í áratugi. Einstök innihaldsefnin sem unnin eru úr jarðsjó lónsins eru einkaleyfisvarin og unnin í fullkomnu samspili við náttúruna, þar sem sjálfbær vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.
Blue Lagoon húðvörulínan er afurð þessarar rannsóknarvinnu og styrkir efsta varnarlag húðarinnar. Þær eru þín gátt að tímalausri fegurð, heilbrigði og vellíðan.
Einstakt samspil náttúru og vísinda
BLUE LAGOON
ICELAND


Döðlur.




**MÓTMÆLI Í BANGLADESS** Mótmælendur flýja undan lögreglunni í Dhaka, höfuðborg Bangladess. Lögreglan notaði bæði táragas og þrýstivatnsbyssur til að dreifa mannfjöldanum, sem var að mótmæla dauðadómi yfir Delwar Hossain Sayedee. Hann hlaut dóminn fyrir fjöldamorð, nauðganir og önnur voðaverk í níu mánaða stríði við Pakistan árið 1971. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**ÞVOTTURINN ÞVEGINN Á INDLANDI** Þvottamenn að störfum á bökkum árinnar Gomti í Lucknow á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# ÁSTAND HEIMSINS







**EKKERT ELDGOS Í SVISS** Fjallgöngumenn tóku með sér kyndla upp á Matterhorn í Sviss á þriðjudaginn í tilefni þess að brátt eru liðin 140 ár frá því tindurinn var klifinn í fyrsta sinn. Engu er líkara en eldgos sé hafið í fjallinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**BÆNIRNAR FJARLÆGÐAR ÚR GRÁTMÚRNUM** Shmuel Rabinovitch rabbíni og aðstoðarmenn hans hreinsa bænamiða úr Grátmúrnum í Jerúsalem, en löng hefð er fyrir því að fólk skrifi bænir á miða og stingi inn í rifur á múrnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**HERMENN GANTAST Í MEXÍKÓBORG** Liðsmenn í fallhlífasveit Mexíkóhers hlaupa með félaga sinn á öxlunum skömmu áður en þeir tóku þátt í hátíðarhöldum vegna fullveldisdags landsins. 240 ár eru liðin frá því að Mexíkó varð sjálfstætt ríki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
Kommóða 79.900,-
Bókahilla 179.900,-
Glerskápur (brúnn/hvítur) 159.900,-
FALLEGT
18.-21. SEPT • 50% AFSLÁTTUR AF PÚÐUM
50%
PÚÐAR
50% afsláttur
dagana 18.–21. sept.
Hár glerskápur 199.900,-
ANTON&BERGUR
Full búð
af smávörum
sem gera
heimilið fallegt
3fyrir2
á kertum
Snyrtiborð 99.900,-
Kommóða (hvít/brún) 79.900,-
Skenkur 149.900,-
18.-21. SEPT • 50% AFSLÁTTUR AF PÚÐUM
50%
the PIER
Litríkir púðar
sem fegra heimilið
50% afsláttur
dagana 18.–21. sept.
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Helmingur þjóðarinnar er mjög jákvæður gagnvart menningarnótt samkvæmt nýrri könnun Gallup:

# Þriðjungur þjóðarinnar tók þátt í hátíðinni

Jákvæðni gagnvart menningarnótt hefur farið vaxandi undanfarin ár og eftir síðustu hátíð í ágúst er leið sagðist tæplega helmingur vera mjög jákvæður gagnvart hátíðinni en 76 prósent landsmanna voru mjög og frekar ánægð.

Þetta kemur fram í nýrri könnun frá Gallup en ánægja með menningarnótt hefur verið mæld frá árinu 2006.

Þriðjungur þjóðarinnar tók þátt í menningarnótt í ár sem er töluverð aukning frá því í fyrra þegar fjórðungur tók þátt. Þátttaka frá árinu 1999 hefur verið frá rúmum tuttugu prósentum og alveg upp í 39,3 prósent árið 2011.

Einar Bárðarson, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, segir að vaxandi ánægja og þátttaka þjóðarinnar í menningarnótt sé tilkomin vegna sameiginlegrar vinnu allra sem komið hafa að hátíðinni.

„Með hverri menningarnótt bætist í reynslubankann og undanfarin nítján ár hafa hundruð manna lagt þar ríkulega inn. Það á við um listafólk sem leggur til viðburði, öryggisaðila sem koma að skipulagningu á öryggi og aðgengi, fyrirtæki sem leggja til fjárhagslegan stuðning, fyrrverandi og núverandi starfsfólk á Höfuðborgarstofu og öðrum sviðum Reykjavíkurborgar auk fjölda annarra samstarfsaðila.“ segir Einar en á næsta ári fagnar menningarnótt 20 ára afmæli. - ebg



**Með hverri menningarnótt bætist í reynslubankann og undanfarin nítján ár hafa hundruð manna lagt þar ríkulega inn.**

*Einar Bárðarson, forstöðumaður Höfuðborgarstofu.*



**FLUGELDAR Á MENNINGARNÓTT** Samkvæmt könnun Gallup lagði þriðjungur þjóðarinnar leið sína í miðborgina á menningarnótt 23. ágúst síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**GANGBRAUT VIÐ HÓLABREKKUSKÓLA** Gönguleiðir í skólann eru með besta móti. MYND/FÍB

Vel merktar í Breiðholti:

## Verðlauna góðar gönguleiðir

Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) afhendir Hólabrekkuskóla í Breiðholti viðurkenningu félagsins í dag fyrir vel skilgreindar og vel merktar gönguleiðir fyrir skólabörnin í næsta nágrenni skólans.

Afhendingin er lokapunktur fyrsta áfanga gangbrautaverkefnis FÍB sem snýst um að kanna gönguleiðir skólabarna um land allt, hversu góðar og öruggar þær eru og hvar þörf sé á úrbótum.

Hefur verkefnið leitt til fjölmargra endurbóta víða sem stuðla að bættu öryggi barna á leið í og úr skóla. - ebg

Mótmæla kröfu um skilríki:

## Mæta með penna í hendi

Hagsmunasamtök heimilanna taka undir með Neytendasamtökunum og mótmæla þeirri kröfu stjórnvalda að umsækjendur skuldaleiðréttingar geti ekki samþykkt ráðstöfunina nema með rafrænum skilríkjum.

Segir í tilkynningu frá samtökunum að veflykill sá sem notaður hafi verið til að sækja um skuldaleiðréttingu ætti að vera nothæfur til að staðfesta aðgerðina, enda hafi veflykillinn þótt nægilega öruggur og verið notaður um árabil við gerð skattframtala.

Einnig hvetja Hagsmunasamtök umsækjendur um skuldaleiðréttingu til að mæta einfaldlega til ríkisskattstjóra með penna í hendi og undirrita samþykki fyrir skuldaleiðréttingu með bleki. - ebg



**Á HJÓLI** Andri Sigurðsson, formaður Stúdentafélags HR, hefur hjólað í skólann síðustu daga til að taka þátt í samgönguvikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Umbuna nemendum sem koma ekki á bíl

Nú þegar Evrópsk samgönguvika er í fullum gangi hvetur Háskólinn í Reykjavík nemendur til að skilja bílinn eftir heima eða samnýta ferðir á bílum. Stúdentafélagsmeðlimir eru á vaktinni á morgnana og fylgjast með samgöngumáta HR-inga.

„Undanfarna morgna höfum við verið með fólk við strætóskýlið, hjóla- og bílastæðin til að fylgjast með samgöngum nemenda,“ segir Andri Sigurðsson, formaður Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík.

Þessa vikuna tekur HR þátt í Evrópskri samgönguviku og er markmiðið að draga úr notkun nemenda á einkabílnum og auðvelda samgöngur í og úr skólanum. Allir sem koma í skólann þessa vikuna á hjóli, gangandi, í strætó eða margir saman í bíl fá happdrættismiða. Síðan er daglega dreginn út veglegur vinningur í hádeginu.

„Þeir sem koma tveir saman í bíl fá ekki happdrættismiða en þeir fá að leggja í bílastæði nálægt skólanum. Þeir sem eru einir í bíl fá bílastæðin sem eru lengst í burtu,“ segir Andri og bætir við að strax sjáist árangur af átakinu. „Það eru fleiri í strætó og fleiri hjól eru á stöndunum fyrir utan skólann.“

Andri vonast til að átakið verði til þess að það dragi úr notkun einkabíla í kringum skólann enda skapist oft umferðaröngþveiti á morgnana og klukkan fjögur þegar skóla lýkur.

„Það er oft stífla héðan frá skólanum og út á Bústaðaveg. Svo erum við að þrýsta á borgina að fá í gagnið skutlu sem gæti farið á milli BSÍ og skólans og þannig auðvelda umferð hingað að skólanum,“ segir Andri og bendir á að strætósamgöngur í skólann séu ekki nægilega góðar. „Hingað gengur aðeins ein strætóleið og það á hálftímafresti. Þar að auki passar hún illa við tímatöflur annarra leiða þannig að farþegar þurfa yfirleitt að bíða í að minnsta kosti korter ef þeir þurfa að skipta um vagn. Það er kannski ekki nógu góð hvatning til að fólk taki vagninn.“

Yfirskrift Evrópsku samgönguvikunnar þetta árið er Okkar götur, okkar val og er til þess fallin að hvetja til umhugsunar um hvernig borg við viljum búa í. Litið er á átakið í HR sem gott tækifæri fyrir nemendur að hugsa hvernig þeir vilji að svæðið þróist eftir því sem skólinn stækkar og nemendum fjölgar.

„Nemendur geta líka látið að sér kveða í samfélagslegri ábyrgð með því að taka þátt. Önnur markmið með átakinu eru að sporna við slæmri þróun í loftlagsmálum, svo að ekki sé minnst á jákvæð áhrif á heilsufar og sparnað.“

erlabjorg@frettabladid.is

**Þeir sem koma tveir saman í bíl fá ekki happdrættismiða en þeir fá að leggja í bílastæði nálægt skólanum. Þeir sem eru einir í bíl fá bílastæðin sem eru lengst í burtu.**

*Andri Sigurðsson, formaður Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík.*



**ÍSLENSKA LOPAPEYSAN** Tengsl lopapeysunnar við íslenska arfleifð er meðal þess sem skoðað er. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kallað eftir upplýsingum:

## Vill vita allt um lopapeysuna

Ásdís Jóelsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, vinnur að rannsóknarverkefni um uppruna, hönnun og þróun íslensku lopapeysunnar ásamt tengslum hennar við íslenska arfleifð.

Málþing verður haldið í Bókasafni Mosfellsbæjar á laugardaginn næstkomandi þar sem Ásdís mun greina frá verkefni sínu og kallar hún eftir upplýsingum frá almenningi. Óskar hún m.a. eftir peysum og ljósmyndum. - ebg



**UNGLINGSSTÚLKUR** Á kynningarvikunni verður sjónum beint að stöðu unglingsstúlkna í þróunarríkjum. MYND/GUNNISAL

Samkeppni á vegum ÞSSÍ:

## Myndbönd um sterkar stelpur

Í október verður kynningarvika um stöðu unglingsstúlkna í þróunarríkjum.

Af því tilefni efna Þróunarsamvinnustofnun og frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu til myndbandasamkeppni sem allir átján ára og yngri geta tekið þátt í.

Þemað er sterkar stelpur, sem þýðir stelpur sem eru ekki ósýnilegar, tilheyra sjálfum sér, hafa rödd og beita henni, eru merkilegar, klárar og eiga risastóra drauma. - ebg

LYFJA
- Lifið heil

20% afsláttur
Gildir út september.

Nicorette
Fruitmint, forðaplástrar og innsogslyf.
Allar pakkningar og styrkleikar.




www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

Allt Airfree - 20% afsláttur - frá 19.800 kr.




Airfree lofthreinsitæki 50 m² AIR-P125

Verð áður 49.750 kr. **39.800 kr.**




Shiatsu þrýstifótanudd HOM-FMSGAH

Verð áður 22.950 kr. **17.213 kr.**

Allir A&D mælar - 25% afsláttur




Blóðþrýstingsmælir - Áreiðanleikaprófaður AND-UA651

Verð áður 9.750 kr. **7.313 kr.**




Baðvog gler svört HOM-9069BKR

Verð áður 4.950 kr. **3.713 kr.**




Hálsnudd Shiatsu HOM-NMS250

Verð áður 13.950 kr. **10.463 kr.**

Öll rakatæki - 25% afsláttur




Rakatæki Mini AOS-U7146

Verð áður 8.450 kr. **6.338 kr.**




Compression hlaupasokkar BAU-291801730035

Verð áður 7.950 kr. **6.360 kr.**




Nálastungudýna SHA-TESH01

Verð áður 9.750 kr. **7.313 kr.**

> Verslaðu á vefnum > Frí sending að 20 kg > 1 árs skilaréttur

Eirberg

LOKADAGAR

# Útsala 20%-60%

Opið virka daga kl. 9 - 18 • og á laugardögum kl. 11 - 15 • Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Öll HoMedics nuddtæki – 25% afsláttur




Nuddpúði með gelhausum HOM-SP1000

Verð áður 19.750 kr. **14.813 kr.**




Vatnsfylltur heilsukoddi H2O MFL-1210

Verð áður 9.750 kr. **7.800 kr.**




Nuddsæti Gel herðar og bak HOM-SGM606H

Verð áður 49.750 kr. **37.313 kr.**




Nuddsæti Shiatsu bak með geli HOM-SGM425H

Verð áður 35.950 kr. **26.963 kr.**




Cellulite nuddtæki HOM-ELMCELL100

Verð áður 9.750 kr. **7.313 kr.**

Allar öryggismyndavélar – 30% afsláttur




Foscam öryggismyndavél FOS-FI9821WS

Verð áður 29.750 kr. **20.825 kr.**

Úrval af gigtarhönskum á tilboði




IMAK gigtarhanskar IMA-A2017

Verð áður 4.950 kr. **3.960 kr.**




Spjaldtölvustandur Deluxe BOH-33768

Verð áður 29.750 kr. **22.313 kr.**

Yfir 400 vörunúmer á útsölunni – Vörur sem efla heilsu og auka lífsgæði

**NEYTANDINN**
**Svavar Pétur Eysteinsson tónlistarmaður**

## Stingsögin dugði í aðeins einn dag

Tónlistarmaðurinn Svavar Pétur Eysteinsson úr hljómsveitunum Skakkamanage og Prins Póló nefnir Fender Bullet-rafmagnsgítar sem bestu kaupin sín.

„Ég keypti hann notaðan í Hljóðfærahúsinu árið 1995 á tuttugu þúsund krónur. Ég hef ekki þurft annan rafmagnsgítar síðan þá,“ segir Svavar Pétur en lagið París norðursins með Prins Póló úr samnefndri kvikmynd hefur slegið í gegn að undanförnu og meðal annars komist í efsta sæti vinsældalista Rásar 2.

Spurður út í verstu kaupin segir hann að stingsög sem hann keypti um daginn komist þar án nokkurs efa efst á blað.

„Hún dugði þann daginn og síðan ekki meir. Kannski ekki dýrasta sögin í búðinni en ákveðin sóun engu að síður,“ segir tónlistarmaðurinn knái sem mun hugsa sig tvisvar um næst þegar hann kaupir sér stingsög. - fb



**SVAVAR PÉTUR EYSTEINSSON** Einnig þekktur sem Prins Póló.

# Geta kallað eftir gögnum um þróun verðlags í verslun

Þingmaður Framsóknarflokksins segir að neytendur og fjölmiðlar hljóti að fylgjast vel með þróun verðlags þegar virðisaukaskatti verður breytt. Neytendastofa hefur ekki ákveðið hvernig fylgst verður með verðlagi.



**KEYPT Í MATINN** Þingmaður Framsóknarflokksins segir að neytendur verði að sýna aðhald. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á þessari stundu er óljóst hvaða áhrif fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskatti munu hafa á verðlag. Til stendur að lækka efra þrep úr 25,5 prósentum í 24 prósent og hækka neðra þrep úr sjö prósentum í tólf.

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir að neytendur verði að sýna aðhald. „Ef lækkunin verður eftir hjá kaupmönnum þá er enginn tilgangur með lækkun virðisaukaskatts eða vörugjalda,“ segir Frosti. Hann segist líka geta hugsað sér að neytendasamtök, eða önnur stærri samtök, fari í átak til að fylgjast með verðþróun. Þá segist Frosti telja að verðkannanir hljóti að verða tíðari í kringum þessar skattabreytingar. Menn munu fylgjast mjög vel með þessu á fjölmiðlum og öðru. Þannig verði aðhaldið. Í svari frá innanríkisráðuneytinu, sem fer með neytendamál, segir að Neytendastofa hafi eftirlit með neytendamálum og verðlagi.

Þórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri á neytendaréttarsviði Neytendastofu, segir að helsta leiðin fyrir Neytendastofu til að fylgjast með sé að gera verðkannanir fyrir og eftir. „Það er að fara á staðinn og gera það þannig. Við höfum ekki mikið verið að gera verðkannanir upp á síðkastið, meðal annars vegna þess að ASÍ er með það verkefni að gera kannanir á matvörumarkaði frá ríkisstjórninni,“ segir Þórunn Anna. Það hafi því ekki verið rætt til hvaða ráðstafana Neytendastofa geti gripið. Hún bendir að auki á að fjárlagafrumvarpið sé enn til meðferðar í þinginu.

Þórunn Anna minnist þess að það hafi eitt sinn verið gerð verðkönnun við virðisaukaskattsbreytingu. „Þá var mörkuðunum skipt á milli stofnana og þær beðnar um að skoða og fylgjast með. Ég hef ekki heyrt um svoleiðis átak núna,“ segir Þórunn. Hún segir að Neytendastofa hafi líka fylgst með bakaríum eitt sinn þegar breyting var gerð á sykurskatti.

„En það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hvort við munum skoða eitthvað sérstakt,“ segir Þórunn Anna og bendir á að breytingarnar verði umfangsmiklar. Hún segist ekki vita til þess að nokkur aðili sé með tæki til að gera kannanir öðruvísi en að fara á staðinn, svo sem með rafrænum könnunum. En hún segir að auk verðkannana hafi Neytendastofa heimildir til þess að óska eftir gögnum frá fyrirtækjum. Þannig að hugsanlega geti Neytendastofa kallað eftir gögnum varðandi verðþróun.

jonhakon@frettabladid.is




RANGE ROVER EVOQUE – VERÐ FRÁ 8.490.000 KR.

4x4 - TD4 2,2 dísil, 9 þrepa sjálfskipting. Eyðsla 6,5 l/100 km.*

Þú veist það um leið og þú sérð hann. Það er eitthvað einstakt við Range Rover Evoque. Hönnunin grípur þig samstundis. Útlitið er loforð um ævintýri, þægindi og óbeislaða upplifun. Búnaðurinn er á heimsmælikvarða, hvort sem um ræðir akstursseiginleika, fjöðrunarbúnað, drifkerfi eða afl.

Reynsluaktu Evoque og leyfðu honum að heilla þig. Hafðu samband í síma 525 8000 eða komdu í heimsókn.

ENNEMM / SÍA / NM61145

B|L

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# Fyrir alla káta krakka

## Ný íslensk barnafatalína | 100% hágæða bómull

**Barnið vex en brókin ekki**

Í samstarfi við Rauða krossinn tökum við á móti notuðum fötum. Við bjóðum þér 15% afslátt af nýrri vöru. Rauði krossinn kemur notaðri vöru áfram til þeirra sem þarfnast hennar.

Rauði krossinn




**Lín Design Laugavegi 176 Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220 www.lindesign.is**

Skosk „króna“ verður seint talin vænlegur kostur:

# Merkar kosningar

Í dag kjósa Skotar um sjálfstæði landsins. Hér er áhugi á málinu líklega meiri en víða annars staðar enda ekki nema 70 ár síðan Íslendingar lýstu yfir sjálfstæði að undangengnum kosningum þar sem 99,5 prósent kjósenda vildu fara þá leið. Þá, líkt og útlit er fyrir að verði í Skotlandi, var kjörsókn einhver sú besta sem um getur, 98,6 prósent.

Þó svo að útlit sé fyrir að Skotar flykkist á kjörstað og slái með því öll met eru skoðanir þeirra skiptari þegar kemur að ágæti sjálfstæðisins. Nýjustu kannanir sýna að nokkuð margir eru enn óákveðnir. Rúmur helmingur virðist ætla að hafna sjálfstæði.



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Sjálfstæðinu fylgir nefnilega margvíslegur vandi, líkt og sambandssinnar hafa verið duglegir að benda á síðustu daga. Þar ber gjaldmiðilinn hátt. Til þess eru vítin að varast þau, og Skotar, fari svo að sjálfstæði verði ofan á, geta horft til Íslands eftir dæmi um hrakfarir.

Í fréttum var haft eftir gömlum Skota að hjartað hallaðist að sjálfstæði en skynsemin sambandi. Kannski kallar skoska hjartað á sjálfstæða skoska mynt þótt augljóst sé að Skotar yrðu alltaf betur settir í myntsamstarfi, hvort heldur sem er við Breta eða ESB. Hver kærir sig í alvöru um óstöðuga og sveiflukennda smámynt sem ekki er hægt að búa við nema innan múra gjaldeyrishafta, sem aftur eru skaðvaldur í sjálfu sér? Hverjir aðrir en Íslendingar, það er? Maður spyr sig.

Á það hefur margoft verið bent í aðdraganda kosninganna að Skotar séu upp til hópa óánægðir með þá stefnu sem mörkuð hefur verið í Bretlandi með áherslu á einkavæðingu og notendagjöld. Nóbelsverðlaunahagfræðingarnir Jeffrey D. Sachs og Joseph Stiglitz hafa báðir skrifað um stöðu Skotlands og að þótt sjálfstæði kunni að fylgja kostnaður þá fylgi því líka kostir. „Spurningin sem Skotar standa frammi fyrir snýst ekki um hagnað eða tap í nánustu framtíð, heldur hvort framtíð Skotlands, sameiginleg framtíðarsýn og gildi, sem í auknum mæli hafa orðið fjarlægari þeim sem ráðandi eru sunnan við landamærin, séu líklegri til að nást með sjálfstæði,“ skrifar Stiglitz í The Scotsman.

Sachs hefur svo bent á að það ráðist af viðbrögðum stofnana á borð við ESB, NATO auk Breta, hvernig sjálfstæðu Skotlandi farnist. Það þjóni hins vegar ekki hagsmunum neins að ætla að refsa Skotum fyrir sjálfstæðisviðleitnina. Hagsmunir Breta og Skota fari saman í myntsamstarfi og notkun pundsins.

Þegar horft er á fylgiskannanir í Skotlandi má sjá að eftir því sem óákveðnum hefur fækkað síðustu vikur hefur staða þeirra sem kjósa sjálfstæði batnað. Komi í ljós að óákveðnir séu líklegri til að hallast að sjálfstæði, gæti það náðst með naumum meirihluta. Þá tækju við viðræður um sambandsslitin og ef til vill aðrar kosningar síðar um þá niðurstöðu. Sigur í kosningunum nú yrði því tæpast nema áfangasigur á leið Skota til sjálfstæðis. Um leið verður líka að teljast ólíklegt að vindur verði úr sjálfstæðissinnum þótt kosningarnar fari á hinn veginn.

En hvernig sem fer þá er ljóst að í hönd fer mikil lýðræðishátíð í Skotlandi. Horfur á kjörsókn og líflegar umræður í aðdraganda kosninganna þar sem allt landið hefur verið undirlagt af vangaveltum um kosti þess og galla að slíta sambandi við Bretland endurspegla vilja almennings til þess að hafa raunveruleg áhrif á umhverfi sitt og samfélagsskipan. Það er góðs viti í sjálfu sér.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTARITSTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

*Morgunverðarfundir*

*Heilbrigðismál á Íslandi - áskoranir og lærdómar*

90
1924-2014

Dagfinn Tulinius Hallseth, einn helsti sérfræðingur PwC á sviði heilbrigðismála í heiminum ræðir um áskoranir í heilbrigðismálum og hvaða lærdóm Ísland getur dregið af alþjóðlegri þróun.

Allir áhugasamir eru velkomnir. Fundirnir fara fram á ensku.

**Akureyri - Hótel KEA**
24. september milli 8:30 - 9:30

**Reykjavík - Skógarhlíð 12**
25. september milli 8:30 - 9:30

Nánari upplýsingar og skráning á vef PwC : pwc.is/90

pwc

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hagsmunasamtök á hóteli

Sindri Sigurgeirsson formaður Bændasamtakanna og Finnur Árnason forstjóri Haga takast á opinberlega. Grein eftir Finn birtist í Morgunblaðinu í gær, þar sem hann segir Sindra hafa fallið í „þá gryfju að fara með ósannindi og að rægja Haga“ þegar hann hafi sagt að Arion banki hefði afskrifað 35-40 milljarða króna skuld fyrirtækisins. „Þetta er rangt og hrein lygi. Það hefur ekki verið afskrifuð ein króna hjá Högum,“ segir forstjórinn. Hann svarar af hörku og minnir á að Arion hafi afskrifað skuldir Hótel Sögu, þar sem Sindri er stjórnarformaður og vill skýringar á þeim afskriftum dótturfélags Bændastamtakanna. „[E]n Bændasamtökin eiga heima á hóteli, ein atvinnuvegasamtaka á Íslandi.“

### Ekkert að marka frumvarpið

„Maður veltir því fyrir sér hvað sé þá eiginlega að marka þetta fjárlagafrumvarp, hvort þetta sé einhver hrákasmíð sem þingmönnum sé síðan ætlað að leiðrétta og laga í meðförum þingsins eftir á,“ sagði Ólína Þorvarðardóttir á Alþingi og beindi orðum sínum til Vigdísar Hauksdóttur, sem svaraði: „Því er til að svara að ég held að Stjórnarráðið hafi aldrei verið sett eins mikið á hvolf og á síðasta kjörtímabili, öllu ruglað fram og til baka, ráðuneyti stækkuð og stækkuð svo mikið að jafnvel yfirsýn týndist, má segja.“



### Dramadrottningar í andstöðu

„Sömu dramadrottningarnar og víluðu ekki fyrir sér að hækka álögur á þá sem lægst höfðu launin svo ekki sé talað um skerðingar á kjörum aldraðra og öryrkja,“ sagði Karl Garðarsson Framsóknarmaður í þinginu í gær. Stjórnarandstaðan hélt líklegast að hún ætti hauk í horni í ákveðnum þingmönnum Framsóknar gegn fjárlögunum – en svo virðist síður en svo vera. „Ekkert slíkt prinsipp var fyrir hendi hjá síðustu ríkisstjórn sem hækkaði álögur á allt og alla. Þetta er sama fólkið og kemur hér upp og hefur hvað hæst um auknar álögur,“ sagði Karl um þá fyrirvara sem Framsókn gerði við fjárlögin.



sme@frettabladid.is / fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Pikkföst á Bústaðaveginum

SAMGÖNGUMÁL



**Hjálmar Sveinsson**
formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur og svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins

Það er árvisst umfjöllunarefni fjölmiðla í september að fólk kemst ekkert áfram á morgnana í bílnum. Allt er pikkfast á Bústaðaveginum. Svo leysist þetta einhvern veginn. En hvernig verður ástandið eftir 15 ár þegar íbúum svæðisins hefur fjölgað um 40.000? Hversu lengi megum við þá húka í umferðarteppum. Eða eftir 25 ár, árið 2040, þegar íbúunum hefur fjölgað um 70.000 eins og Hagstofan gerir ráð fyrir

Hvað eigum við að gera? Breikka vegina í borginni og byggja fleiri mislæg gatnamót! Það var talið þjóðráð í nokkra áratugi. En ekki lengur.

**Lykilatriði að efla almenningssamgöngur**

Verkfræðistofan Mannvit hefur undanfarin misseri unnið gagnmerkar skýrslur um úrræði í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaðan er mjög skýr. Ef við viljum koma í veg fyrir að bílaumferðin vaxi stöðugt í borginni, ef við viljum fyrir hvern mun komast hjá því að eyða stöðugt meiri tíma í bílnum á leið okkar um borgina, þá gagnast nákvæmlega ekkert að setja tugi milljarða í fleiri stofnbrautir fyrir bíla, mislæg gatnamót og Sundabraut.

Það sem skiptir máli til að ná árangri, segir í skýrslum Mannvits, er að efla vistvæna og hagkvæma samgöngumáta sem auka ekki álagið á stofnvegakerfi bílanna. Það þýðir að við íbúarnir þurfum að breyta ferðavenjum okkar. Þeim þarf að fjölga hlutfallslega sem kjósa að fara gangandi, hjólandi og með strætó í og úr vinnu.

➜ **Umferðarkerfið má ekki bara þjóna einum tilteknum fararmáta. Vegirnir í borginni liggja til allra átta.**

En það gerist ekki nema fólk finni að það sé þægilegra, fljótlegra og ódýrara að fara á milli staða á þann hátt. Þess vegna er það lykilatriði í samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins, næstu ár og áratugi, að efla almenningssamgöngur sem mest má vera, þétta byggðina og framfylgja metnaðarfullum hjólreiðaáætlunum.

**Okkar vegir, okkar val**

Titillinn á evrópskri samgönguviku árið 2014 er: Okkar vegir, okkar val. Hann er vel til fundinn. Umferðarkerfið má ekki bara þjóna einum tilteknum fararmáta. Vegirnir í borginni liggja til allra átta. Það er mikilvægt að halda því til haga að þetta eru vegirnir okkar allra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Angist mánaðamótanna

SAMFÉLAG



Kristín Elfa Guðnadóttir
Pírati og áheyrnarfulltrúi í velferðarráði Reykjavíkurborgar

Þeir sem hafa ekki reynt það skilja það ekki, og þeir sem þekkja það sjá ekki leið út úr því. Angist mánaðamótanna. Við erum ekki að tala um angistina sem fylgir því að eiga ekki fyrir skuldunum. Hún er þó feikinóg hjá mörgum til þess að leggjast í bælið. Nei, við erum að tala um að geta ekki keypt mat. Að hafa engin úrræði önnur en einn matarpoka á viku frá hjálparstofnunum. Áður var auðvelt að ná í mat úr gámum en útsjónarsemi verslunareigenda í að verja þá fer vaxandi. Við erum líka að tala um að eiga hvergi höfði sínu að að halla. Loks erum við að tala um að sama hvað maður gargar hátt í eymdinni, þá heyrir það enginn.

Ég þekki þessa angist á eigin skinni og ég er líka nýsest í velferðarráð Reykjavíkurborgar. Þar er gott og vinnusamt fólk sem hamast við að forgangsraða til þeirra sem minnst mega sín og þurfa mest á aðstoð að halda. Fantaduglegar manneskjur sem vinna saman þvert á flokka. Nokkrar grýlur hrista hausinn og setja okkur steininn fyrir dyrnar, fjárskortur, kerfi sem silast áfram af gömlum og innbyggðum vana og enginn skilur til hlítar, úrtöluraddir þeirra sem fjandskapast við meirihlutann – fleiri gamlar lummur. Þegar lítið er til skiptanna þarf að bregða hnífnum, ömurlegt en óhjákvæmilegt.

En samhliða þessu og því að endurbæta kerfið í sífellu þarf líka að gera tvennt. 1) Hafa öfluga neyðaraðstoð sem kemur í veg fyrir að fólk þurfi að bíða vikum saman eftir mat, húsaskjóli eða aðstoð við að komast á klósettið 2) Hugsa hlutina upp á nýtt, sem þjóð. Hvað gerum við til að hjálpa hvert öðru? Hvernig ölum við upp börnin okkar? Hvernig siðferði innrætum við þeim? Hvaða afstöðu til vinnu? Læra þau mikilvægi þess að gefa til samfélagsins? Hvernig sýnum við þunglyndum að þeir eru ekki einir í tilverunni? Skiptum við okkur af þegar einhver er einmana, á ekki fyrir mat, kemst ekki upp tröppurnar, skilur ekki íslensku?

### Eigum öll að axla ábyrgð

Við erum upp til hópa gott fólk. Okkar hlutverk, ekki bara í velferðarráði heldur alls staðar í samfélaginu, er vissulega neyðaraðstoð en líka að reyna að hlúa að góðmennskunni, einfalda hlutina, gera þá gagnsærri og varast að falla í afskiptaleysisdjúp þess sem hefur það þokkalega gott og þarf ekki sjálfur á hjálp að halda. Það mun breytast einhvern daginn.

Besta leiðin til að auka velferð í landinu okkar er að tala saman, kynna sér mál og skipta sér af. Stjórnmálamenn þurfa virkt aðhald, embættismenn líka. Ein leiðin er Betri Reykjavík. Þar vantar tillögur frá Reykvíkingum í velferðarmálum. Súpervinsælu tillögurnar fara fyrir borgina svo það er til mikils að vinna. Önnur leið er að láta alltaf vita þegar staðan er slæm. Nýr sviðsstjóri velferðarsviðs, Stefán Eiríksson, hefur orðið óþyrmilega var við angist og eymd í sínum fyrrverandi störfum hjá lögreglunni. Talið við Stefán, aðra hjá velferðarsviði eða okkur í velferðarráði, þið finnið nöfnin okkar með því að gúgla velferðarráð og velferðarsvið Reykjavíkur.

**➜ Ég þekki þessa angist á eigin skinni og ég er líka nýsest í velferðarráð Reykjavíkurborgar. Þar er gott og vinnusamt fólk sem hamast við að forgangsraða til þeirra sem minnst mega sín og þurfa mest á aðstoð að halda.**

Við eigum öll að axla ábyrgð eftir því sem við erum burðug til. Það er ekki í lagi að eitt barn sé útundan, ein kona þoli hungur, einn unglingspiltur fremji sjálfsmorð, ein fjölskylda eigi ekki fyrir tómstundum fyrir börnin, einn karl sé atvinnulaus og einmana, eitt par hafi ekki þak yfir höfuðið, einn aldraður fái aldrei axlanudd, einn fatlaður upplifi stöðugt að ekki er hlustað á hann. Það er bara ekki í lagi. Og við eigum að gera kröfur til okkar sjálfra og gagnrýna okkur sjálf, hvort sem við erum almenningur, þjónustunotendur, pólitíkusar, embættismenn. Stundum erum við hrædd við að tala við þá sem eru öðruvísi en við, ekki síst ef þeir eru þurfandi. Við lifum það af. Við getum látið okkur hvert annað varða, hvert með sínu nefi. Hvernig hljómar það?

## AF NETINU

### Máttur fjölmiðla



Þingið umturnast þegar fjölmiðlar mæta á svæðið. Gott dæmi um það er dagskrárliðurinn óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra, en þá mæta sjónvarpsvélarnar iðulega á svæðið og þá forherðast þingmenn margir hverjir og verða mjög ákveðnir og láta gamminn geisa og spara ekki gífuryrðin í pontu hins háa Alþingis. Allt með það að markmiði að komast að hjá fjórða valdinu.

deiglan.com

*Erla Ósk Ásgeirsdóttir, fyrrverandi varaþingmaður*

### Illa ígrunduð lausn



Helsti gallinn við málflutning Hannesar Hólmsteins liggur ekki í því að innflytjendum og fjölmenningu geti ekki fylgt einhver samfélagsleg vandamál. Það tel ég nefnilega óumdeilt. Við þurfum að geta rætt þessi mál á staðreyndagrundvelli og tekið á þeim.

Nei, helsti gallinn er sá að hans tillaga að lausn er miðstýrð, ómanneskjuleg, illa ígrunduð, í litlu samræmi við alvarleika vandamálanna – og ósamrýmanleg frjálslyndum viðhorfum til mannlífsins.

blog.pressan.is/tharfagreinir

*Halldór Auðar Svansson, borgarfulltrúi Pírata*

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.


Eru ekki allir örugglega að fá sér D vítamín núna?




DLUX 1000
handhægi D-vítamín úðinn, hámarksnýting
BetterYou
www.gengurvel.is
Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi







CITROËN NEMO ER HAGKVÆMASTI KOSTURINN

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

Citroën Nemo er með lægsta verðmiðann á markaðnum. Gerðu samanburð og veldu hagkvæman og lipran sendibíl sem uppfyllir allar þínar kröfur. Nemo er vel búinn og sparneytinn, hvort sem þú velur bensín eða dísil. Hliðarhurðir beggja vegna auðvelda hleðslu og hægt er að flytja lengri hluti með því að fella niður skilrúmið. Kauptu hagkvæman Citroën Nemo, við aðstoðum þig með fjármögnun.

Komdu í reynsluakstur.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# SÍÐUSTU DA

INNIMÁLNING & LÖKK 20% AFSLÁTTUR!




**VEGGMÁLNING**
**7.996 kr**
~~9.995 kr~~
10 ltr.

**HarpaSjöfn Polytex 7**
Veggmálning 10 ltr. Litir: hvítt, beinhvítt og ljós antík.
7119970-77

**LOFTAMÁLNING**
**6.599 kr**
~~8.249~~
10 ltr.

**HarpaSjöfn Loftamálning**
Loftamálning 10 ltr. Litir: hvítt.
7119968



**RÚLLUSETT**
**995 kr**
25 CM RÚLLA, BAKKI OG HANDFANG
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**"Elite" rúllusett**
Sett með bakka, "maxi"-handfangi og Anlon 25 cm rúllu. Hentar til að mál loft innanhúss. Passar fyrir framlengingarsköft frá Anza.
7014822



**PENSLASETT**
**995 kr**
4 stk.
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Grunnpenslasett innanhúss**
Penslasett með hárum úr gerviefni.
7006082



10 ltr.
**VEGGMÁLNING**
**3.995 kr**
10 ltr.
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Impra veggmálning 10 ltr**
Gljástig 5, litur hvítur.
7119964



10 ltr.
**ÚTIMÁLNING**
**9.746 kr**
~~12.995 kr~~

**HarpaSjöfn Útitex**
Útimálning 10 ltr. Litir: hvítt, beinhvítt og ljós antík.
7120001-6

## RÝMINGARSALA
## á timbri og grófvöru
## Húsasmiðjan Grafarholti



25% AFSLÁTTUR

30-50% AFSLÁTTUR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

HANDVERKFÆRI & TÖSKUR 20% AFSLÁTTUR!



**BOGASÖG**
**799 kr**
~~999 kr~~

Bogasög
24"
5000523

BRJÁLAÐ VERÐ!



**HILLUREKKI**
**2.595 kr**

Hillurekki Solid 50 Galva
150x75x30 cm
5803671
Ný sending, ekki útsöluvara

BRJÁLAÐ VERÐ!



**RYKSUGA**
**7.795 kr**
Fyrir bílskúrinn

Ryksuga Power Plus
Ryksugar blautt og þurrt.
5247007
Ný sending, ekki útsöluvara

**Bílskúrshurðaopnari**
ML700EV
5746577



**BÍLSKÚRSHURÐAOPNARI**
**35.644 kr**
~~44.555~~

20% AFSLÁTTUR!

*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

# GAR ÚTSÖLU Húsasmiðjunnar




## PARKET ÚTSALA

**20% afsláttur**

KAINDL · Barlinek WOODEN FLOORS · Tarkett · EGGER

SMÁRAFTÆKI 20% AFSLÁTTUR!

**HRAÐSUÐUKANNA**
**10.392 kr**
~~12.991~~

Hraðsuðukanna Russell Hobbs
Purple passion 1.7 LTR
1840061

BÚSÁHÖLD 30-70% AFSLÁTTUR!

**HNÍFAPÖR 24 STK.**
**4.495 kr**
~~8.990~~

Hnífapör Aida
24 stk.
2201164

FLÍSAR 25% AFSLÁTTUR!

**VEGGFLÍS**
**1.680 kr/m²**
~~2.240~~

Veggflís hvít
20x20 cm
8600000

30% AFSLÁTTUR!

**BAÐSETT 3 STK**
**2.449 kr**
~~3.499~~

Baðherbergissett
Klósettbursti, sápupumpa, rusafata.
8056568

BLACK&DECKER 30% AFSLÁTTUR!

**RAFHLÖÐUBORVÉL**
**11.897 kr**
~~16.994~~

Rafhlöðuborvél 14.4V.
Black&Decker 2 rafhlöður og taska.
5246006

BLACK& DECKER

ÁLTRÖPPUR 20% AFSLÁTTUR!

**ÁLTRAPPA 3 ÞREP**
**3.996 kr**
~~4.995~~

Áltrappa 3 þrep
Jumbo, 150 kg
5078885

BLÖNDUNARTÆKI 20-25% AFSLÁTTUR!

**BLÖNDUNARTÆKI**
**13.495 kr**
~~17.995~~

Eldhústæki Emmevi
Eden
7900023

**VEGGHENGT KLÓSETT**
**15.195 kr**
~~18.994~~

Vegghengt klósett
Cersanit
8077525

KLÓSETT 20% AFSLÁTTUR!

## LAGERHREINSUN
### Á ÚTIVISTARFATNAÐI Í SKÚTUVOGI



**ALLT Á AÐ SELJAST 30-70% AFSLÁTTUR**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# Arðsemin felst í réttri samsetningu ferðamanna

FERÐAÞJÓNUSTA



**Brynja Laxdal**
markaðsstjóri Meet in Reykjavík

Ferðaþjónusta tengd ráðstefnum, fundum, hvataferðum og alþjóðlegum viðburðum er mjög mikilvæg til að tryggja arðsemi greinarinnar. Kostirnir við þessa hópa ferðamanna eru að þeir eyða að meðaltali umtalsvert meira fjármagni en hinn hefðbundni ferðamaður, þeir dreifast yfir allt árið þannig að innviðir nýtast betur og samkvæmt World Tourism Organization þá styður ráðstefnumarkaðurinn við fjárfestingar, nýsköpun, viðskipti og tækniþróun. Árið 2013 komu um 74.000 gestir sem tilheyra þessum markhópi sem er 9,2% af heildarmarkaði ferðamanna og tekjur af þeim til íslenska þjóðarbúsins eru áætlaðar 25 milljarðar árið 2013.

Umræða um að auka þurfi hlutfall eyðslumeiri (verðmætra) ferðamanna til Íslands er háværari en áður enda ekki að ástæðulausu þar sem þróunin hefur verið sú að á 10 ára tímabili hafa skattekjur á hvern ferðamann lækkað um 46% á meðan ferðamönnum hefur fjölgað um 142%. Ýmsar ástæður geta legið að baki, t.a.m. hefur virðisaukaskattur á gistingu lækkað úr 14% í 7%, matarkarfan er ódýrari fyrir erlenda ferðamenn, svört atvinnustarfsemi er talin hafa aukist og meira hefur verið um ódýra ferðatilboðspakka sér í lagi á veturna. Hér er þó betri greiningar þörf. Sé reiknað út vegið meðaltal ráðstefnu-, funda-, hvataferða- og viðburðagesta þá eyða þeir um 63.000 kr./dag á móti 34.500 kr./dag hjá hinum almenna ferðamanni. Í þessu samhengi er rétt að benda á að ef eyðsla á hvern ferðamann er reiknuð út frá heildargjaldeyristekjum frá Hagstofunni þarf að hafa í huga að þær tölur byggja einnig á tekjum af millilandafarþegum og öðrum erlendum farþegum íslenskra flugfélaga sem starfa erlendis og fljúga með farþega milli staða án viðkomu á Íslandi. Tölurnar sem hér eru settar fram taka tillit til þessarar skekkju.

**➜ Í framtíðinni er ljóst að skoða þarf hver sé besta samsetningin af ferðamönnum til Íslands til að tryggja arðsemi, ekki bara vöxt.**

**Heildstæð stefna aðkallandi**

Á Íslandi hefur ráðstefnu-, funda-, hvata-, og viðburðaferðamennska vaxið jafnt og þétt en mikil aukning hefur verið síðastliðin ár á þessum sviðum. Sé eingöngu horft til ráðstefnumarkaðarins þá hefur orðið umtalsverð breyting á landslagi alþjóðlegra ráðstefna hér á landi með tilkomu Hörpu. Ef teknar eru allar stórar ráðstefnur frá árinu 1977 sem eru með yfir eitt þúsund manns þá hefur árlegur fjöldi þeirra nífaldast frá því að Harpa var opnuð árið 2011. Það er hraustleg innspýting fyrir hagkerfi landsins.

Í framtíðinni er ljóst að skoða þarf hver sé besta samsetningin af ferðamönnum til Íslands til að tryggja arðsemi, ekki bara vöxt. Það segir sig sjálft að það er aðkallandi að setja fram heildstæða stefnu innan ferðaþjónustunnar enda aflar hún meiri gjaldeyristekna en sjávarútvegurinn og álframleiðslan. Brýnt er að stórefla rannsóknir á ráðstefnu-, hvata- og viðburðamarkaðnum þar sem upplýsingarnar eru stór þáttur í nýsköpun innan ferðaþjónustunnar og um leið mikilvægt tæki til að meta samkeppnishæfni Íslands á þessum markaði.

# Barátta Illuga Gunnarssonar gegn ólæsi

MENNTAMÁL



**Jón Kalman Stefánsson**
rithöfundur

Hvað er það sem framar öðru gerir okkur að þjóð, og sem bindur okkur saman? Ég held að svarið blasi við, að það sé tungumálið. Íslenskan. Ég er ekki að segja að íslenskan sé mikilvægari, merkilegri en önnur tungumál, en hún er okkar, og við erum þjóð meðan við höfum íslenskuna. Margar aðrar þjóðir gera sér grein fyrir mikilvægi tungumálsins og leggja mikið upp úr því að vernda það og styrkja með öllum ráðum. Meðal annars með því að leggja sem minnstar hömlur á bókaútgáfu, það er nefnilega í gegnum bækur sem tungumálið vex, dafnar og viðhelst. Hver þjóð hefur sinn háttinn á að sýna þann vilja í verki, Frakkar veita þeim sem ætla að opna nýja bókabúð sérlega hagstæð lán, og langflestar Evrópuþjóðir eru með undir 7% virðisaukaskatt á bókum – og Bretar, Írar, Úkraínumenn og Norðmenn með 0 prósent. Við höfum verið með 7%, frá 2007, en nú boðar ríkisstjórn hækkun upp í 12 prósent – og setur okkur þar með í hóp skussanna, þeirra fjögurra þjóða sem eru með jafn háan eða hærri skatt. Og hjá öllum þeim þjóðum á bókaútgáfan í miklum erfiðleikum.



**Aukinn kostnaður við nám**

Þegar aukinn skattur er lagður á atvinnugrein, er væntanlega hugað vandlega að því hvort það gangi nokkuð svo nærri henni að skaði hljótist af. Þessvegna ákvað núverandi ríkisstjórn til að mynda að lækka veiðigjöld á sjávarútveg, mat það svo að sú grein væri of viðkvæm, jafnvel þótt þrjú stærstu fyrirtækin séu að skila 10-22 milljarða hagnaði. Maður veltir fyrir sér hvort fjármálaráðherra okkar, Bjarni Benediktsson, hafi lagt jafnmikla alúð við að meta þau áhrif sem 5% hækkun á virðisauka gæti haft á bókaútgáfuna, sem er viðkvæm grein, veltan það lítil að smáar upphæðir til eða frá geta haft djúptækar afleiðingar; aukinn virðisaukaskattur gæti veitt smærri bókaútgáfum náðarhöggið. Fyrir utan þau áhrif sem hækkunin hefði á verð allra bóka, ekki bara sem heyra undir skáldskap, heldur líka skólabækur – með þessu væri ríkisstjórnin ekki einvörðungu að veita viðkvæmri, en mikilvægri atvinnugrein þungt högg, heldur í viðbót að auka kostnað allra heimila við nám barna sinna og þrengja ennfrekar að námsfólki við háskólana.

**Heróp Illuga?**

Bretar, Írar og Norðmenn leggja engan virðisaukaskatt á bækur – og hafa Írar þó farið í gegnum enn þyngri sjó af erfiðleikum en við síðustu árin. Hversvegna? Jú, þeir gera sér grein fyrir því að styrkur hverrar þjóðar liggur í menningunni, í tungumálinu. Norðmenn og Írar eru stoltir af bókmenntaarfi sínum, en þeir vita að í heimi hraða, tækni og áreitis er bóklestur og sjálft tungumálið í stöðugri hættu, og að helsta andsvarið við minnkandi lestri barna liggur í öflugri bókaútgáfu – og því að halda verði bóka niðri. Gera sér grein fyrir því að þegar kemur að menningu svigna rök hagfræðinnar, eða eins og frægur maður sagði: „Sá sem ætlar sér að leggja mælikvarða debets og kredits á menningu, veit einfaldlega ekki hvað menning er, skilur ekki fyrir hvað hún stendur."

**➜ Smáar upphæðir til eða frá geta haft djúptækar afleiðingar; aukinn virðisaukaskattur gæti veitt smærri bókaútgáfum náðarhöggið.**

Vita forystumenn ríkisstjórnarinnar, Bjarni Benediktsson, Sigmundur Davíð, Illugi Gunnarsson, Eygló Harðardóttir, og öll hin, fyrir hvað menningin stendur? Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra fer nú um sveitir landsins og lýsir yfir áhyggjum sínum af minnkandi lestri barna, og þeirri staðreynd að börnin okkar verði sífellt verr læs, skilningur þeirra á tungumálinu fari þar með þverrandi – styður hann fyrirhugaða hækkun á virðisaukaskattinum? Telur hann að hækkað bókaverð og gjaldþrot smærri bókaútgáfa sé heppilegt vopn í baráttunni gegn ólæsi?

# Er eini flugvöllurinn í Keflavík?

SAMGÖNGUR



**Ragnar Sverrisson**
kaupmaður á Akureyri

Rör eru til margra hluta nytsöm. En þegar þau eru notuð til þess að rýna flókin málefni verður útkoman ekki alltaf sem skyldi enda verður þröngsýni þá oftast ofan á. Þetta flaug í gegnum huga mér þegar ég hlustaði á vin minn Björgólf Jóhannsson á Bylgjunni í morgun (16.09.) þar sem hann fjallaði um hvað þyrfti að gera til þess að taka á móti gríðarlegri fjölgun ferðamanna til landsins næstu árin. Í þessu spjalli voru engu að síður ræddar æskilegar framkvæmdir til að bæta aðstöðuna á Keflavíkurflugvelli svo allt færi ekki í enn meiri kássu á þeim ágæta stað. Þar með er gengið út frá því að auknum fjölda erlendra ferðamanna verði einasta hleypt í gegnum einar dyr – hið gullna hlið Íslands. Þetta hlið er á Keflavíkurflugvelli og svo að skilja að þar verði allir ferðamenn til landsins að fara í gegn í framtíðinni; ekki einu sinni ástæða til að velta fyrir sér öðrum möguleikum. Þetta er þröng sýn í sinni venjulegu mynd en í máli þessu þarf meiri víðsýni.

**Fleiri möguleikar**

Eins og kunnugt er eigum við fleiri alþjóðaflugvelli en þann í Keflavík. Þess vegna er full ástæða til að ræða hvaða hlutverki þeir geta gegnt í framtíðinni við móttöku erlendra ferðamanna. Sjálfur þekki ég vel til eins þeirra, Akureyrarflugvallar, og get fullyrt að með því að byggja við flugvallarhúsið og bæta planið þar fyrir framan er hægur vandi að létta eitthvað á flugvinu til Keflavíkur sem er að kaffærast allt þar á bæ. Flugbrautin á Akureyri er nú þegar nægjanlega löng til að taka á móti stærstu flugvélum og miklir möguleikar í bænum og nágrannabyggðum til að taka á móti enn fleiri erlendum ferðamönnum alla daga ársins. Því er ekki ofsagt að hér á Akureyri eru miklir möguleikar til að stórauka þjónustu við ferðamenn. Hvað getur kallast meira byggðamál en að móta og fylgja eftir markvissri atvinnustefnu á þessu sviði? Við heyrum nú harmakvein vegna ofbeitar í Keflavík á meðan ekki er hugað að því hvaða möguleikar eru fyrir hendi annars staðar sem nú eru vannýttir. Því er ástæða til að hvetja bæjarstjórn og alþingismenn kjördæmisins til að ganga fram í máli þessu og vinna markvisst að því að ljúka nauðsynlegum byggingaframkvæmdum við Akureyrarflugvöll og ganga frá planinu en efni í það bíður undir hlíðum Vaðlaheiðar.

**➜ Við heyrum nú harmakvein vegna ofbeitar í Keflavík á meðan ekki er hugað að því hvaða möguleikar eru fyrir hendi annars staðar sem nú eru vannýttir.**

# Lækkun ofurtolla, vanmetin mótvægisaðgerð

STJÓRNMÁL



**Þórólfur Matthíasson**
hagfræðiprófessor

Að beiðni íslenskra stjórnvalda gerði sérfræðingateymi á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins úttekt á skattakerfinu íslenska. Sérfræðingarnir skiluðu viðamikilli skýrslu í september 2010. Í viðauka er listi yfir 24 tillögur og ráðleggingar sem lúta að endurbótum á skattakerfinu. Þessar ráðleggingar snúast um allt frá breyttu fyrirkomulagi á skattlagningu einyrkjatekna og einkahlutafélaga til hækkunar á veiðigjaldi og umhverfisgjöldum. Sérfræðingarnir lögðu einnig til að vörugjaldakerfið yrði einfaldað verulega eða lagt af (með hugsanlegri undantekningu fyrir matvöru með háu fitu- eða sykurinnihaldi). Og síðast en ekki síst lögðu þeir til að undanþágum í virðisaukaskattskerfinu yrði fækkað verulega og að hærra þrepið yrði lækkað og hið lægra hækkað, jafnframt því sem gripið yrði til mótvægisaðgerða til að bæta lægri tekjuhópum (barnafjölskyldum og öryrkjum) þann tiltölulega litla skaða sem aðgerðin myndi valda.

**Þvert á ráðleggingar AGS**

Ekki verður sagt að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hafi gengið langt í að hrinda tillögum sérfræðingahópsins í framkvæmd umfram þau skref sem þegar höfðu verið tekin varðandi álagningu veiðigjalds.

Framlag ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hefur til þessa falist í að lækka veiðigjaldið, þvert á ráðleggingar sérfræðingahóps AGS! En með nýframlögðu fjárlagafrumvarpi og fylgiplöggum þess er gengið til verka: Lægra þrep virðisaukaskatts hækkað og hærra þrepið lækkað lítillega, jafnframt því sem vörugjöld eru afnumin, líka á sykri. Svo virðist sem afnám vörugjalda ásamt hækkun barnabóta sé hugsað sem mótvægisaðgerð við íþyngjandi áhrifum hækkunar lægra virðisaukaskattsþrepsins. Sú aðgerð er ekki nema að hluta til í anda ráðlegginga sérfræðinga AGS. Hlutur lífeyrisþega liggur óbættur hjá garði auk þess sem skilvirkni vörugjaldaniðurfellingarinnar sem mótvægisaðgerðar er umdeilanleg.

**Afnám ofurtolla**

Allnokkrar tillögur um skilvirkari mótvægisaðgerðir hafa komið fram frá því að fjárlagafrumvarp og tilheyrandi tekjuöflunarfrumvörp voru lögð fram. Ein þessara tillagna felur í sér afnám ofurtolla á innfluttum landbúnaðarafurðum, enda vega landbúnaðarafurðir þungt í innkaupakörfu tekjulægstu heimilanna. Samkvæmt útreikningum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, nam kostnaður neytenda af ofurtollunum sjö milljörðum króna á árinu 2013, en hækkun lægra þreps vasksins kostar neytendur ellefu milljarða króna. Fréttamaður Kastljóss bar þessa hugmynd undir forsætisráðherra í þætti sínum þann 11. september síðastliðinn. Forsætisráðherra hélt því fram að lækkun ofurtolla hefði minni áhrif á buddu neytenda en lækkun vörugjaldanna. Ríkissjóður hefur þrjá milljarða í tekjur af vörugjöldum á matvöru og 3,5 milljarða af öðrum vörum (ísskápum og flatskjáum). Í framhaldinu lagði forsætisráðherra að jöfnu áhrif afnáms landbúnaðarofurtollanna á tekjur ríkissjóðs (tveir milljarðar króna) og áhrif á afkomu heimilanna í landinu (líka tveir milljarðar króna).

**➜ Lækkun ofurtolla mun þvinga innlenda framleiðendur til að finna hagræðingarleiðir og lækka sína vöru einnig.**

**Lægri matarreikningur**

Þetta er rangt. Lækkun ofurtolla á landbúnaðarafurðum mun ekki aðeins lækka verðið á þeim fáu oststykkjum og nautalærum sem flutt eru til landsins. Lækkun ofurtolla mun þvinga innlenda framleiðendur til að finna hagræðingarleiðir og lækka sína vöru einnig. Þess myndu neytendur vissulega njóta í lægra vöruverði, rétt eins og OECD bendir á. Með því að afnema vörugjöld á matvöru og ofurtolla á landbúnaðarvöru má lækka matarreikning heimilanna um allt að 10 milljarða króna. Væri gripið til þessa ráðs, að fella niður bæði ofurtolla og vörugjöld á mat, má ætla að auðvelt yrði að ná almennri sátt um fyrirhugaðar skattalagabreytingar.

# Ný neysluviðmið mikilvæg

STJÓRNMÁL



Elsa Lára Arnardóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Mikilvægt er að endurskoða útreikning neysluviðmiða fyrir íslensk heimili. Tilgangur neysluviðmiða er að veita heimilum í landinu upplýsingar um viðmiðin til að bera saman við áætlun eigin útgjalda. Þau koma að notum við ýmsa fjármálaráðgjöf fyrir einstaklinga og geta verið til hliðsjónar þegar teknar eru ákvarðanir um fjárhæðir sem tengjast framfærslu. Lítið hefur verið svo á að neysluviðmið séu ekki endanlegur mælikvarði á hvað telst nægjanleg neysla einstakra heimila, né dómur um hvað einstakar fjölskyldur þurfa sér til framfæris.

**Húsnæðiskostnað inn í ný neysluviðmið**

Sníða þarf vankanta af núverandi neysluviðmiðum til þess að þau verði nákvæmari mælikvarði á hvað telst nægjanlegt til framfærslu fjölskyldu. Í núverandi neysluviðmiðum er húsnæðiskostnaður ekki innifalinn og helsti rökstuðningurinn fyrir því er að kostnaður við húsnæði sé svo breytilegur að ekki sé rétt að gefa út viðmið í þeim efnum. Talið hefur verið betra fyrir fjölskyldur að bæta raungjöldum við hin opinberu viðmið.

Athugasemdum hefur verið komið á framfæri varðandi þetta fyrirkomulag og óskað hefur verið eftir nýjum útreikningum, þar sem tekið er tillit til húsnæðiskostnaðar. Í þessu samhengi þarf að horfa til mismunandi búsetuforma og staðsetningar húsnæðis. Með húsnæðiskostnaði er átt við allan kostnað sem fellur til vegna eigin húsnæðis eða leiguhúsnæðis.

**Opinbert reiknilíkan**

Það er morgunljóst að ýmsir fastir útgjaldaliðir hafa hækkað mikið undanfarin ár og hefur það haft áhrif á útgjöld heimilanna. Það er staðreynd að róðurinn hefur þyngst. Þess vegna er afar mikilvægt að hefja sem allra fyrst útreikning á nýjum neysluviðmiðum og vinna það í samstarfi við hlutaðeigandi aðila. Jafnframt þarf að gera könnun á raunframfærslukostnaði einstaklinga og fjölskyldna. Raunframfærslukostnaðurinn verði síðan nýttur til að finna út lágmarks neysluviðmið. Nauðsynlegt er að reiknilíkan útreikninganna verði opinbert, eins og í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Má í því samhengi nefna Svíþjóð, Danmörk og Noreg.

**Þingsályktunartillaga lögð fram**

Þingmenn Framsóknarflokksins gera sér grein fyrir mikilvægi þess að útreikningur nýrra neysluviðmiða fari fram. Þess vegna hafa nokkrir úr þingmannahópnum lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis að fela félags- og húsnæðismálaráðherra að hefja útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili. Samkvæmt tillögunni skulu útreikningarnir liggja fyrir á 144. þingi.

**➜ Það er staðreynd að róðurinn hefur þyngst. Þess vegna er afar mikilvægt að hefja sem allra fyrst útreikning á nýjum neysluviðmiðum og vinna það í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.**

# Opið bréf til borgarstjóra Reykjavíkur

TALMEINA-PJÓNUSTA



Linda Björk Markúsardóttir
talmeinafræðingur

Tilgangur þessara skrifa er að vekja athygli þína á málaflokki sem virðist hafa gleymst að miklu leyti í Reykjavík: Talmeinaþjónustu. Árið 2012 var gefin út skýrsla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um stöðu barna og unglinga með tal- og málþroskaraskanir. Samkvæmt henni má í hverjum árgangi skólabarna (frá 2-18 ára) gera ráð fyrir að 300 börn að lágmarki þurfi á talþjálfun að halda. 300 börn í 12 árgöngum eru alls 4.800 börn með tal-og/eða málþroskaraskanir.

Í Reykjavík eru, eins og þú veist, starfræktar sex þjónustumiðstöðvar. Má leyfa þér að giska á hvað eru margir talmeinafræðingar starfandi á þeim? Búinn að velja þér tölu? Þeir eru fjórir og starfa á tveimur þjónustumiðstöðvum (þú færð bónusstig ef þú veist á hvaða tveimur án þess að fletta því upp). Til samanburðar má ég til með að benda á að á þessum sömu sex þjónustumiðstöðvum starfa 32 sálfræðingar og 59 félagsráðgjafar.

Þegar þú sóttist eftir kjöri sem borgarstjóri sagðir þú eftirfarandi: Komandi kosningar munu því snúast um það hvort borgarbúar leggi traust sitt á hugmyndafræðina sem leiddi okkur í hrunið eða vilji skýran valkost jafnaðarstefnunnar með áherslu á atvinnuuppbyggingu, lýðræðisumbætur, velferð og börn.

Nú átt þú kost á að beita þér fyrir málaflokki sem slær tvær af kosningaloforðsflugunum í einu höggi, það er bæði atvinnuuppbyggingu og börn. Með því að hafa, að lágmarki, einn talmeinafræðing á hverri þjónustumiðstöð stuðlar þú að atvinnuuppbyggingu og leggur jafnframt börnum með tal- og málþroskaraskanir lið. Að vísu aðeins brotabroti af þeim 4.800 börnum sem þurfa á þjónustunni að halda en, hei, það verður að byrja einhvers staðar.

**➜ Nú hefur þú kost á að beita þér fyrir málaflokki sem slær tvær af kosningaloforðsflugunum í einu höggi.**

BARÁTTAN GEGN KRABBAMEINI

**Ráðstefna Bláa naglans um krabbameinsrannsóknir og meðferðir.**

LAUGARDAGUR 20. SEPT. 2014 – GRAND HÓTEL REYKJAVÍK, SIGTÚNI.

**Dagskrá** - fyrir hádegi

09:00 – 09:10 Anna Lilja Gunnarsdóttir
Ráðuneytisstjóri í velferðarráðuneytinu
Setning málþings

09:10 – 09:30 Margrét H. Ögmundsdóttir (SKI)
Rannsóknasérfræðingur
Krabbameinsrannsóknir

09:30 – 09:50 Ólafur Andri Stefánsson
Samspil erfða og sviperfða í tilurð krabbameina

09:50 – 10:10 Lára G. Sigurðardóttir
Læknir hjá Krabbameinsfélagi Íslands og doktorsnemi í lýðheilsurannsóknum
Þáttur svefntruflana og melatóníns í þróun blöðruhálskirtilskrabbameins

Kaffihlé

10:30 – 10:50 Vigdís Stefánsdóttir
Erfðaráðgjafi LHS
Erfðaráðgjöf vegna krabbameina

10:50 – 11:00 Bergljót Halldórsdóttir
Lífeindafræðingur
Skimunarpróf

11:00 – 11:20 Eiríkur Steingrímsson
Prófessor við læknadeild HÍ
Litfrumur, sortuæxli og meðferð

11:20 – 11:40 Kári Stefánsson,
Prófessor og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

**Dagskrá** - eftir hádegi

13:00 – 13:10 Geir Gunnlaugsson
Landlæknir
Ávarp

13:10 – 13:20 Páll Matthíasson
Forstjóri Landspítala
Ávarp

13:20 – 13:30 Eiríkur Jónsson
Yfirlæknir þvagfæraskurðlækninga LSH
Krabbamein í blöðruhálskirtli: Hvað er klukkan núna?

13:30 – 13:50 Baldvin Þ. Kristjánsson
Þvagfæraskurðlæknir LSH
Krabbamein í blöðruhálskirtli: Greining, vöktuð bið, innri geislameðferð

13:50 – 14:20 Eiríkur Orri Guðmundsson
Þvagfæraskurðlæknir LSH
Skurðaðgerðir við krabbameini í blöðruhálskirtli

14:20 – 14:40 Garðar Mýrdal
Eðlisfræðingur LSH
Geislameðferð á Íslandi – ný tækni

Kaffihlé

15:00 – 16:00 Ásgeir Theodórs og Tryggvi Stefánsson
Læknar
Krabbamein í ristli

16:00 – 16:30 Professor Ian Banks
Forseti European Men's Health Forum (EMHF)
The Invisible Man: Men's use of Primary Care Services In Europe

Skráning á www.blainaglinn.is.

Blái naglinn er átak sem snýst um vitundarvakningu um krabbamein á Íslandi.

BLÁI NAGLINN



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**GUÐRÚN MAGNÚSDÓTTIR**
**Írabakka 10, Reykjavík,**

sem andaðist miðvikudaginn 10. september á LSH, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. september kl. 13.00.

**Aðstandendur.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍN GUÐBJÖRNSDÓTTIR**
**Lynghaga 14,**

lést föstudaginn 12. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 19. september kl. 13.00.

**Guðbjörn Björnsson**
**Júlíana B. Erlendsdóttir**
**Júlía Björnsdóttir**
**Anna Guðný Björnsdóttir**
**Björn Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg dóttir okkar, systir og barnabarn,

**BERGDÍS JÓNSDÓTTIR**
**Sólheimum 21b,**

lést á Landspítalanum Fossvogi þann 6. september. Útför hennar fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 19. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Helga G. Hjörleifsdóttir**
**Jón Þórir Baldvinsson**
**Kristjana Kristjánsdóttir**
**Davíð Ingi Jónsson**
**Bergþóra Jónsdóttir**
**Þorgerður Sveinbjarnardóttir**



✝

Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**HAUKS ÓLAFSSONAR.**

**Inga Guðbjörg Ingólfsdóttir**
**Jón Bæring Hauksson**
**Anna Fossberg Kjartansdóttir**
**Jóhann Ólafur Hauksson**
**Sjöfn Eydís Sigfúsdóttir**
**Ingólfur Hauksson**
**Kristín María Kjartansdóttir**
**María Elfa Hauksdóttir**
**Hrannar Þór Arason**
**Guðni Björn Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug, samúð og vináttu vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa okkar, sonar, bróður og frænda,

**JÓHANNESAR HELGASONAR**
**flugstjóra,**
**Asparlundi 3, Garðabæ.**

Sérstakar þakkir fá Jón Snædal læknir, starfsfólk Hlíðabæjar og starfsfólk L-4 LSH. Fjölskylda, ættingjar, séra Sigurður Arnarson og vinir. TBR, Icelandair, Skógarvinir og badmintonhópurinn Trukkarnir. Jónas Þórir Þórisson organisti og tónlistarmenn sem önnuðust tónlistarflutning við útför. Stuðningur, kærleikur og fallegar kveðjur ykkar er okkar styrkur

**Unnur Einarsdóttir**
**Helgi Jóhannesson**
**Freyja Rut Emilsdóttir**
**Atli Jóhannesson**
**Halldóra Elín Jóhannsdóttir**
**Laufey Helga, Emma Katrín, Júlía Marín Helgadætur og Þórey Atladóttir**
**Helgi Scheving Jóhannesson**
**Lára Kristinsdóttir**
**Metta Helgadóttir**
**Jón Árnason**
**Hildur Kristín Helgadóttir**
**Finnur Leifsson**
**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ÞETTA GERÐIST:** 18. SEPTEMBER 1977

## Jón L. Árnason heimsmeistari í skák

Hinn 16 ára menntaskólanemi Jón L. Árnason varð heimsmeistari sveina í skák þennan dag árið 1977. Hann tapaði aðeins fyrir Gary Kasparov frá Sovétríkjunum sem lenti í þriðja sæti mótsins.

Heimsmeistaramót unglinga fór fram á skeiðvelli í bænum Cagnes Sur Mare í Frakklandi, stutt frá Nissa, innanhúss þó. Þar voru tefldar ellefu umferðir á jafn mörgum dögum. Jón hóf mótið með jafnteflisskák, en sex næstu skákir voru sigurskákir hans og hafði hann þá hlotið eins vinnings forskot á næsta mann. Síðan kom tapskákin á móti Kasparov. Jón náði góðum endaspretti og í þremur síðustu umferðunum gekk honum allt í haginn.

Við krýningarathöfnina að loknu móti voru fluttir þjóðsöngvar efstu manna og verðlaun afhent. Jón hlaut bikar til eignar að sigurlaunum.



**JÓN L. ÁRNASON**

# Þegar nær afmælinu dró greip mig æðruleysi

Þegar Einar Már Guðmundsson var barn var ekki búið að finna upp alla mannasiðina og afmæli gátu farið úr böndum. En í sextugsafmælinu á allt að vera á hófstilltum nótum.

„Þetta leggst bara vel í mig. Alltaf gaman að eiga afmæli, enda kemur það fyrir á bestu bæjum," segir Einar Már Guðmundsson rithöfundur spurður hvernig sextugu skáldi líði. „Ég hugsa að öllum finnist afmælisdagurinn sinn svolítið sérstakur. Greta Garbo hefði orðið 109 ára í dag. Það er ekki leiðinlegt að eiga sama afmælisdag og hún."

Mörg afmæli eru Einari Má eftirminnileg, einkum frá æskuárunum. „Ég var alinn upp á svo barnmörgu svæði í Heima- og Vogahverfinu. Þar voru um tvö þúsund börn, um 1% af þjóðinni, og ekki búið að finna upp alla mannasiðina. Það má segja að ég hafi gert þeirri sögu skil í Riddurum hringstigans þar sem afmælisveisla fór úr böndunum. Þannig að þar eru öll afmælin dregin inn í eitt."

Að sjálfsögðu situr Einar Már við að skrifa. „Ég er með bók í smíðum og er ekki búinn með hana. Það spurði mig einhvern tíma einhver hvort það kæmi út bók um jólin. Ég sneri út úr því og sagði að ég væri að skrifa bók en hún fjallaði ekki um jólin. Ég er að vinna í verki og það tekur sinn tíma."

En hvað ætlar skáldið að gera í dag í tilefni sextugsafmælisins? „Heyrðu. Bjóddu bara öllum sem lesa Fréttablaðið í afmælið mitt. Það verður í Bókabúð Máls og menningar klukkan 17 og er kallað afmælis- og útgáfuhóf því þá er að koma út úrval af ljóðunum mínum á ensku. Það verður smá dagskrá og glatt á hjalla og kannski verður einhver sem segir eitthvað – en allt á hófstilltum nótum."

Skyldi hann ekkert ætla að hella upp á könnuna heima? „Það er nú alltaf eitthvað á könnunni en það er ekkert stórbrotið í bígerð. Maður var búinn að sjá ýmislegt fyrir sér í sínum villtustu draumum en þegar nær afmælinu dró greip mig æðruleysi. Hugsanlega geri ég eitthvað seinna. Það er dálítið uppi á teningnum núna að vera ekkert að flýta sér. Kannski er það aldurinn. En að öðru leyti er ég þakklátur fyrir að tíminn líði og að vera nokkuð óskaddaður."

gun@frettabladid.is



**AFMÆLISBARNIÐ** „Það er nú alltaf eitthvað á könnunni en það er ekkert stórbrotið í bígerð," segir Einar Már um afmælishaldið heima. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**„Hugsanlega geri ég eitthvað seinna. Það er dálítið uppi á teningnum núna að vera ekkert að flýta sér. Kannski er það aldurinn. En að öðru leyti er ég þakklátur fyrir að tíminn líði og að vera nokkuð óskaddaður.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR MAGNÚS ÞÓR HARALDSSON**
**vélfræðingur,**
**Hlíðarvegi 33, Siglufirði,**

lést föstudaginn 12. september. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 20. september kl. 14.00.

**Gyða Valdimarsdóttir**
**Ragnar Þór Ólafsson**
**Árný Hrund Svavarsdóttir**
**Brynja Ólafsdóttir**
**Sveinn Jónatansson**
**Arnar Þór Ólafsson**
**Sigurlaug Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRA JENNÝ ÁGÚSTSDÓTTIR**
**frá Saxhóli, Breiðuvíkurhreppi,**
**fyrrum húsfreyja að Rauðaskriðum í Fljótshlíð,**

lést á heimili sínu, Kirkjuhvoli, Hvolsvelli, miðvikudaginn 10. september. Útförin fer fram að Breiðabólsstað í Fljótshlíð föstudaginn 19. september kl. 14. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar eru beðnir að láta Dvalarheimilið Kirkjuhvol njóta þess.

**Ágústa Guðjónsdóttir**
**Guðjón Guðmundsson**
**Bergþór Guðjónsson**
**Olga Elísa Guðmundsdóttir**
**Þorsteinn Guðjónsson**
**Ingveldur Guðný Sveinsdóttir**
**Sigurgeir Guðjónsson**
**Ingibjörg R. Gretarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## SKRAUTLEGT SAMSTARF

**Margir hlökkuðu til að sjá tískusýningu Jeremy Scott fyrir vorið 2015. Línuna hannaði hann í samstarfi við Miley Cyrus. Allar fyrirsæturnar báru hálsmen sem Cyrus hannaði sjálf.**




Aptiless
Thylakoids spínat extrakt
UTVECKLAD I SVERIGE VID LUNDS UNIVERSITET
Aukakílóin burt
spínat extrakt með Thylakoids
Frábært fyrir þá sem eru á 5:2 mataræðinu eða öðrum matar prógrömmum
Aptiless: Mest selda þyngdarstjórnunarefnið í Noregi og Svíþjóð.
Thylakoids: Dregur úr hungri - Minnkar sykurlöngun
Minnkar ummál - Fækkar aukakílóum.
Loksins efni sem virkar vísindalega sannað af Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð
sjá Medica Nord á facebook
Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsölustaðir apótek og heilsubúðir.
www.vitex.is



TÆKIFÆRISGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum
www.tk.is
Tékk KRISTALL
iittala
10% afsláttur
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955




**ALLT ANNAÐ LÍF** Guðbjörg hefur losnað við bjúg og bólgur eftir að hún fór að taka inn Serrapeptase.

MYND/STEFÁN

# EINS OG Í LYGASÖGU – SVO GÓÐUR ÁRANGUR

**GENGUR VEL KYNNIR** *Guðbjörg B. Petersen hefur þjáðst af óvirkum skjaldkirtli og hægum efnaskiptum um árabil sem leitt hefur til mikillar bjúgsöfnunar. Með því að taka Serrapeptase í rúma tvo mánuði hafa lífsgæði hennar batnað umtalsvert, bólgur minnkað og hreyfigeta aukist.*

Ég er svona gigtargemsi. Ég safna miklum bjúg, sérstaklega í öll liðamót en get ekki tekið vatnslosandi lyf vegna lágs blóðþrýstings. Ég er líka afskaplega stirð og á oft erfitt með hreyfingu sem og kyrrsetu. Einnig fæ ég bólgur í ennisholur, barka og vélinda þannig að oft á ég erfitt með að kyngja föstu fæði án óþæginda.“

**BJÚGUR MINNKAÐ TIL MUNA**

„Ég vissi ekki, við byrjun inntöku, við hverju ég ætti að búast. Ég var búin að prófa að ég taldi allt til að minnka bólgurnar án teljandi árangurs. Núna er bjúgmyndunin ótrúlega lítil og þar af leiðandi á ég mun léttara með hreyfingu s.s. gang og ég get prjónað úr fínu garni núna og sett á mig hringa. Sláttur í liðum, bólgur og stirðleiki hefur minnkað til muna, þrýstingurinn í ennisholunum er lítill sem enginn og það að kyngja er bara erfitt á slæmum dögum sem er, miðað við áður en ég fór að taka Serrapeptase, ekki oft.“

**KEMST Í ALLA SKÓ**

„Siggmyndun á hælum er ótrúlega lítil og stundum engin sem hefur ekki gerst síðan ég var á þrítugsaldri, ég kemst í alla mína skó núna, líka stígvél. En það sem er ótrúlegast við þetta allt er að hárið á mér (ég hef verið gráhærð síðan ég var þrítug) er farið að skipta um lit. Ég er farin að sjá brúnan tón og færri grá hár. Sonarsonur minn sem er 5 ára spurði mig um daginn hvort ég hefði sett strik í hárið. Ég sagði nei við því og spurði hann af hverju. Svarið var að hárið á ömmu væri ekki hvítt lengur og systir hans, 10 ára, tók í sama streng.“

**LÍFSGÆÐIN BATNAÐ**

„Með því að taka tvær á morgnana og tvær á kvöldin í 60 daga líður mér ekki lengur eins og blöðru fylltri með vatni og engin liðamót. Ég sé ekki að ég geti verið án Serrapeptase í framtíðinni þar sem lífsgæði mín hafa batnað umtalsvert á undanförnum vikum.“




**ÚTSÖLUSTAÐIR**

***Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur matvöruverslana.***

***Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is***




TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook
Framúrskarandi fyrirtæki 2013



SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN
Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti
Gerðu gæða- og verðsamanburð
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald
Heilsudýnur á frábæru verði
Verðdæmi á Sögu og Freyju
Með botni og fótum stgr.

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 153x203 | 144.900 kr. |
| 160x200 | 149.900 kr. |
| 180x200 | 169.900 kr. |
| 180x210 | 179.900 kr. |

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum
KORTER.IS













**BLANDAR ÓLÍKUM STÍLUM SAMAN** „Ég geng mikið í prjónapeysum frá mínu eigin fatamerki, Lúka, og er núna sérstaklega að leita mér að flottum leðurjakka.“ MYND/GVA

# RÓMANTÍSKUR PÖNKARI OG BÓHEM

**TÍSKA** *Brynhildur Þórðardóttir fatahönnuður gengur alltaf í einhverri flík eftir sjálfa sig. Hún kaupir helst föt af íslenskum hönnuðum og hefur aldrei gert slæm kaup.*

Ef ég ætti að lýsa eigin stíl væri það grafískur bóhem á móti nútíma klassík, á móti rómantískum pönkara, sem sagt blanda af öllu saman,“ útskýrir Brynhildur Þórðardóttir fatahönnuður þegar Fólk forvitnast um fatastílinn.

Hún segist ekki eiga sér sérstakar tískufyrirmyndir en dáist þó að David Bowie, Grace Jones og The Clash. Innblástur sækir hún í náttúruna, textíl og myndlist, gamlar ljósmyndir og umbúðir en líka í tónlist og kvikmyndir.

***Hver er best klædda stjarnan á hvíta tjaldinu?***
„Ég er ekkert sérstaklega að fylgjast með stjörnunum, en mér finnst Michael Fassbinder yfirleitt smart í tauinu, sé það bara á Facebook, og stundum er Tilda Swinton ógeðslega töff.“

***Hvar kaupirðu helst föt?***
„Ég kaupi af íslenskum hönnuðum og í vintage-búðum.“

***Hvaða hönnuður er í uppáhaldi?***
„Kannski ekki neinn einn sérstakur en ég hef alltaf haldið upp á Vivienne Westwood, Azzedine Alaïa, Kawakubo, Mizzoni og Prada til að nefna nokkra en mér finnst líka skandinavískir og íslenskir hönnuðir vera að gera mjög flotta hluti eins og Eygló og Stine Goya.“

***Kanntu að sauma?***
„Já, ég get saumað allt, er alltaf í einhverju eftir sjálfa mig.“

***Hvað áttu mörg skópör?***
„Veit það ekki, alla vega ekki nóg.“

***Háir hælar eða flatbotna?***
„Háir hælar.“

***Einlitt eða munstrað?***
„Munstrað.“

***Buxur, pils eða kjóll?***
„Pils og kjóll, stundum buxur ef þær eru nógu grafískar.“

***Peysa eða jakki?***
„Ég geng mikið í prjónapeysum frá mínu eigin fatamerki, Lúka, og er núna sérstaklega að leita mér að flottum leðurjakka.“

***Hver eru bestu kaupin?***
„Líklega nýju Ecco-skórnir mínir, þeir eru bæði þægilegir og töff.“

***En þau verstu?***
„Held ég hafi ekki gert nein slæm kaup.“

***Er einhver flík í skápnum í uppáhaldi?***
„Ég held mikið upp á Ellu-kjólinn minn og Missoni-peysuna mína, meðal annars.“

# FJÖREFNI FYRIR ALLA ÍSLENDINGA

**AÐFÖNG KYNNA** *Nutra-vítamín eru frábær kostur fyrir þá sem hugsa um heilsuna og vilja taka inn fjölbreytt og góð bætiefni á sanngjörnu verði. Nutra er sérsniðið að þörfum Íslendinga og annarra sem búa á norðurslóðum.*

Guðmundur Þór Guðmundsson, stöðvarstjóri hjá Olís í Norðlingaholti, var stirður í baki eftir aðgerð sem hann gekkst undir við brjósklosi fyrir þremur árum.

„Sökum stirðleika var ég iðulega erfiður upp á morgnana og slæmur í skrokknum,“ segir Guðmundur, sem fékk ábendingu um gæðavítamínin frá Nutra og hefur síðan endurheimt úthald, styrk sinn og vellíðan.

„Ég hef lengi haft tröllatrú á magnesíumi og D-vítamíni sem styrkir ónæmiskerfið og er allra meina bót. Því skellti ég mér á Nutra-magnesíum og D-vítamín og var aðeins mánuði síðar orðinn mun styrkari, liðugri og betur á mig kominn,“ segir Guðmundur, sem hafði áður tekið inn sambærileg vítamín og steinefni frá þekktum en mun dýrari framleiðendum.

„Nutra-vítamínin eru verulega hagkvæm fyrir budduna og maður fær meira magn fyrir lægra verð. Þau gera mér afskaplega gott og hafa ekki síður góða virkni en dýrari vítamín á markaðinum.“

Guðmundur hefur síðan bætt við Nutra-kalki því kalk styrkir bein á meðan magnesíum slakar á vöðvaspennu á náttúrulegan hátt.

„Ég er nú allt annar í bakinu og léttari á líkama og í lund. Í frístundum rembist ég við að spila golf og þá kemur sér vel að hafa tekið inn aukaskammt af fjörefnum, því það er ekki alltaf sem maður fær ráðlagðan dagskammt fjörefna úr fæðunni,“ segir Guðmundur kátur.

„Með þessari kærkomnu Nutra-þrennu er ég nú betur í stakk búinn til að takast á við líf og leik og líður svo miklum mun betur.“



**ÖFLUGUR** Guðmundur Þór Guðmundsson öðlaðist meiri styrk og betri heilsu eftir að hann fór að taka inn Nutra-vítamín að staðaldri. MYND/GVA

**MEIRI GÆÐI Á BETRA VERÐI**

Nutra er hugsað fyrir alla sem vilja geta tekið inn fjölbreytt og góð bætiefni á sanngjörnu verði. Allar umbúðamerkingar eru á íslensku, samkvæmt íslenskum reglum um næringargildi og ráðlagða dagskammta, og með íslenskum heitum á innihaldsefnum.

**NÁTTÚRULEGT OG ÁN ERFÐABREYTTRA EFNA**

Nutra er framleitt samkvæmt ströngustu GMP-framleiðslustöðlum og inniheldur einungis virk efni frá viðurkenndum framleiðendum. Vítamín frá Nutra innihalda einungis náttúruleg hjálparefni og engin erfðabreytt innihaldsefni eða hjálparefni eru notuð við framleiðsluna.

**SÉRHANNAÐ FYRIR FÓLK Á NORÐURSLÓÐUM**

Við þróun og framleiðslu á Nutra er sérstaklega tekið mið af þörfum fólks á norðlægum slóðum, matarvenjum þess og veðurfarslegum aðstæðum. Þannig er til dæmis óumdeilt að fólk á norðurhveli þarf meira D-vítamín en þeir sem búa á sólríkari slóðum.

- **Nutra D3 1000-vítamíntöflur** eru litlar og auðvelt að kyngja þeim. Ein tafla inniheldur 1000 AE, 25 míkrógrömm (mcg) af D3-vítamíni, sem er besta og virkasta fáanlegt form af D-vítamíni og er oft kallað D3-kólikalsiferól.
- **1000 AE 25 mcg** er 500 prósent af ráðlögðum dagskammti og óhætt að gefa það börnum allt niður í eins árs.

## MEIRA MAGN FYRIR MUN LÆGRA VERÐ

Nutra-vítamín fást í stærri pakkningum og á mun betra verði en íslenskir neytendur hafa átt að venjast.

Nutra-vítamínin eru vönduð hágæðabætiefni fyrir alla fjölskylduna, framleidd undir ströngu gæðaeftirliti í Svíþjóð. Í flestum pakkningum eru 120 töflur eða hylki og dugar því hver pakkning í tvo til fjóra mánuði, eftir því hvort teknar eru inn ein eða tvær töflur á dag.

Nutra fæst í verslunum Bónuss og Hagkaups.




## TAKTU D-VÍTAMÍN Á HVERJUM DEGI

Íbúar á norðurslóðum fá ekki nægjanlegt D-vítamín úr daglegri fæðu nema þeir borði umtalsvert magn af laxi á degi hverjum. D-vítamín er því eitt af mikilvægustu vítamínum til inntöku. Húðin vinnur D-vítamín einnig úr sólarljósi en fyrir þá sem búa á norðurhveli jarðar er best að taka inn D-vítamín allt árið til að tryggja nægjanlegt magn þess fyrir líkamann. D-vítamín gegnir mikilvægu hlutverki í starfsemi líkamans og er meðal annars talið nauðsynlegt fyrir eðlilega starfsemi ónæmiskerfisins. Það gefst vel gegn húðþurrki, í baráttunni við sóríasis og gegnir mikilvægu hlutverki fyrir vöðva líkamans. D-vítamín er ómissandi fyrir upptöku kalks og annarra steinefna og því mikilvægur þáttur í uppbyggingu beina og tanna.

## MAGNESÍUM PLÚS – SLAKANDI OG RÓANDI FYRIR LÍKAMA OG SÁL

Nutra Magnesíum Plús inniheldur magnesíum, B12-vítamín, B6-vítamín og fólinsýru. Magnesíum og B-vítamín virka einkar vel saman, til dæmis gegn mígrenihöfuðverk. B-vítamín nýtist einnig vel með magnesíumi við orkuframleiðslu í líkamanum. Magnesíum hjálpar ekki aðeins vöðvum og taugum að starfa eðlilega, heldur viðheldur það stöðugum hjartslætti, blóðsykursjafnvægi, eðlilegum blóðþrýstingi og eflir heilbrigði ónæmiskerfisins.
Öll líffæri þurfa á magnesíumi að halda en hjarta og nýru þurfa einkum og sér í lagi á þessu mikilvæga steinefni að halda. Þá gegnir magnesíum mikilvægu hlutverki fyrir vöxt og viðhald tanna og beina, það virkjar ensím líkamans og hefur áhrif á orkuframleiðslu (vinnur vel með B-vítamínum). Magnesíum stjórnar hlutfalli margra mikilvægustu efna líkamans og kemur meðal annars jafnvægi á kalk, kopar, sink og D-vítamín.







## KALK – FYRIR TENNUR OG BEIN

Nutra Kalk inniheldur 500 mg af kalki fyrir tennur og bein. Ein tafla uppfyllir 63 prósent af ráðlögðum dagskammti og því auðvelt að uppfylla kalkþörf líkamans með Nutra Kalki. Flestum dugar að taka inn eina töflu á dag en óhætt er að taka tvær ef ekki er neytt kalkríkrar fæðu.

Nutra-kalk fæst í 120 taflna pakkningum og er ódýr og góður kostur fyrir þá sem taka inn kalk daglega því skammturinn dugar í tvo til fjóra mánuði. Gott er að taka inn D-vítamín með kalki þar sem upptaka og nýting verður þá mun meiri. Því er mælt með að taka inn eina töflu af Nutra D3 1000 AE kólikalsiferól samhliða Nutra-kalki.

# HLÝJAR OG KÓSÍ

**VETRARTÍSKAN** *Nú styttist í að fólk þurfi að draga þykka jakka og vetrarkápur út úr skápunum. Gaman er því að rifja upp hvað spekúlantar tískuheimsins báru á borð síðastliðið vor þegar þeir kynntu tísku þessa hausts og vetrarins sem senn skellur á. Yfirhafnirnar sem helst ætti að klæðast á komandi mánuðum eru þykkar, víðar og litríkar. Margar þeirra minna líka helst á sloppa.*


NINA RICCI


EMILIO PUCCI

LOUIS VUITTON

CHRISTIAN DIOR

CHRISTIAN DIOR


DOLCE & GABBANA


VALENTIN YUDASHKIN

SHIATZY CHEN

GUCCI



20% AFSLÁTTUR
AF BUXUM OG BOLUM

KAREN MILLEN
KRINGLUNNI / SMÁRALIND


Veiðivörur.is
Síðumúli 37
581-2121
Reykjavík • Akureyri
Hafnarstræti 99
462-1977
Opið Mánudaga til Föstudaga frá 10 til 18 og Laugardaga frá 10 til 16
Haust útsala 20-70% afsláttur
Útsalan okkar er líka á netinu
Vaxtalaus kortalán til 6mán
Vision Kura Vöðlur
Útsöluverð: 38.935
Verð áður: 59.900
Vision Ikon Vöðlur
Útsöluverð: 29.185
Verð áður: 44.900
Keeper Öndunar Vöðlur
Útsöluverð: 19.494
Verð áður: 29.990
Vision Mako Vöðluskór
Útsöluverð: 23.985
Verð áður: 36.900
Vision Loikka Vöðluskór
Útsöluverð: 23.985
Verð áður: 36.900
Vision Zulu Fluguveiðisett
Útsöluverð: 25.994
Verð áður: 39.900
A. Jensen Titan Einhenda
Útsöluverð: 14.995
Verð áður: 29.900
Vision Mag Einhenda
Útsöluverð: 38.935
Verð áður: 59.900
A. Jensen Tvíhendu Tilboð
Útsöluverð: 43.445
Verð áður: 86.890
Vision Opas Vöðlujakki
Útsöluverð: 29.995
Verð áður: 59.900
Vision Kura Vöðlujakkar
Útsöluverð: 29.185
Verð áður: 44.900
Vision Cult Tvíhenda
Útsöluverð: 72.085
Verð áður: 110.900
Keeper Switch Flugustöng
Útsöluverð: 31.194
Verð áður: 47.900
A. Jensen Gacka Fluguveiðihjól
Útsöluverð: 8.450
Verð áður: 16.900
Vision Koma Fluguveiðihjól
Útsöluverð: 11.635
Verð áður: 17.900
Vision Tank Fluguveiðihjól
Útsöluverð: 34.385
Verð áður: 52.900
Vision 100mm Primaloft
Útsöluverð: 14.995
Verð áður: 29.900
Vision Subzero Neopram Vöðlur 5mm
Útsöluverð: 22.294
Verð áður: 44.990
Vision Opas Öndunarvöðlur M/Rennilás
Útsöluverð: 64.935
Verð áður: 99.990
Salmo Diamond Bait Kasthjól
Útsöluverð: 12.995
Verð áður: 19.900
Vision Varioverse Fluguveiðihjól
Útsöluverð: 64.935
Verð áður: 99.900
Vision Deep Fluguveiðihjól
Útsöluverð: 11.635
Verð áður: 17.900
Abu Garcia
30% afsláttur
NORFIN
40% afsláttur
VISION FLY FISHING
35% afsláttur
A. Jensen
50% afsláttur
SALMO
40% afsláttur
ZEBCO Let's go fishing.
35% afsláttur





PHILLIP LIM







HERVE LEGER BY MAX AZRIA

MARC BY MARC JACOBS

# VESKI VORSINS

**TÍSKA** *Þótt fötin veki mesta athygli á tískupöllunum eru það fylgihlutirnir sem setja punktinn yfir i-ið. Á tískusýningum fyrir vorið og sumarið 2015 gaf að líta afar fjölbreytt úrval af töskum og veskjum. Hér má sjá lítið brot af því sem tískuhönnuðir sjá fyrir sér fyrir næsta sumar.*





CHRISTIAN SIRIANO


BCBG MAX AZRIA


ALEXANDER WANG

Bílalíf



**SJÁLFSKIPTUR - JIMNY**

SUZUKI JIMNY JLX Árgerð 2005, ekinn aðeins 113þ.km. sjálfskiptur. Gæða eintak! Verð 1.280þ. Rnr.104714. Er á staðnum - Bílalíf.

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**NÝ A-LINER EXPEDITION**

ÚTSALA, A-liner Expedition, Léttur toppur, Ísskápur, Truma, álfelgur ofl, ATH aðeins 1 stk eftir á þessu frábæra verði, Verð aðeins 2.490.000kr, Er á staðnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sorento ex classic 197 hö. Árgerð 2012, ekinn 66 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.290.000. Rnr.210139. TILBOÐ kr: 4.990.000,-

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



VW Passat comfortline. Árgerð 2007, ekinn 108 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.980.000. Rnr.990870.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



Kia cee'd EX 1.6 . Árgerð 2014, ekinn 6 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Rnr.210545.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**




VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotaklettahalsi.is



VW Polo trendline. Árgerð 2013, ekinn 43 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.940.000. Rnr.181966.



SKODA Octavia combi ambition 1.6 tdi 4x4. Árgerð 2013, ekinn 45 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.290.000. Rnr.181949.



TOYOTA Aygo terra. Árgerð 2013, ekinn 55 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.720.000. Rnr.204258.



TOYOTA Auris terra eco. Árgerð 2012, ekinn 59 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.570.000. Rnr.181935.



TOYOTA Auris terra eco. Árgerð 2014, ekinn 21 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.130.000. Rnr.270318.



TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2013, ekinn 39 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.270322.



TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2014, ekinn 28 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.181927.

**Toyota Kletthálsi**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotakletthalsi.is**

MB bílar



Isuzu D-MAX skráður 07/2007 Ekinn 128 þkm. Dísel, sjálfskiptur, dráttarkúla, pallhús. Verð kr. 2.490.000



Skoda Octavia Ambiente Combi skráður 06/2007 Ekinn 117 þkm. Dísel, sjálfskiptur, lúga, bakkskynjari. Verð kr. 2.150.000



Mercedes Benz CLK skráður 11/1998 Ekinn aðeins 127 þkm. Bensín, sjálfskiptur, gott eintak. Verð kr. 850.000

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið virka daga 10-18, laugard. 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

HEIMSBÍLAR



TOYOTA Land cruiser 90 vx. Árg. 2002, ek. 232 Þ.KM, dísel, sjálfsk.krókur Verð 1.890.000. Rnr.335138. gott staðgr. tilboð. uppl s 567-4000



SKODA Octavia elegance turbo.150 hestöfæ. Árg. 2004, ek. 210 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 790.000. Rnr.322758. bíll í toppstandi,skipt um tímar.198þ uppl s. 567-4000

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

# Notaðir bílar á nýju og betra láni

**Lykillán** er ný og hagkvæmari leið til að eignast notaðan bíl. Með Lykilláninu bjóðum við nú **hærra lánshlutfall** og **lægri vexti**.

**Allt að 80% lánshlutfall**



**Samanlagður aldur bifreiðar og láns getur orðið allt að 12 ár**

**Lægstu vextir 8,75%**

PIPAR\TBWA · SÍA · 142464

**Kynntu þér spennandi kosti Lykilláns á lykill.is**

Stofngjald: 2–3,5% | Þinglýsingargjald: 2.000 kr.
Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 80%.

Vextir eru óverðtryggðir og breytilegir. Skylt er að húftryggja bifreiðina á lánstímanum.

Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lysing.is

Lykill

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



TOYOTA Land Cruiser 150 GX 60th 7 manna . skr 5/2012, 47þ.km, dísel, sjálfskiptur,krókur,húddhlíf,filmur. Verð 8.690.000. Skipti ód. nr.122651.



TOYOTA Land Cruiser 120 GX 8 manna. skr 6/2006, 210þ.km, dísel, sjálfskiptur,dráttarkrókur. Verð 3.590.000. Skipti ód.Rnr.209791.



TOYOTA Rav4 GX dísel 2.2. skr 6/2013, 32þ.km,dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. skipti ód. Rnr.122697.

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



HONDA Cr-v Executive. 5/2011, skr 69þ.km, bensín, sjálfskiptur,leður,2 sóllúgur. Verð 4.690.000.Skipti ód. Rnr.122675.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18**

## Bílar til sölu



**TILBOÐ 4,4 MKR**

Toyota Prius árgerð 2013 ekinn 22.000 Eyðir 4,5 í blönduðum akstri gangverð er 4,9 mkr uppl. s 8602077



Suzuki Cool Car 1400, 4x4 árg. 2013 ekin 1300km. (nýr bíll) skráður 6 manna en með belti fyrir 8 (hægt að fá breytingu á skráningu) Verð 2.850þús. Uppl. í s. 6995595

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

## 0-250 þús.



Renault clio ,00. Ek.155 þ. Skoðaður. Topp bíll. Beinsk. Verð 260 þ. Mögul. á 100% fjármögnun með Netgíró. Uppl í 7783911



Nissan micra ,99. Ek. 210. Sjálfsk. Skoðaður. Verð 120 þ. Uppl í 7783911

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**0-400 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-400. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vörubílastöðin Þróttur
ÞRÓTTUR 577-5400
Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

## Vinnuvélar




**VINNUVÉLADEKK**

Vorum að fá nýja sendingu af vinnuvéladekkjum. Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl Ýmsar algengar Stærðir O.K.Varahlutir S: 6961050 okspares@simnet.is

## Bílaþjónusta




## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is




**FELGUR**

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

# STÓRA BÍLASALAN

**586 1414**

**OPNUNARTÍMI**
MÁN- FÖST.
FRÁ KL. 10:00-18:00

LAUGARDAGA
FRÁ KL. 12:00-16:00

**www.stora.is**



**Skoda Octavia Station Dísel**
Árgerð 2010. Ekinn 116þ.km. Beinskiptur. Eyðslugrannur fjölskyldubíll. **Verð 2.680.000 kr.** Raðnúmer 156346.



**Skoda Octavia Station Elgance Dísel**
Árgerð 2010. Ekinn 99þ.km. Beinskiptur. Vel búinn bíll. **Verð 2.990.000 kr.** Raðnúmer 156348.



**NÝR - MMC Space Star**
Árgerð 2014. Beinskiptur. Ódýrasti nýi bíllinn í dag! **Verð aðeins 1.690.000 kr.** Raðnúmer 156501.



**NÝR – Hyundai i20 Classic**
Árgerð 2014. Beinskiptur. Einn besti smábíllinn í dag á frábæru verði **2.090.000 kr.** Raðnúmer 134168.



**NÝR – Toyota Yaris Hybrid Active**
Árgerð 2014. Sjálfskiptur. Vel búinn og eyðslugrannur bíll. **Verð 2.990.000 kr.** Raðnúmer 156475.



**Nissan Patrol GR Dísel**
Árgerð 2008. Sjálfskiptur. Góður jeppi á frábæru tilboðsverði aðeins **3.390.000 kr.** Raðnúmer 156174.



**VW Caddy Dísel**. Árgerð 2011. Ekinn 69þ.km. Beinskiptur. Gott eintak. **Verð 1.990.000kr** án VSK. Raðnúmer 156288.



**NÝR – Toyota Proace LX** Langur Árgerð 2014. Beinskiptur. **Verð aðeins 4.490.000 kr** með VSK. Raðnúmer 156362.



**Chrysler Town&Country**
Árgerð 2010. Ekinn 61þ.km. Sjálfskiptur. **Verð 3.850.000 kr.** Raðnúmer 156526.



**Land Rover Defender 110**
Árgerð 2010. Ekinn 89þ.km. 7 Manna. 33" breyttur. **Verð 5.990.000 kr.** Raðnúmer 156454.



**Hyundai i10**
Árgerð 2010. Ekinn 86þ.km. Beinskiptur. **Tilboð 990.000kr.** Raðnúmer 156510.



**Hyundai i10**
Árgerð 2013. Ekinn 54þ.km. Beinskiptur. **Tilboð 1.290.000 kr.** Raðnúmer 156524.



**BMW 520 Dísel**
Árgerð 2010. Ekinn 94þ.km. Sjálfskiptur. Leður. O.m.fl. **Verð 4.790.000 kr.** Raðnúmer 156525.



**BMW M5**
Árgerð 2005. Ekinn 53þ.km. Sjálfskiptur. Einn með öllu. **Verð 6.990.000 kr.** Raðnúmer 156483.



**MMC Pajero Instyle Dísel**
Árgerð 2012. Ekinn 54þ.km. Sjálfskiptur. 7 manna, leður o.m.fl. **Verð 7.490.000 kr.** Raðnúmer 134215.



**MMC Outlander Comfort**
Árgerð 2006. Ekinn 117þ.km. Beinskiptur. Ný tímareim. **Tilboð 990.000 kr.** Raðnúmer 156225.



**M.Benz B220 Dísel**
Árgerð 2014. Ekinn 18þ.km. Sjálfskiptur. Glæsilegur bíll. **Verð 6.150.000 kr.** Raðnúmer 156556.



**Nissan Leaf SL**
Árgerð 2014. Ekinn 13þ.km. Sjálfskiptur. Leður, sólarsella o.m.fl.. Verð 3.990.000kr. Raðnúmer 156387

**Stóra bílasalan • Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík • S. 586 1414 • www.stora.is**

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Húsaviðhald

KRAFTbindingar
699 0921 - 616 8822
kraftbindingar.is
• Mótauppsláttur
• Járnabindingar

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna - Pípulagnir
Raflagnir - Málningavinna
Múrviðgerðir - Flísalagnir
Hellulagnir - Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

TRÉSMÍÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐA-VINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

## Spádómar

Spáði í beinni í Sunnudagsmorgnum hjá Sirrý fyrir tveimur árum. Uppl. í S. 690 8160.

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 587 5976.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Óska eftir Punktsuðuvél, þarf að vera einfasa og fótstigin. Uppl. í síma 863 8031 og 895 7678

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 80- 400 FM HÚSNÆÐI MEÐ ALLT AÐ 4M LOFTHÆÐ MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi og Auðbrekku (gömlu Toyota húsunum) hentar undir léttan iðnað, heildsölur o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rúmgóð 2ja herb. íb. í Kópavogi laus strax. Leigist með húsg. og vönduðum rafmagnstækjum. Uppl. í S. 692-8112.

**TIL LEIGU Á SELFOSSI !**
Hraunhella 6. 230 fm. Laus frá 1.9. v. 175 þús. + vatn og rafmagn e. 160 án bílskúrs. 3 m. bankaábyrgð skilyrði. Uppl. 510 3500 Björgvin m. 8-18 e. Eggert 692 2266 e. kl 18

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407



**Súlu/stauraborun**
Ertu með djúpa byggingarlóð? Getum borað fyrir súlum 40 cm að þvermáli og allt að 10m að dýpt.
Nánari uppl. í s. 893 7364
Stefán eða reisum@simnet.is

XPRENT -merkir allt
Hafðu samband við okkur ef þig vantar: bílamerkingar, inni- og útimerkingar, striga- og ljósmyndaprentun, prentun á gsm hulstur, límmiða á veggi, texta á veggi ofl.
www.xprent.is
Xprent - Sundaborg 1 - 104 Rvk. - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

Pípulagningaþjónustan RÓ ehf
**Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar:**
**Miðstöðvar, gólfhita, snjóbræðslu- og neysluvatnskerfi, skólp og drenlagnir.**
**Reynir Lúthersson • Pípulagningameistari • Sími 868 6010**
**Ólafur Einarsson • Sími 780 3939**

**Geymslu / hobbyskúrar til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**Startarar og alternatorar**
*Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar. Varahluta og viðgerðaþjónusta, gerum föst verðtilboð í viðgerðir*
*55ár í þjónustu við bíleigendur!*
Ljósboginn ehf. **Bíldshöfða 14 sími 553-1244**
ljosboginnehf@simnet.is

Eigum á lager aðalljós, afturljós og hliðarljós fyrir flestar gerðir vörubíla, höfum einnig úrval af boddý hlutum í vörubíla. Minnum einnig á varahlutaþjónustu í vörubíla og vinnuvélar.
OK VARAHLUTIR **Sími: 696-1050 okspares@simnet.is**

EYJALIND
**Skotbómulyftarar**
- Sala
- Varahlutir
- Þjónusta

Vertu vinur okkar á Facebook
**S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

**Minni tæki í miklu úrvali.**
Jarðvegsþjöppur
Hjólavagnar
Valtarar
Hrærivélar
Steypusagir
Pússi-þyrlur
Vibratorar
ÁSAFL Þessi er sink-húðuð.
Hjallahraun 2 - 220 Hfj. - s. 562 3833 - www.asafl.is - asafl@asafl.is

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
Smiðjuvegur 2 • Kópavogur
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

- Jarðvegsvinna
- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Húsarif
- Öll almenn verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Húsnæði óskast

Reglusamur ungur maður óskar eftir herbergi miðsvæðis í Rvk. Uppl. í síma 7797389

Erum par,34 og 35 ára sem erum í leit að 2 til 3 herbergja íbúð í Reykjavík. Reglusöm og öruggum greiðslum heitið. Greiðslugeta 120000-150000 kr Getum borgað trygginu og reddað meðmælum. Bráðvantar íbúð. S: 8575131 eða 7830455

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Opið helgina 27. - 28. september og 4. - 5. október frá kl. 11 til 18. Uppl. í s. 895 3176 & 864 3176

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 Sólbakki.

**GEYMSLUHÚSNÆÐI**
Tökum tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi til geymslu í vetur. Húsnæðið er í Fljótshlíð, 110 km frá Reykjavík. Uppl. í s. 8922048 og 8931162.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HLÖLLABÁTAR**
Starfsfólk óskast á kvöld, nætur og helgarvaktir á Hlöllabáta Ingólfstorgi. 18 ára aldurstakmark og íslenskukunnátta skilyrði.
**Uppl á Ingólfstorgi milli Kl 13-17 Eða Umsóknir sendist á hlollabatar@hlollabatar.is**

**KVÖLD- OG HELGARVINNA.**
Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni, tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur er 18 ára.

Upplýsingar í síma 774 7400 tölvupóstur: kvoldvinna@simstodin.is

Stundvís, reglusamur góður starfskraftur óskast til ýmissa starfa í matvöruverslun. Uppl. Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60. S.553 8844.

**ERT ÞÚ GRILLARINN SEM VIÐ LEITUM AF ?**
Með reynslu - ennþá betra. Upplýsingar á staðnum. Burger - inn Flatarhrauni 5, Hfj.

## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

### Laugavegur 34a, 36 og Grettisgata 17

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2 sem afmarkast af Laugavegi, Frakkastíg, Klapparstíg og Grettisgötu vegna lóðanna nr. 34A og 36 við Laugaveg og nr. 17 við Grettisgötu. Í breytingunni felst m.a. hækkun nýbygginga að hluta um eina hæð, minnkun á byggingarreit kjallara til suðurs og gert ráð fyrir garði í stað friðaðra húsa (verða flutt annað) sem gert var ráð fyrir á lóðinni við Grettisgötu 17.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Friggjarbrunnur 18

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 18 við Friggjarbrunn. Í breytingunni felst m.a. að fjölga íbúðum úr fimm í sjö, fjöldi bílastæða er óbreyttur og sérgeymslur verða í kjallara.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Kambavað 5

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðarinnar nr. 5 við Kambavað. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og breyting á fyrirkomulagi bílastæða til að koma fyrir rúmgóðum bílastæðum fyrir fatlaða.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 18. september 2014 til og með 30. október 2014**. - Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is*****, skipulag í kynningu.** Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 30. október 2014. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 18. september 2014
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## atvinna

**HAMBORGARASMIÐJAN**

***Óskum eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu og þjónustustörf.***
Starfið felur í sér að öll almenn afgreiðslu og þjónustustörf sem til falla á veitingastað.
unnið er samkvæmt vaktaplani 2-2-3 og á 10 - 11 tíma vöktum.
*(Við lokum kl. 22.00 á kvöldin )* Þetta er reyklaus vinnustaður.
Við leitum að fólki 20 ára eða eldra og helst með reynslu af þjónustustörfum. **Umsóknir sendist á smidjan@live.com**

**Starfsfólk óskast því okkur vantar frábæra einstaklinga sem passa í hópinn okkar**

**Erum að leyta eftir öflugum einstaklingum í mötuneyti okkar og miðlægt eldhús**
**Fullt starf og hlutastörf eru í boði.**

menu veitingar

**Umsóknir sendist á menu4u@menu4.is**
***Nánari upplýsingar í síma 421 4797***

## fasteignir

**203 Kópavogur**
# Tröllakór 13-15 íbúð 307



**OPIÐ HÚS**
**Fimmtud. 18. sept. 17:30 - 18:00**

Mjög falleg og björt 116fm, 3ja herbergja enda-íbúð á 3ju hæð.
Fallegt útsýni frá svölum út að Heiðmörkinni.
Stutt í fallegar gönguleiðir.
Stæði í bílageymslu og lyfta.
Vandað og viðhaldslítið hús.

Verð: **34,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir
**Lára Björg Björnsdóttir,** sölufulltrúi
lara@miklaborg.is **sími:** 841 2333

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**210 Garðabær**
# Mávanes 4



**Glæsilegt einbýlishús með sjávarútsýni**

Staðsett við enda botnlanga við opið grænt svæði.
4 svefnherbergi, stofa með arni, nýlegt eldhús,3 baðherbergi, stór borðstofa.
Að auki er innréttuð stúdíóíbúð í bílskúr með sérinngangi.

Verð: **TILBOÐ**

Nánari upplýsingar veitir
**Jason Ólafsson,** Sölufulltrúi
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

# EIGNAMIÐLUN

Frá 1957 Sala fasteigna í 57 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

### Gunnarsbraut - miðhæð - 4ra herb




sérhæð/ miðhæð í góðu þríbýli á góðum stað steinsnar frá miðborginni. **Íbúðin er laus strax og sölumenn sýna.**
**V. 34,9 m.** 4575

### Hringbraut - nýl. steinað hús.




.3ja herbergja íbúð á 1.hæð ásamt bílskúr. Húsið er nýlega steinað að utan en framkvæmdum ekki að fullu lokið. **Laus strax , sölumenn sýna.**
**V. 28,9 m.** 4570

### Fagrakinn Hf. 2ja herb




71,9 fm íbúð í kjallara í tvíbýlishúsi á fínum stað í Hafnarfirði. Sérinngangur.Fallegt bað og eldhús. Flísar og plastp. á gólfum. **Laus strax, lyklar á skrifstofu, sölumenn sýna.**
**V. 19,5 m.** 4576

### Vesturberg 6 111, Rvk.Íbúð 0401




góð ca 102 fm 4ra -5 herbergja endaíbúð á 4.hæð í fallegu fjölbýli á einstaklega góðum útsýnisstað í Breiðholtinu. **Laus strax, sölumenn sýna. V. 24,9 m. 4573**

### Grýtubakki 12 109 Rvk.




2ja herbergja 81,9 fm íbúð á 1.hæð í ágætu húsi. Þarfnast talsverðra endurbóta. **Laus strax, sölumenn sýna.**
**V. 17,9 m. 4571**

### Öldusslóð - H. -3ja. Íbúð 0101




3ja herbergja 91 fm íbúð á jarðhæð í að sjá góðu húsi á fínum stað í Hafnarfirði, steinsnar frá miðbænum. Sérinngangur. **Laus strax og sölumenn sýna. V. 23,9 m.** 4574

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR

// LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR

VERÐHRUN!

# RÝMINGAR SALA BÓKAÚTGEFENDA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ KL. 10-18 ALLA DAGA

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

ALDREI MEIRA ÚRVAL!

DÚNDUR PAKKA-TILBOÐ!

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




1.990 KR.




990 kr.




Nigella

1.990 KR.




Fótboltabækur

1.499KR. STK.



Tinnabækurnar

490 KR. STK.




Turtles 2

1.499 kr.




990 KR.

# BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!



KL. 20:10
**Sósa og salat**
Friðrik Dór stýrir skemmtilegum þáttum í anda Diners, Drive-ins and Dives sem hefur notið mikilla vinsælda.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

KL. 20:30
**Masterchef USA**
Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



KL. 21:15
**NCIS**
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



KL. 22:00
**Major Crimes**
Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknardeild.



KL. 20:15
**Two and a Half Men**
Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Charlie Sheen í aðalhlutverki.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



KL. 19:50
**X Factor UK**
Einn vinsælasti þáttur veraldar er loksins kominn til Íslands. Simon Cowell, Mel B, Cheryl Cole og Louis Walsh skipa dómnefndina.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 5 | | | 7 | | |
| 7 | | | 8 | | 1 | | 3 | 6 |
| | 5 | | 6 | | 2 | | 9 | |
| | | 7 | | | | | 6 | 5 |
| | 6 | | 7 | 5 | 8 | | 4 | 1 |
| | 8 | | | | | | | |
| 3 | 4 | 2 | | | 7 | | | |
| | | | | 6 | | 4 | 8 | |
| | 9 | | | 3 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 1 | 2 | 9 | | | | |
| 6 | | 7 | | 1 | 8 | | | |
| | | | | | | | | 6 |
| | 6 | | | 3 | | | | |
| 8 | | | 1 | 7 | 2 | | | 5 |
| 5 | | | | | | 7 | 9 | |
| 4 | 8 | | 7 | | | | 1 | |
| | | 5 | 8 | 2 | 3 | 4 | | |
| | | 6 | | | | 5 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 9 | | 2 | 5 | | |
| | | 1 | | | | 7 | | |
| 2 | 3 | | 4 | | | 8 | | |
| | | | 5 | | | 4 | | |
| | 4 | | | | 8 | | 1 | |
| | 1 | | | 3 | | | | 5 |
| | | | 8 | | | 1 | 3 | |
| 9 | | 7 | | | | | | |
| | | | 6 | | 5 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 |
| 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 |
| 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 8 | 7 | 2 | 3 |
| 4 | 3 | 5 | 2 | 1 | 9 | 8 | 6 | 7 |
| 6 | 9 | 8 | 5 | 7 | 4 | 3 | 1 | 2 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 3 | 6 | 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 7 | 5 |
| 1 | 5 | 9 | 7 | 4 | 6 | 2 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 8 | 1 | 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 5 | 4 | 6 | 3 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 |
| 3 | 8 | 1 | 7 | 6 | 2 | 5 | 4 | 9 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 8 | 2 | 7 | 3 |
| 1 | 4 | 5 | 8 | 7 | 6 | 3 | 9 | 2 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 6 | 5 |
| 6 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 4 | 7 | 3 | 5 | 8 | 2 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 |
| 9 | 3 | 2 | 6 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 |
| 3 | 5 | 4 | 9 | 7 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 4 |
| 8 | 2 | 9 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 1 | 9 | 3 | 2 | 8 | 7 | 4 | 6 | 5 |
| 4 | 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 2 | 6 | 8 | 5 | 4 | 3 | 7 | 9 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Dagur án hláturs er dagur án tilgangs.“
*Charlie Chaplin.*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** plat, **6.** átt, **8.** drulla, **9.** æxlunarkorn, **11.** slá, **12.** aðfall, **14.** rabb, **16.** drykkur, **17.** útsæði, **18.** tunna, **20.** til, **21.** mála.

**LÓÐRÉTT**
**1.** nýja, **3.** frá, **4.** þegn, **5.** augnhár, **7.** hagnaður, **10.** þrá, **13.** heyskaparamboð, **15.** ala, **16.** blekking, **19.** ólæti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gabb, **6.** na, **8.** for, **9.** gró, **11.** rá, **12.** aðsog, **14.** skraf, **16.** te, **17.** fræ, **18.** áma, **20.** að, **21.** lita.
**LÓÐRÉTT: 1.** unga, **3.** af, **4.** borgara, **5.** brá, **7.** arðsemi, **10.** ósk, **13.** orf, **15.** fæða, **16.** tál, **19.** at.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Björn Hólm Birkisson (1.655) átti leik gegn Jóni Þór Helgasyni (1.681) í fyrstu umferð b-flokks Haustmóts TR.**
**Svartur á leik:**



**42. ... Hxc6! 43. Hxc6 gxf3!** (f-peðið verður ekki stöðvað!) **44. Hxa6 f2 45. Hxa5 Kg4 46. Kb3 f1D 47. c4 Db1+ 48. Ka3** og hvítur gafst upp um leið. Önnur umferð Haustmóts TR fór fram í gærkveldi.
**www.skak.is** Huginn byrjar vel á EM taflfélaga.



Ekki klikka á skoðun!
Örugg bifreið tryggir betri akstur
ENDASTAFUR BÍLNÚMERS
9
SKOÐUNARMÁN
SEPT.
Hausttilboð
15%
AFSLÁTTUR
Gildir til 26. sept.
SE 15 789
HAGSTÆTT VERÐ HJÁ FRUMHERJA
Verð á aðalskoðun bíls undir 3.500 kg*
FYRIRTÆKI
Frumherji ........................................ 9.700 kr.
Frumherji með afslætti......... 8.320 kr.*
Aðalskoðun........................................ 10.420 kr.
Tékkland ........................................ 8.995 kr.
* Verðskrár fyrirtækjanna með opinberum gjöldum þ. 5.8.2014
R 3340
IS SE 14 789
JÚLÍ
ÁGÚST
SEPT
Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar
þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.
BETRI STOFAN
Frumherji
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is
BIFREIÐASKOÐUN
Frumherji
- örugg bifreiðaskoðun um allt land

netto
Kræsingar & kostakjör

Nýtt kortatímabil



# VERÐ-SPRENGJA!

## LAMBAHRYGGUR
HEILL EÐA HÁLFUR FROSINN
~~VERÐ ÁÐUR 2.332,-~~

-40%

**1.399** KR/KG




# 10% AFSLÁTTUR AF MS SMUROSTUM OG ENGJA-ÞYKKNI

ms

**Tilboðin gilda 18. – 21. sept 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.


SLÁTUR
3 STK FROSIN
OG PÖKKUÐ
+ 12 GERVIVAMBIR
4.989 KR/PK
GOÐI
NÝSLÁTRAÐ
NÝSLÁTRAÐ - PAKKI 2
KÍLÓVERÐ
698,-
Lambakassi
GOÐI
Lambabógur, lambasvið, lifrarpylsa og blóðmör.
Kassinn inniheldur:
2 stk. lambasvið (2,4kg)
1 stk. lambabógur (1,5kg)
2 stk. lifrarpylsa (0,93kg)
2 stk. blóðmör (0,93kg)
*Þyngdir á hverri einingu eru viðmiðunarþyngdir.
Innihald og næringargildi í 100g.
Lifrarpylsa: Lambalifur (35%), lambamör, vatn, rúgmjöl, haframjöl, undanrennuduft, salt.
Orka 1293kJ/311kkal. Fita 23g, þ.a. mett. f.s. 11g, kolvetni 16g, þ.a. sykur 1g, prótein 10g, salt 1,3g.
Blóðmör: Lambablóð, lambamör, rúgmjöl, hafraflögur, salt.
Orka 1282kJ/309kkal. Fita 31g, þ.a. mett. f.s. 16g, kolvetni 15g, þ.a. sykur 0,2g, prótein 8g, salt 1,3g.
*ofnæmist- og óþolsvaldar skáletraðir.
NÝSLÁTRAÐ
LAMBALÆRI
FESKT/NÝSLÁTRAÐ
KÍLÓVERÐ
1.498,-
KJÖTSEL
LAMBAFILE
FERSKT M/FITURÖND
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 4.595,-
3.998,-
-30%
SVÍNASNITSEL
FERSKT Í RASPI
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.994,-
1.396,-
-40%
GRÍSAHAKK
STJÖRNUGRÍS
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.298,-
779,-
NAUTAMJAÐMASTEIK
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 2.498,-
1.998,-
-50%
MELÓNA
GRÆN
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 198,-
99,-
-45%
HUMAR 1 KG
SKELBROT
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 3.989,-
2.194,-
-30%
KJÚKLINGALEGGIR
MAGNPAKNING MEXIKÓ
PAKKAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 998,-
699,-
-25%
BO CIABATTA
TÓMAT OG HVÍTLAUKS
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 398,-
299,-
BO JÓGÚRTBRAUÐ
550 G
STYKKJAVERÐ
VERÐ ÁÐUR 498,-
398,-
www.netto.is
| Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# Kelemen og Aadland með Sinfóníuhljómsveitinni

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld stjórnar Eivind Aadland og einleikari er Barnabás Kelemen.

Tvö vinsælustu verk tékknesku snillinganna Smetana og Dvoráks hljóma á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld. Einleikari tónleikanna er ungverski fiðluleikarinn Barnabás Kelemen, sigurvegari í Indianapolis-keppninni í Bandaríkjunum, sem er ein virtasta fiðlukeppni í heimi. Hann hefur leikið hérlendis nokkrum sinnum áður og tónleikar hans í Salnum í Kópavogi árið 2004 vöktu mikla hrifningu. Kelemen leikur fiðlukonsert nr. 2 eftir Sergej Prokofíev.

Eivind Aadland stýrir tónleikunum en hann er einn kunnasti hljómsveitarstjóri Noregs og hefur á síðustu árum orðið vinsæll fastagestur hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Fyrir tónleikana stendur Vinafélag Sinfóníunnar fyrir kynningu í Hörpuhorninu sem hefst klukkan 18 þar sem Hjördís Ástráðsdóttir mun kynna efnisskrá kvöldsins.

➜ Tvö vinsælustu verk tékknesku snillinganna Smetana og Dvoráks hljóma á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld



**EINLEIKARINN BARNABÁS KELEMEN** á fastan hóp íslenskra aðdáenda.



**BLÁI HNÖTTURINN** Í sýningunni leika leikarar barnaleikhússins Teatr Miniatura og er hún leikin á pólsku.

# Tónlist múm kveikjan

Teatr Miniatura frá Gdansk sýnir leikrit Andra Snæs Magnasonar, Bláa hnöttinn, á Íslandi þessa dagana. Leikstjóri er Erling Jóhannesson.

„Teatr Miniatura er sjálfstætt barnaleikhús í Gdansk sem sýnir eingöngu barnasýningar,“ segir Erling Jóhannesson leikstjóri sýningar Teatr Miniatura á Bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason sem sýnd verður í Tjarnarbíói og Samkomuhúsinu á Akureyri í dag og næstu daga.

Þetta er fyrsta uppfærslan á Bláa hnettinum í Póllandi enda hefur saga verksins þar verið dálítið sérstök. „Bókin var þýdd á pólsku fljótlega eftir að hún kom út hér heima og handritið fékk ein virtustu barnabókmenntaverðlaun Póllands árið 1999,“ útskýrir Erling. „Handritinu var síðan bara stungið ofan í skúffu og kom ekki út fyrr en í vor og það var bara vegna þessarar sýningar. Það var því ekki velgengni bókarinnar sem varð til þess að sýningin fór á svið.“

Spurður hvernig samstarf hans við Teatr Miniatura hafi komið til segir Erling að það sé þannig í Póllandi að menn óttist stöðnun listgreina sem ekki stundi alþjóðlegt samstarf þannig að styrkveitingar til verkefna helgist af því að erlendir listamenn séu hluti af listræna teymi þess. „Það þykir nefnilega víða í heiminum eftirsóknarvert að vinna með öðrum en sínum nánustu,“ segir hann sposkur.

Það var reyndar tónlist múm sem varð þess valdandi að leikhúsið valdi Bláa hnöttinn til sýninga, en hljómsveitin nýtur mikilla vinsælda í Póllandi og þegar forkólfar sýningarinnar komust að því að hún hefði gert tónlist við barnaleikrit vaknaði áhugi á að skoða það. „Þá komust þeir að því að þetta leikrit hafði orðið sökksess út um allan heim og ákváðu að ráðast í að koma því á svið,“ segir Erling.

Sýningin var unnin af alþjóðlegu listamannateymi og auk Erlings var múm hluti af ferlinu og samdi tónlistina mikið til upp á nýtt. Leikmyndin var hönnuð af Iza Toroniewicz, sem hefur hannað búninga og leikmynd við meira en hundrað sýningar, bæði í hefðbundnu leikhúsi sem og í brúðuleikhúsi. Í sýningunni leika leikarar barnaleikhússins Teatr Miniatura og er hún leikin á pólsku.

Fimm sýningar verða á verkinu á Íslandi og hefst sú fyrsta þeirra í Tjarnarbíói klukkan 18 í dag, tvær sýningar verða á sama stað á morgun og tvær sýningar í Samkomuhúsinu á Akureyri um helgina.

- fsb

# Fyrirlestrar, málstofur og gjörningar

Art in Translation er alþjóðleg ráðstefna þar sem listamenn og fræðimenn frá ýmsum löndum fjalla um ritlist og aðrar listir frá ýmsum sjónarhornum.

Ráðstefnan Art in Translation hefst í dag og stendur til 20. september. Art in Translation er alþjóðleg ráðstefna sem nú er haldin í Reykjavík í þriðja sinn. Það eru Háskóli Íslands, Listaháskóli Íslands og Háskólinn í Manitoba, auk Norræna hússins, sem að henni standa.

Ráðstefnuna sækja listamenn og fræðimenn frá ýmsum löndum og fjalla um listir og ritlist frá ótal sjónarhornum, en þema ráðstefnunnar að þessu sinni er listin að vera á milli, eða The Art of Being In-Between. Erindin á ráðstefnunni eru afar fjölbreytt og fara fram í átján málstofum. Fjallað verður um tónlist, teiknimyndasögur, bíómyndir, vídeólist, myndlist og gjörningalist, þýðingar, bókmenntir og náttúru á breiðum grunni auk þess sem boðið verður upp á listgjörninga.

Aðalfyrirlesari er hin heimskunna Amy Tan, höfundur bókanna Leikur hlæjandi láns og Kona eldhúsguðsins sem notið hafa mikillar hylli hvar sem þær hafa komið út. Hún mun flytja erindi og svara spurningum áheyrenda í Silfurbergi í Hörpu annað kvöld klukkan 20. Aðrir lykilfyrirlesarar eru Roger Allen, sérfræðingur um arabískar bókmenntir og þýðingar, Matthew Rubery, sem er sérfróður um lestrarvenjur, hljóðbækur og blindraletur, og David Spurr, sérfræðingur um samanburðarbókmenntir, m.a. með áherslu á arkitektúr í bókmenntum.

Listamannaþríeyki, sem samanstendur af Bjarka Bragasyni, Claudiu Hausfeld og Hildigunni Birgisdóttur, mun flytja opnunarerindi ráðstefnunnar í kvöld. Fjallar það um skilgreiningar á eiginleikum hluta og ólíkar leiðir til að rannsaka stað. Verk þeirra er hægt að sjá í Hverfisgalleríi til 4. október.

Í gjörningahluta ráðstefnunnar verður ráðstefnugestum meðal annars boðið að fara ofan í holu íslenskra fræða í fylgd Töfrafjallsins, en það er hópur skipaður bæði listamönnum og fræðimönnum, og upplifa þar nýja og óvænta sýn á íslenskan veruleika.

Á meðal fræðilegra erinda má nefna umfjöllun um Múmínálfana, erindi um persónu Sögu Norén í norrænu spennuþáttunum Brúnni og samanburð á kvikmynd Wim Wenders, Wings of Desire, og ljóðum Rainers Maria Rilke.

Dagskrána má nálgast í heild sinni á vef ráðstefnunnar, www.artintranslation.hi.is, og þar er einnig að finna upplýsingar um skráningu á ráðstefnuna.

fridrikab@frettabladid.is



**AÐALFYRIRLESARI** Amy Tan mun flytja erindi og svara spurningum áheyrenda í Silfurbergi í Hörpu annað kvöld klukkan 20. MYND: NORDICPHOTOSGETTY

➜ Ráðstefnuna sækja listamenn og fræðimenn frá ýmsum löndum og fjalla um listir og ritlist, en þema ráðstefnunnar að þessu sinni er listin að vera á milli.

# Töfrafjallið er stórkostlegt landakort um nútímann

Hópur lista- og fræðimanna sem kallar sig Töfrafjallið verður með tvo gjörninga á ráðstefnunni Art in Translation. Fyrst í Holu íslenskra fræða á morgun og á laugardag í kapellu Sankti Jósefsspítala í Hafnarfirði. Leiðangurinn hófst á sögusviði Töfrafjalls Thomasar Mann.

Töfrafjallið er yfirstandandi leiðangur hóps listamanna og fræðimanna sem hófst í október 2013 og meiningin er að standi, svona gróflega áætlað, fram á árið 2016 og ljúki með útgáfu bókverks,“ segir Birna Bjarnadóttir, doktor í bókmenntum og forsvarskona hópsins. „Við byrjuðum á því að fara til Davos í Sviss, þar sem Thomas Mann sviðsetti skáldsöguna Töfrafjallið og þar hófst leiðangurinn.“

Hópinn skipa fjórir myndlistarmenn, einn kvikmyndaleikstjóri og tveir úr hugvísindum. Þau hafa kynnt leiðangurinn í Berlín, á Hugarflugi Listaháskólans og í byrjun júní voru þau í galleríi Úthverfu á Ísafirði. „Þar vorum við í nokkra daga með dagskrá sem við kölluðum Andvökur,“ segir Birna. „Opnuðum galleríið fyrir bæjarbúum nokkur kvöld og spáðum og spekúleruðum í samtímanum, en það er einmitt þungamiðjan í þessum Töfrafjallsleiðangri að skoða okkar samtíma, bæði með hliðsjón af meginlandi Evrópu og upphafi tuttugustu aldarinnar, en það er að vissu leyti kjarninn í skáldsögu Thomasar Mann, sem er náttúrulega stórkostlegt landakort þegar kemur að nútímanum.“

Leiðangur heldur áfram á ráðstefnunni Art in Translation því í hádeginu á morgun verður Töfrafjallið með gjörning í Holu íslenskra fræða við Arngrímsgötu og á laugardaginn klukkan 17 verða þau í kapellu Sankti Jósefsspítala í Hafnarfirði. „Í kapellunni verðum við með gjörning og predikun en það sem við gerum í Holunni er meira í anda könnunarleiðangursins og þar verður ekki mikið talað. Við förum bara í leiðangur ofan í holuna og vonandi upp úr henni aftur.“

- fsb

➜ Hópinn skipa fjórir myndlistarmenn, einn kvikmyndaleikstjóri og tveir úr hugvísindum.



**TÖFRAFJALLIÐ** Hópurinn í Davos á söguslóðum töfrafjalls Thomasar Mann. MYND/HARALDUR JÓNSSON

# TÖLVUSKJÁIR



AOC

## ÖRÞUNNUR 23,6“ HÁSKERPUSKJÁR

**Stílhreinn og flottur gæðaskjár frá AOC með 1920 x 1080 punkta háskerpu upplausn og WLED baklýsingu. Lágur 2ms. svartími og HDMI tengi gera hann tilvalinn fyrir tölvuleiki.**

**34.990**

AOC-E2461FWH



## ÓTRÚLEGT VERÐ !

Tímabundið tilboð á þessum vinsæla 21,5“ AOC skjá. Hefur FullHD háskerpu og WLED baklýsingu. Einfaldur í útliti og notkun og hentar bæði fyrir heimili og vinnustaði.

**19.990**

FULLT VERÐ 21.990

AOC AOC-E2250SWDNK



## SÉRHANNAÐUR LEIKJASKJÁR

24“ Philips tölvuleikjaskjár sem uppfærir sig 144 sinnum á sekúndu í stað 60 eins og í hefðbundnum skjám. Hátt birtustig, 1ms. svartími og Smartkeypad fyrir allar helstu stillingar skjásins.

**54.990**

PHILIPS PHS-242G5DJEB



## VA SKJÁTÆKNI

Glæsilegur 21,5“ Asus tölvuskjár með háskerpuupplausn og VA skjátækni sem gefur meiri litadýpt og víðara sjónarhorn. HDMI og hljóðtengi. VGA og DVI kaplar fylgja með.

**29.990**

ASUS ASU-VS229HA



## STÓR 27“ SKJÁR

AOC háskerpuskjár á lægra verði. 68,6 cm horn í horn og með 1920 x 1080 punkta háskerpuupplausn. Hátt 20.000.000:1 skerpuhlutfall og tvö HDMI tengi.

**39.990**

AOC AOC-E2770SHE

tl.is




YFIR 50 GERÐIR AF SKJÁM Á **TL.IS**

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |




OPNUM KL 08:00
HALLARMÚLA 4




Muna að drekka vatn

Frábær vatnsvél fyrir fyrirtæki



- Venjulegt vatn + sódavatn
- Tengist beint við vatnslögn
- Nett og fyrirferðalítil
- Hitastig á vatni stillanlegt. 5-20°C

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • sími 580 3900 • www.fastus.is
Opið mán - fös 8.30 - 17.00

netto 24

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ
GRANDA OG MJÓDD
DAG SEM NÓTT

# Líf listamannsins til sölu

Samruni lista- og sölumennsku. Markaður og myndlist.

„Okkur datt hugtakið í hug því við erum öll að „starta“ ferli okkar sem skapandi einstaklingar,“ segir Gísli Hrafn Magnússon, einn aðstandenda Start-UP Markets, nýs fyrirbæris þar sem líf listamannsins er til sýnis og sölu. „Það er oft glíma að ná að sinna listinni og þetta er vettvangur sem við viljum skapa okkur. Styrkir eru á undanhaldi og svona þannig að þetta snýst líka um samruna þess að vera lista- og sölumaður.“
Í dag verður fatamarkaður, listaverk, gjörningar og tónlist í boði frá klukkan 12.00 á Gömlu Stofunni við Aðalstræti 7. Fram koma listamennirnir Borghildur Tumadóttir, Elísabet Birta, Gísli Hrafn Magnússon og Guðrún Tara Sveinsdóttir. „Við vonum að þetta sé bara byrjunin og að slíkur vettvangur muni þróast og vaxa fyrir unga listamenn sem eru að byrja eða langar bara að vera með!“ segir Gísli.

- þij




# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 18. SEPTEMBER 2014**

### Tónleikar

**19.30** Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur í kvöld tvö af vinsælustu verkum tékknesku meistaranna Smetana og Dvoráks, Moldá og Nýjaheimssinfóníuna, auk Fiðlukonserts nr. 2 eftir Prokofíev. Einleikari er ungverski fiðlusnillingurinn Barnabás Kelemen. Miðaverð er frá 2.400 til 6.900 króna. Tónleikarnir eru í Hörpu og hefjast kl. 19.30

**19.30** Páll Óskar og Monika spila fjöldann allan af lögum sem þau hafa spilað saman í gegnum seinasta áratug á Café Floru í Laugardalnum. 2.500 krónur inn.

**20.30** Ólafur Arnalds verður með tónleika í Hörpu í kvöld klukkan 20.30. Miðasala á Harpa.is og midi.is. Síðasta sólóplata Ólafs, For Now I am Winter, kom út árið 2013 á vegum Universal útgáfunnar og gætir þar áhrifa úr ólíkum áttum; en með því að blanda saman klassík, poppi og elektróník verður til einstök smíði.

**21.00** Gyða Valtýsdóttir sem margir þekkja úr múm spilar dúett með Josephine Foster í Mengi, Óðinsgötu 2. 2.000 krónur inn og mælt er með því að menn komi með eigin veigar.

**21.00** Sveitin Major Pink spilar tónlist sína á Dillon í kvöld ásamt sveitinni Casio Fatso sem spilar rokk undir áhrifum frá tíunda áratugnum.

**21.00** 20 ár eru liðin síðan meistarastykkið Grace með Jeff Buckley var útgefið og að því tilefni verða haldnir sérstakir heiðurstónleikar á Gauknum í kvöld. Valinkunnir tónlistarmenn og konur munu flytja plötuna Grace í heild sinni ásamt því að leika lög af Sketches for My Sweetheart The Drunk og ábreiður sem Jeff hafði í sínu lagavali á tónleikum víðsvegar um heiminn. 2.500 krónur inn.

**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8 í kvöld.

**22.00** Intro Beats er næsti tónlistarmaður til að stíga á svið á Live-kvöldum Funkþáttarins á Boston. Tónlist Intro spannar skalann frá hiphoppi yfir í house og víðar, en rætur Adda liggja í hipphopp-skífuþeytingum, og er hann gamall í hettunni þar.



**Hljómsveitin** Ground Floor leikur á Café Rosenberg í kvöld.

### Síðustu Forvöð

**10.00** Seinasti dagur listsýningar Melkorku Eddu Freysteinsdóttur, Energy og joy and color.

### Íþróttir

**20.00** Djúpslökun í Jógasal Ljósheima í Borgartúni 3, 4. hæð. Jógínur í Ljósheimum spila á gongin en þetta verður djúpt ferðalag sem varir í tvær klukkustundir. Aðgangseyrir er kr. 2.000. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Gott er að taka með vatnsbrúsa, jógadýnu og kodda ef til þarf.



### Listahátíð

**Ráðstefnan** Art in Translation hefst í dag en gestir ráðstefnunnar er fjöldi frægra lista- og fræðimanna. Erindin á ráðstefnunni eru afar fjölbreytt og fara fram í mörgum málstofum. Fjallað verður um tónlist, teiknimyndasögur, bíómyndir, videólist, myndlist og gjörningalist, bókmenntir og náttúru á breiðum grunni auk þess sem hægt verður að sjá listgjörninga. Þriggja daga passi kostar 8.000 kr. en eins dags passi 1.000 kr. Passar fáanlegir í Norræna húsinu.

### Uppákomur

**20.00** Vegleg spurningakeppni í Stúdentakjallaranum í kvöld klukkan 20. Keppnin fer fram með hefðbundnu pöbbkviss-sniði. 2 og 2 eru saman í liði, 30 spurningar, og verða fjölmargir vinningar í boði fyrir hlutskörpustu liðin. Spyrlar verða þeir Hugleikur Dagsson, fjöllistamaður og kvikmyndagúru og Jóhann Ævar Grímsson, handritshöfundur. Vinningar í boði.

### Dansleikir

**22.00** Nemendafélag Fjölbrautaskólans við Ármúla heldur hið árlega nýnemaball á Hendrix við Gullinbrú í kvöld. Fram koma Agent Fresco, Úlfur Úlfur, DJ Marlon Pollock. Miðaverð fyrir nemendur FÁ er 2.000 en 2.500 fyrir vini. Ballið verður 22.00, lokað verður 23.30 og ballinu lýkur 01:00.

### Tónlist

**18.00** DJ Gunni Ewok spilar á Kaffibarnum í kvöld.

**20.00** Trúbadorarnir Hjálmar & Dagur spila á English Pub í kvöld.

**20.00** DJ Sudernesssudan & DJ Þorsteinn Lár spila tónlist á Dollý í kvöld.

**21.00** DJ Art of Listening spilar hipphopp, funk, soul, disco, reggae, og house alla fimmtudaga á Brikk, Hafnarstræti 18. 500 krónur fyrir Tuborg og frítt inn.

**21.00** DJ Eyfjörð spilar á Frederiksen Ale House í Hafnarstrætinu í kvöld.

**21.00** Trúbador Böddi Reynis spilar á Hressó í kvöld.

**21.00** DJ Andrapov þeytir skífum fyrir dansi á Palóma í kvöld.

**21.00** DJ Sudernesssudan & DJ Þorsteinn Lár spila gæða hipphopp á Prikinu í kvöld.

**22.00** DJ Smutty Smiff spilar á Lebowski Bar í kvöld.

### Leiðsögn

**Þjóðminjasafnið** býður foreldrum í fæðingarorlofi í sérstaka leiðsögn mánaðarlega yfir vetrartímann. Í dag kl. 14.00 er fyrsta leiðsögn haustsins sem ætluð er þessum hópi. Að þessu sinni verður leiðsögn um grunnsýningu safnsins Þjóð verður til – Menning og samfélag í 1.200 ár. Leiðsögnin er ókeypis.

### Samkoma

**20.30** Í kvöld klukkan 20.30 heldur Soffía, félag heimspekinema heimspekipöbbkviss og samdrykkju á Frederiksen. Tilboð á barnum fyrir meðlimi Soffíu, bjór á 650 kr og skot á 500 kr.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

FORLAGIÐ

www.forlagid.is

Í tilefni af komu Amy Tan
til Íslands höfum við endurútgefið
vinsælustu bók hennar.

„Lesandinn kemst ekki hjá því að hrífast með.“
EINAR FALUR INGÓLFSSON, MORGUNBLAÐIÐ




# Leikur hlæjandi láns

Fleiri klassískar kiljur frá Forlaginu ...




SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

af íslenskri og erlendri klassík

WWW.FORLAGID.IS

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Mickey Rourke, 62 ára**

**Helstu myndir:** Angel Heart, Diner, Harley Davidson & the Marlboro Man, The Wrestler

## BÍÓFRÉTTIR

### Óútgefin The Doors-mynd

Í nóvember kemur loksins út heimildarmyndin Feast of Friends sem rokksveitin The Doors framleiddi upp á eigin spýtur árið 1968. Myndin hefur ekki verið gefin út fyrr, en í henni fylgir tökulið hljómsveitinni á tónleikaferðalagi um Bandaríkin og sýnir líf rokkaranna á bak við tjöldin og á vegum úti.



### Dafoe leikur Pasolini

Myndin Pasolini eftir bandaríska leikstjórann Abel Ferrara er nú á leiðinni en hún fjallar um hinn fræga og umdeilda ítalska leikstjóra Pier Paolo Pasolini. Stórleikarinn Willem Dafoe leikur Pasolini sem var myrtur úti á götu eftir að gefa út eina umdeildustu mynd allra tíma, Saló. Mynd Ferrara fjallar um dánardag Pasolini og verður spennandi að sjá hvernig tekið er á málinu.



## FRUMSÝNINGAR



**Lucy Spenna**

**Aðalhlutverk:** Scarlett Johansson, Morgan Freeman, Min sik-Choi

IMDb 6,6
Metacritic 61%
Rotten Tomatoes 66%



**Nymphomaniac: Vol II Drama**

**Aðalhlutverk:** Charlotte Gainsbourg, Stellan Skarsgård, Willem Dafoe

IMDb 6,8
Metacritic 60%
Rotten Tomatoes 60%

## Bill Murray í óvenjulegu vináttusambandi

St. Vincent, nýja myndin með fyndnasta manni heims, **Bill Murray**, hefur hlotið afbragðs góðar viðtökur á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto þar sem hún var frumsýnd á dögunum. Í myndinni leikur Murray St. Vincent, drykkfelldan og svartsýnan hermann á eftirlaunum, sem nágranni hans, Maggie (Melissa McCarthy), ræður til að passa 12 ára son sinn sem er skilnaðarbarn (Jaeden Lieberher). Tekst með þeim óvænt vinátta þar sem þeir hjálpa hvor öðrum að ná þroska.



Leikstjóri myndarinnar, Theodore Melfi, er ekki ýkja þekktur en hann hefur leikstýrt auglýsingum og smærri indímyndum í átta ár. Tímaritið Variety kallaði St. Vincent „óvenjulega fínpússaða miðað við fyrstu mynd leikstjóra í fullri lengd“. Samkvæmt Melfi voru það afrek hans í auglýsingagerð sem gáfu honum byr undir báða vængi til að stórlaxar eins og Weinstein-bræðurnir leyfðu honum að leikstýra eftir eigin handriti.

## Ben-Húr endurgerð

Nú á að endurgera stórmyndina sígildu Ben-Húr með Boardwalk Empire-leikarann **Jack Huston** í fótsporum eða réttara sagt sandölum Charltons Heston. Tökur eiga að hefjast á næsta ári með leikstjórann Timur Bekmambetov í fararbroddi. Áður hafði verið tilkynnt að Morgan Freeman yrði í hlutverki Ildarins, sem kennir Ben-Húr að aka hestvagni. Myndin er þó alveg á byrjunarstigi.





IMDb Einkunn ekki komin
Metacritic 54%
Rotten Tomatoes 71%

**FLOTTIR SAMAN** Ólafur Darri og Liam Neeson taka sig vel út saman á hvíta tjaldinu.

# Dökk einkaspæjaramynd

**Ólafur Darri Ólafsson fer með hlutverk í myndinni A Walk Among the Tombstones**

Bandaríska kvikmyndin A Walk Among the Tombstones verður frumsýnd í Laugarásbíói nú á föstudaginn kemur. Um er að ræða einkaspæjaramynd sem er undir áhrifum af hinum dökku „film-noir“ myndum frá fyrri hluta 20. aldarinnar.

Myndin fjallar um einkaspæjarann og fyrrverandi lögguna Matthew Scudder í New York, sem leikinn er af Liam Neeson. Líf hans umturnast þegar eiturlyfjasali nokkur ræður hann til að komast að því hver myrti eiginkonu hans.

Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu eftir Lawrence Block en hann hefur skrifað átján mismunandi bækur um einkaspæjarann Matthew Scudder. Enginn annar en Ólafur Darri fer með hlutverk í myndinni sem James Loogan, maður sem flæktur er í mannshvarfið.

Leikstjóri myndarinnar Scott Frank hefur unnið sem handritshöfundur í Hollywood í mörg ár en hann skrifaði handritið að myndum svo sem Get Shorty og Minority Report. Þetta er önnur myndin sem hann leikstýrir líka. Verkefnið hefur verið í bígerð í meira en áratug en upptökur hófust í fyrra. Lawrence Block, rithöfundi bókarinnar, var boðið í upptökuverið og sagðist hann vera hæstánægður með Liam Neeson í hlutverki Matthews Scudder.

„Lesendur mínir spyrja mig oft hvern ég telji vera hinn fullkomna Matt Scudder og þá sný ég vanalega út úr. En núna get ég sagt ykkur með vissu að Neeson hefur verið efst á listanum mínum alveg síðan ég sá hann í Michael Collins. Ég gæti ekki verið ánægðari með bæði stjórnuna og handritshöfundinn/leikstjórann, báðir eru alvöru listamenn og fluggáfaðir fagmenn. Bókin mín er í góðum höndum,“ sagði Block. **- þij**

### Tekur sig vel út á dreglinum



Ólafur Darri hélt til New York í gær til að vera viðstaddur frumsýningu myndarinnar og hann tók sig vel út á rauða dreglinum með Neeson.

Ólafur stendur nú í tökum á myndinni The Last Witch Hunter þar sem hann leikur við hlið Vins Diesel og Elijah Wood.




EGF
20% afsláttur
af EGF Húðdropum™ 15ml
á kynningardögum í Lyfju
dagana 18.-22. september
EGF
HÚÐDROPAR™
ENDURNÆRA HÚÐINA
OG GEFA FALLEGRI ÁFERÐ
Kaupauki fylgir ef keyptar eru
EGF húðvörur fyrir 5.900 kr. eða meira*
*Á meðan birgðir endast
Fylgstu með á Facebook.com/EGFhudvorur
LYFJA
- Lifið heil




**9 LÍTRAR**

Vnr. 80602509
GJØCOPROFF
innimálning, 9 l.

**5.995 kr.**

## Netspjallið er opið
## Kynntu þér málið

Hvernig getum
við aðstoðað?




NÝTT
BYKO BLAÐ
ER KOMIÐ ÚT

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**



Vnr. 83012010-30
HARRIS EASYCLEAN
pensill, 1, 1,5, 2 eða 3".

Verð frá:
**669 kr.**



Vnr. 84100160
FIA málningarrúlla
og bakki, 25 cm.

**995 kr.**

## HAUSTLAUKARNIR KOMNIR



Haustlaukar.
Verð frá:
**395 kr.**

Vnr. 55092221
Calluna
nokkrar gerðir.
**395 kr.**

Vnr. 55092224
Erika rosa.
**395 kr.**

**Grænland** **BYKO BREIDD**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is



Vnr. 42304670
Flokkunarfötur,
3 stk.
2.995 kr.




Vnr. 42303437
Plastbox undir rúm,
59x39,5x17 cm.
1.995 kr.

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ
VERA Í BYKO KLÚBBNUM

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



Vnr. 58099902
Skápur, hár.

KLÚBB verð
9.995 kr.
Almennt verð 15.995 kr.

Vnr. 58099903
Skápur, minni.

KLÚBB verð
6.995 kr.
Almennt verð 10.995 kr.



Vnr. 42307354-5
Bali/vaskafat, kringlóttur
eða ferkantaður.
Verð frá:
785 kr.



Vnr. 42303410
Taukarfa með loki, 60 l.
1.995 kr.



Vnr. 42309806
Bali, 25 l, nokkrir litir.
1.695 kr.



Vnr. 423735803
Geymslubox með loki,
á hjólum, 50 l.
2.395 kr.

Hönnun og umbrot: VERT markaðsstofa

NÝHERJI
Borgartúni 37 / Kaupangi Akureyri / nyherji.is

Stjörnurnar frá Sony
Veldu verðlaunamyndavél

**Fullkomnun í vasann þinn**
Sony RX100III
Verð: 159.990 kr.



20.1 MP myndflaga
ZEISS® 24-70mm F1.8-2.8 linsa
Full HD vídeótaka

**Bylting í full-frame myndavélum**
Sony a7R
Verð: 369.990 kr.



36.4 MP full-frame myndflaga
BIONZ® X örgjörvi
Full HD 4K vídeótaka

**Ótrúlegur hraði - mögnuð myndgæði**
Sony a6000
Verð: 159.990 kr. með 16-50mm linsu



24.3MP myndflaga
Eitt hraðasta AF kerfi veraldar
11 rammar á sek.

## Trend á Twitter Tíst um Meatless Monday

**Meatless Monday**
**@MeatlessMonday**
Breyttu til á **#Meatless-Monday** og fáðu þér morgunmat í kvöldmat

**Green Philly Blog**
**@greenphillyblog**
Hvítar baunir, grænkál, súpa …er til betri blanda?! **#Meat-lessMonday**

**cookingplanit**
**@cookingplanit**
Skrítnar blöndur bragðast best **#Meatless-Monday** meal! White Bean **#Soup** and Fried **#Jalapenos**

**Spotted Horse Tavern**
**@SpottedHorseCT**
Já, við trúum á **#Meatless-Monday** @ spottedhorsect

**Nosh And Nourish**
**@noshandnourish**
Alveg eins og á Taco Bell! Double Decker Tacos: grænmetis, unaðsleg, & fullkomin fyrir **@Meatless-Monday.**



**FALLEGT UMHVERFI** Sigríður Gísladóttir og Arnar Aðalgeirsson nutu þess að hlaupa um fallega náttúru.

# Vildi bara prófa eitthvað nógu erfitt

### Hljóp fjögur maraþon yfir fjöll á fjórum dögum ásamt eiginmanninum.

„Þeir voru alveg miður sín yfir veðrinu, en það var rétt sjö gráðu hiti, þoka og rigning, alveg ekta íslenskt veður. Við sögðumst bara vera vön þessu, þetta væri ekta fyrir okkur," segir Sigríður Gísladóttir ofurhlaupari sem, ásamt eiginmanni sínum Arnari Aðalgeirssyni, tók þátt í Salomon 4 Trail hlaupinu og hljóp fjögur maraþon á fjórum dögum. Hlaupið byrjar í Garmisch-Partenkirchen í Þýskalandi og þaðan er hlaupið yfir fjöllin í gegnum fjóra bæi og endað í bænum Samnaun í Sviss. „Aðaláskorunin er að fara aldrei of hratt. Ég hefði getað farið hraðar niður brekkurnar, en þá hefði ég bara fengið strengi og aldrei komist af stað daginn eftir," segir Sigríður en hún byrjaði að hlaupa fyrir alvöru árið 2008 og tók meðal annars þátt í Laugavegshlaupinu í fyrra. Í febrúar síðastliðnum tók hún ákvörðun um að taka þátt í þessari keppni. Maðurinn hennar hafði tekið þátt áður og þegar Sigríður sá myndbönd frá keppninni hugsaði hún með sér að hún gæti þetta alveg. „Þetta voru bara venjulegar konur eins og ég svo ég hugsaði bara af hverju ekki að sjá hvað maður getur. Prófa eitthvað nógu erfitt." Sigríður æfði fyrir með hlaupahóp ÍR, en þegar undirbúningur fyrir keppnina hófst fóru þau hjónin að fara á Esjuna tvisvar til þrisvar í viku, tvær til þrjár ferðir í senn. „Við förum á öll fjöll hér í nágrenninu, Móskarðshnjúka, förum mikið á Hengilssvæðið, Hvannadalshnjúk og förum Fimmvörðuháls fram og til baka. Hlupum líka frá Ólafsfirði til Siglufjarðar yfir fjöllin sem var alveg æðislega gaman," segir Sigríður.

Keppnin fór fram eins og áður sagði í Þýskalandi og var hlaupið yfir til Sviss á fjórum dögum. Heildarvegalengdin var rúmir 160 kílómetrar en mismunandi var hversu langt var hlaupið hvern dag. Dagarnir voru mislangir en hlaupið var að meðaltali í 6-9 tíma á dag. „Það sem var erfiðast við þetta var munurinn á loftslaginu, þar sem allt í allt spannaði hækkunin og lækkunin 10.000 metra og við fórum mest í 3.000 metra hæð, en það er eitthvað sem við getum ekki náð hér heima á æfingum, þannig að æfingarnar snérust minna um vegalengdirnar en loftslagið."

Hún segir að keppnin sjálf hafi umfram allt verið skemmtileg. Útsýnið var ótrúlegt þó hún viðurkenni að lofthræðslan hafi aðeins gert vart við sig þegar hlaupið var á mjóum stígum í mikilli hæð. „Þetta var mikil upplifun og vel staðið að þessu. Þú gerðir lítið annað en að hlaupa, borða pasta og hvíla þig. Svo voru læknar og sjúkraþjálfarar á öllum stöðvum svo það var vel hugsað um okkur," segir Sigríður. „Ég var svo uppveðruð þegar ég kom í mark að ég hefði helst viljað skrá mig strax aftur, en svo eftir smá umhugsun þá er spurning hvort ég sé tilbúin að æfa svona hrikalega aftur."

- asi



**KOMA BROSANDI Í MARK** Þau hjónin kláruðu hlaupið saman.

## Um Salomon 4 Trail

- 500 manns frá 28 löndum tóku þátt í ár.
- Til þess að geta klárað keppnina þarf að ná tímamörkum þrisvar í hlaupinu.
- Stysta dagleiðin er 38 km en sú lengsta 48 km. Samtals eru þetta 163 km.
- Mesta hæð yfir sjávarmáli er 3.000 metrar.


GRÍÐALEGA MIKIÐ ÚRVAL AF DVD, BLURAY, TÓNLIST OG LEIKFÖNGUM
RISA
VERÐ FRÁ
299
KRÓNUM
ÚTSÖLUMARKAÐUR
AÐEINS Í HAGKAUP SMÁRALIND OG SKEIFUNNI
DVD
verð frá 399 kr.
Tónlist
verð frá 299 kr.
Blu-ray
verð frá 399kr.
Sjónvarpsseríur
Leikföng
VÆNTANLEGT
Forsala á hagkaup.is
SALA HEFST
Í SKEIFUNNI OG Í GARÐABÆ
24. SEPTEMBER
kl. 22:00
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**FERÐALANGAR** Þeir Frosti og Diddi leggja land undir fót og upplifa ævintýri í Asíu og Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Skrásetja heimsreisuna

„Við erum sjúklega spenntir að fara enda ævintýri og í raun langþráður draumur hjá okkur báðum,“ segir fjölmiðlamaðurinn Frosti Logason um fyrirhugaða heimsreisu hans og vinar hans, Sigurðar Þorsteinssonar, um Asíu og Afríku.

Frosti og Sigurður, sem er betur þekktur sem Diddi, ætla að leyfa lesendum Vísis að fylgjast með ferðalaginu í máli, myndum og myndböndum en ferðalagið stendur yfir í 6 vikur. „Við ætlum að vera með reglulega pistla á Vísi.is og síðan verð ég með innslög í útvarpsþættinum Harmageddon,“ segir Frosti en pistlarnir þeirra ganga undir yfirskriftinni AsíAfríka.

Félagarnir fara meðal annars í safarí í Suður-Afríku, búa hjá indverskri fjölskyldu á Indlandi, fara á brimbrettanámskeið á Balí og læra að kafa í Taílandi. „Þetta er frábær tími til að fara í svona ferð en Kilroy-ferðaskrifstofan hefur séð um að skipuleggja þetta fyrir okkur. Við framlengjum sumarið og miðlum upplifun okkar til lesenda.“

# Hauskúpa innblástur að verki

Hönnunarteymið Helga Gvuðrún og Orri gera skúlptúr úr hauskúpu sem tengist nýrri skartgripalínu þeirra.

„Hauskúpan er mjög hlaðið tákn sem hefur vægi í menningu allra heimsálfa,“ segir Helga Gvuðrún Friðriksdóttir sem skipar hönnunarteymið Orri Finn ásamt manni sínum, Orra Finnbogasyni. Þau Orri eru nú að undirbúa verk sem þau munu sýna á 90 ára afmælissýningu Félags íslenskra gullsmiða í október. Helga Gvuðrún og Orri fengu að láni hauskúpu til þess að hafa til hliðsjónar við gerð skúlptúrsins sem þau eru að gera fyrir sýninguna. Þau eru einnig að vinna að nýrri skartgripalínu þessa dagana og tengja þema hennar inn í skúlptúrinn, mun hann því að vissu leyti ljóstra upp um viðfangsefni nýju skartgripalínunnar.

Helga og Orri vinna mikið með tákn í hönnun sinni. Þau hafa sent frá sér tvær skartgripalínur, Akkeri og Scarab, þar sem táknið er innblástur þeirrar fyrrnefndu og egypsk bjalla, goðýfill, þeirrar seinni. Nýja línan verður hins vegar innblásin af fléttum. „Við erum búin að vera með fléttur á heilanum í örugglega hálft ár og vorum ákveðin í því að fléttur yrðu innblástur nýju línunnar sem kemur núna fyrir jólin. Okkur langaði til þess að vinna með fléttur á óhefðbundinn og þrívíðan hátt,“ segir Helga. „Verkið er í skúlptúrformi og við erum í rauninni að nota fléttuna sem efni. Við erum að byggja skúlptúrinn úr fléttum sem gerðar eru úr málmi.“

Hauskúpan sem þau nota til hliðsjónar fengu þau lánaða hjá nágrönnum sínum eftir nokkra leit og margar ábendingar. „Við notuðum Facebook til þess að auglýsa eftir hauskúpu og fengum margar ábendingar en ekkert af því gekk upp. Síðan datt okkur í hug að athuga með nágranna okkar á Ízlensku húðflúrstofunni á Hverfisgötu og þá áttu þeir þessa fínu hauskúpu. Við notum hauskúpuna til þess að vinna út frá, við viljum gera hana svona blöndu af raunveruleika og algjörum súrrelisma.“ Vinnan við skúlptúrinn er nokkuð framúrstefnuleg því þau hafa líka verið að nota anatómíubækur til hliðsjónar.

**„Við notuðum Facebook til þess að auglýsa eftir hauskúpu og fengum margar ábendingar en ekkert af því gekk upp.**

*Helga Gvuðrún Friðriksdóttir.*

„Það er tannsmíðastofa hérna í húsinu og við fengum lánaðar anatómíubækur hjá þeim sem við styðjum okkur við,“ segir hún. Þau Helga og Orri vinna allt saman og hún segir samstarfið ganga vel. „Orri er gullsmiður en við hönnum allt saman. Ég vinn þá gullsmíðavinnu sem ég get unnið. Í þessari línu sem við erum að vinna að núna kemur þessi samvinna sér sérstaklega vel því við þurfum að gera svo mikið saman. Það er mikið mál að flétta málmana og það þarf alveg fjórar hendur í það. Það er ótrúlega heppilegt hvað við erum lík og fáum oft sömu hugmyndirnar þannig að þetta hefur gengið mjög vel.“ Sýningin sem um ræðir verður í Hönnunarsafni Íslands og verður opnuð 18. október.

viktoriah@365.is



**MEÐ HAUSKÚPUNA** Helga Gvuðrún og Orri hafa hauskúpuna til hliðsjónar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# Sýna að það eru forréttindi að eldast

Ragnheiður Rut Georgsdóttir og Sæbjörg Snædal klæða sig upp sem gamlar konur og gefa nú út dagatal til styrktar Krabbavörn.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoriah@365.is



**SPÁÐ Í SPILIN Í SÓLINNI** Rommí eða Ólsen Ólsen?



**VIÐ HÖFNINA** Hættu ferðafélagarnir við?



**Í LAUTARFERÐ** Hljómskálagarðurinn …

„Þetta byrjaði þannig að fólk var að segja við okkur: „Djöfull eruð þið orðnar gamlar,“ þegar við ætluðum ekki niður í bæ að djamma. Við hugsuðum þá með okkur að við værum þá bara gamlar fyrir allan peninginn og tókum þetta alla leið,“ segir Ragnheiður Rut Georgsdóttir. Hún hefur ásamt vinkonu sinni, Sæbjörgu Snædal Logadóttur, vakið athygli fyrir skemmtilega myndaröð á Facebook. Stöllurnar, sem hafa verið bestu vinkonur síðan þær voru fimm ára, hafa klætt sig upp sem gamlar konur í alls konar kostulegum múnderingum og sett inn myndir á samskiptasíðuna. Myndunum fylgja textar um hvað gömlu konurnar á myndinni séu að gera og hefur þetta vakið mikla kátínu meðal vina þeirra. Til dæmis hafa þær skellt sér í lautarferð við Tjörnina, heilsað upp á gamla vini í kirkjugarðinum og svo skelltu þær sér til Spánar. Allt í gervi gamalla kvenna.

„Þegar við tvær komum saman þá er yfirleitt mikið glens og drykkir í boði. Sæbjörg kom í heimsókn til mín í bæinn eina helgina og við settum inn stöðuuppfærslu á Facebook um að við ætluðum ekki að djamma þessa helgina. Kommentin voru á þann veginn að enginn trúði því,“ segir Ragnheiður og skellir upp úr, en þær vinkonurnar eru þekktar meðal vina fyrir uppátæki sín.

Til þess að leggja áherslu á hversu rólegar þær ætluðu sér að vera þessa helgina klæddu þær sig upp sem gamlar konur og birtu myndir af sér á Facebook.

„Við vorum edrú þessa helgi og skemmtum okkur konunglega við að klæða okkur upp eins og aldraðar konur. Samtölin sem við áttum voru líka á sömu nótum. Alveg að verða áttræðar og búnar að lifa tímana tvenna. Með troðfullan bakpoka af reynslusögum eftir öll þessi ár,“ segir hún hlæjandi.

„Hugmyndin þróaðist síðan hjá okkur og við höfum komist að því að það er alveg ótrúlega gaman að vera gamall og „gömlurnar“ eru búnar að gera helling síðan þær urðu til. Okkur Sæbjörgu finnst eldra fólk mjög skemmtilegt og við ætlum að vera fjörug gamalmenni ef við njótum þeirra forréttinda að fá að verða gamlar.“

Grín vinkvennanna vatt upp á sig og nú hafa þær ákveðið að láta gott af sér leiða. Þær eru nú að safna fleiri myndum til þess að búa til dagatal til styrktar góðu málefni í sínum heimabæ, Vestmannaeyjum. „Við erum núna að safna myndum því við ætlum að gefa út dagatal til styrktar góðu málefni. Við ætlum að gefa út dagatal til styrktar Krabbavörn í Vestmannaeyjum. Pabbi dó fimmtugur úr krabba og bróðir Sæbjargar var 41 árs þegar hann dó úr krabbameini,“ segir hún en vinkonurnar eru báðar úr Vestmannaeyjum.

„Við erum líka með myndunum að leggja áherslu á það hversu mikil forréttindi það eru eldast. Textarnir við myndirnar eru til marks um það að lífið er núna og augnablikið er ekki sjálfgefið,“ segir Ragnheiður.



SAMbio.is










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:30 - 6 - 8:30 - 9 - 10:10 | L |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 10:30 | 16 |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR VIP 2D: | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D: | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: | KL. 6:20 | 10 |
| INTO THE STORM | KL. 10:20 | 12 |
| STEP UP: ALL IN | KL. 8 | 7 |
| FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ÍSL TAL 2D: | KL. 6 | L |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D: | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:20 - 8 - 10:20 | L |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA TURTLES | KL. 2D: 5:40 - 8 KL. 3D: 10:35 | 10 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D: | KL. 5:20 - 10 | 12 |
| INTO THE STORM | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:40 - 8 - 10:40 | L |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 10:10 | 16 |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| FADING GIGOLO | KL. 6 - 8 | L |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 8 | L |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 10:35 | 16 |
| LET'S BE COPS | KL. 8 | 12 |
| THE NOVEMBER MAN | KL. 10:15 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:20 | L |
| TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D: | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: | KL. 10:10 | 16 |
| INTO THE STORM | KL. 10:35 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á
SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE NOVEMBER MAN | KL 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| THE NOVEMBER MAN LÚXUS | KL 10.10 | 16 |
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 3D | KL 3.30 | L |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 3.30 - 5.45 - 8 | 12 |
| PARÍS NORÐURSINS LÚXUS | KL 8 | 12 |
| THE GIVER | KL 10.10 | 12 |
| LET´S BE COPS | KL 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| LET´S BE COPS LÚXUS | KL 3.30 - 5.45 | 12 |
| EXPENDABLES | KL 8 - 10.40 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — 5%

| | | |
|---|---|---|
| PÓSTURINN PÁLL ÍSL TAL 2D | KL 5.50 | L |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| THE GIVER | KL 10.15 | 12 |
| LET´S BE COPS | KL 5.45 - 8 | 12 |
| DAWN..PLANET OF THE APES 3D | KL 10.15 | 14 |
| VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI | KL 5.20 | 14 |
| VONARSTRÆTI | KL 8 - 10.40 | 14 |

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| PÓSTURINN PÁLL 2D | 5:50 | L |
| THE NOVEMBER MAN | 5:50, 8, 10:20 | 16 |
| PARÍS NORÐURSINS | 5:50, 8, 10:20 | 12 |
| LUCY | 10:10 | 16 |




**DRAUMUR** Kylie Jenner langar verða næsta Katy Perry. NORDICPHOTOS/GETTY

## Langar að verða söngkona

Kylie Jenner stefnir á frama sem söngkona en hún er þekkt sem raunveruleikastjarnan og litla systir Kim Kardashian. Jenner er sögð vera byrjuð að fara í söngtíma og draumur hennar sé að verða hin nýja Katy Perry. Heimildir RadarOnline.com herma að Jenner sé að vinna í sinni fyrstu smáskífu. Kærasti Jenner er Jaden Smith en litla systir hans, Willow Smith, ku vera söngkennari Jenner. Þá er Kanye West, eiginmaður Kim Kardashian, sagður ætla að hjálpa yngstu systurinni til að ná frama á tónlistarsviðinu.




**FJÖLHÆFUR** Broskallar eru nýjasta verkefni rapparans /skjáskot apple.com

## Rappari með broskalla

Póstmóderníski rappgrallarinn Lil B The Based God er nýbúinn að búa til sitt eigið app sem gerir notendum iPhone kleift að senda broskalla sín á milli en broskallarnir eru allir hannaðir af Lil B sjálfum.

Lil B er líklega vinsælasti tónlistarmaðurinn á netinu en hann hefur mikið fylgi meðal tónlistaráhugamanna og ungu kynslóðarinnar á netinu. Ásamt því að gefa út ógrynni af tónlist svo sem 500 laga plötu, þá hefur Lil B skrifað bók og verið boðið að koma og tala í háskólum víðs vegar um Bandaríkin. Kappinn er aðeins 25 ára að aldri þannig að geri aðrir betur. - þij



**Í KLANDRI** Thicke stendur í ýmiss konar veseni. GETTY/NORDICPHOTOS

## Fullur og freðinn

Söngvarinn Robin Thicke hefur ekki átt mjög gott ár en hann hefur nú opinberað áfengis- og vímuefnaneyslu sína á meðan hann tók upp lagið Blurred Lines. Thicke var fullur og í verkjatöfluvímu í upptökuverinu og kom aldrei í viðtal edrú. Fór hann jafnvel með ungan son sinn í viðtal til Opruh Winfrey.

Þá segir hann að Pharrell Williams hafi í reynd skrifað lagið en ekki hann sjálfur eins og hann hefur haldið fram áður. Fjölskylda Marvins Gaye kærði Thicke fyrir stuld þar sem lagið þykir keimlíkt Got to Give It Up en Thicke kom með gagnkæru.

# Áburðarverksmiðja taka tvö

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Eitt stærsta verkefni stjórnvalda er að halda ungu fólki á landinu og að sannfæra námsmenn erlendis um að á Íslandi bíði þeirra viðunandi framtíð. Ég segi viðunandi vegna þess að það er ekki hægt að stýra öllu. Veðrið hlýtur til dæmis að hafa áhrif á ákvarðanatöku læknanema í Árósum þegar sumarið á Íslandi er álíka heitt og nýjasta lagið með Coolio.

**TAKTLEYSI** er ágætlega skilgreint þannig að þingmaður leggur fram þingsályktunartillögu um að ríkisstjórnin láti kanna hagkvæmni þess að reisa áburðarverksmiðju. Tillagan er svo vond að annar þingmaður, sem kvittaði undir sömu tillögu í fyrra, gerir það ekki nú vegna þess að hann kynnti sér málið. Tillagan er svo vond að þegar kanína í Elliðaárdalnum frétti af henni risti hún sig á hol.

**UNGT** fólk menntar sig meira en áður. Þar af leiðandi verður krafan um störf sem krefjast meiri menntunar fyrirferðarmeiri. Ef takmarkið er raunverulega að vekja ungum Íslendingum von í brjósti um að stjórnvöld ætli sér að skapa þeim tækifæri og atvinnuöryggi í framtíðinni má til dæmis setja meiri pening í nýsköpun. Bara hugmynd.

**ANNARS** snýst þetta hvorki um áburðarverksmiðjur eða fólk sem hefur áhuga á að starfa í áburðarverksmiðjum. Þetta snýst ekki einu sinni um að við erum að borga manni laun sem telur að 150 til 200 framtíðarstörf réttlæti fjárfestingu upp á 120 milljarða. Það eina sem skiptir máli í þessu er að Þorsteinn Sæmundsson borðar í besta mötuneyti landsins milli þess sem hann leggur fram tillögur um að land sem ræktar ekki bara sveppi á umferðareyjum, heldur líka á spítölum, kanni hvort það sé hagkvæmt að reisa og reka verksmiðju.

**VIÐ** Þorstein vil ég segja: Taktu þessa áburðarverksmiðju og troddu henni upp á sjötta áratuginn á þér. Ef áburðarverksmiðja er sniðugur fjárfestingarkostur máttu reisa hana sjálfur, mala þitt gull og greiða af því skatt. Og í Guðs bænum, taktu þinn tíma í verkefnið, kallaðu inn varamann og hættu að sóa tíma okkar.



**AÐSTANDENDUR RIFF** Dagskrá hátíðarinnar var kynnt á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kvikmyndir úr ýmsum áttum á RIFF

Lokamynd RIFF, Boyhood eftir Richard Linklater, þykir mikið þrekvirki þar sem leikstjórinn fylgdi söguhetju myndarinnar eftir í tólf ár.

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík, RIFF, hefst næstkomandi fimmtudag með frumsýningu á bandarísk/íslensku vegamyndinni Land Ho! eftir Martha Stephens. Hátíðinni lýkur 5. október með sýningu myndarinnar Boyhood í leikstjórn Richards Linklater, leikstjórans frá Houston sem leikstýrði meðal annars Dazed & Confused, Slacker og Waking Life. Boyhood er uppvaxtarsaga, en leikstjórinn fylgdi söguhetjunni í tólf ár. „Myndin hefur fengið einróma lof gagnrýnenda og þykir kvikmyndalegt þrekvirki,“ segir í fréttatilkynningu RIFF.

Aðrar nýjar stórmyndir eftir erlenda leikstjóra eru Dúfa sat á grein og velti fyrir sér tilverunni eftir sænska meistarann Roy Andersson, sem er þekktur fyrir heimspekilegar og oft grátbroslegar myndir, og Mr. Turner eftir breska leikstjórann Mike Leigh. Leigh verður heiðursgestur á hátíðinni og mun sitja fyrir svörum eftir frumsýningu myndarinnar, sem fjallar um líf og störf eins mesta málara Breta, J.M.W. Turner. Leigh kemur hingað til lands ásamt leikkonunni Marion Bailey.

Þá verður boðið upp á fjöldann allan af sérviðburðum. Til dæmis mun einn frægasti rannsóknarblaðamaður heims, John Pilger, sitja á málþingi RIFF um flókið samspil fjölmiðla og stríðsreksturs. Með honum verður arabísk-ísraelska kvikmyndagerðarkonan Suha Arraf en hún mun líka frumsýna mynd sína Villa Touma á hátíðinni. Hún hefur meðal annars unnið sem blaðakona í Palestínu þar sem hún fjallaði mikið um Hamas-samtökin og árið 2010 gerði hún heimildarmyndina Women of Hamas. Heimildarmynd Pilgers, The War You Don't See, verður sýnd samhliða málþinginu ásamt öðrum stríðsmyndum.

## Skemmtilegir sérviðburðir

- **ÞÆR ÞEYTA** – Heimildarmyndin Hinsegin hljómur fjallar um þrjá kvenkyns plötusnúða í Berlín. Hún verður sýnd á Húrra 2. október en að sýningu lokinni munu þær Yamaho, Sunna Ben og Magga Maack þeyta skífum.
- **HEITI BÍÓPOTTURINN** – Boðið verður upp á sýningar á bæði íslenskum og erlendum stuttmyndum við heitu pottana í tveimur sundlaugum. Hinn 30. september í Sundlaug Kópavogs og 1. október í Vesturbæjarlaug.
- **LUMIÈRES D'AFRIQUE** – Margar frægustu afrísku myndir allra tíma svo sem Afrique sur Seine og Little Senegal verða sýndar í húsi Alliance Française, Tryggvagötu 8.

→ Einn frægasti rannsóknarblaðamaður heims, John Pilger, mun sitja á málþingi RIFF um flókið samspil fjölmiðla og stríðsreksturs.



NÝR 16BLS
BÆKLINGUR
FJÖRIÐ HELDUR ÁFRAM • ÓTRÚLEG AFMÆLISVEISLA
FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI
Afmælisveisla í stærstu tölvuverslun landsins
Greitt með einum smelli
AFMÆLIS VEISLA
FJÖRIÐ HELDUR ÁFRAM • ÓTRÚLEG AFMÆLISVEISLA
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
AFMÆLISVEISLA 8 ára TÖLVUTEKS
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
ÞÚ ÞARFT BARA AÐ SKANNA QR KÓÐANN • TIL AÐ FÁ NÝJASTA BÆKLINGINN Í SÍMANN ÞINN •
FLOTTUSTU TÖLVURNAR
SPJALDTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
GÆÐAMERKI Á BETRA VERÐI
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
HÉR ER SJÓN SÖGU RÍKARI
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.

## Olís-deildin af stað í kvöld



**HANDBOLTI** Olís-deild karla í handbolta hefst í kvöld með fjórum leikjum, en mikil spenna ríkir fyrir komandi tímabili. Boðið verður upp á nýliðaslag í Mosfellsbænum þar sem Afturelding tekur á móti Stjörnunni, en þar verður landsliðsmaðurinn Þórir Ólafsson mættur með Garðbæingum.

Haukar, sem höfnuðu í öðru sæti í vor, byrja í Safamýrinni þar sem þeir mæta ungu liði Fram og Akureyringar með Peking-vörnina í fararbroddi heimsækja HK-inga í Digranesið. Þá eigast við ÍR og Valur í Austurbergi þar sem Valsmenn mæta til leiks með nýja þjálfara eftir að Ólafur Stefánsson fékk óvænt frí frá störfum fram að áramótum.

Allir leikirnir hefjast klukkan 19.30.

## Dramatískur sigur Bæjara

**FÓTBOLTI** Jerome Boateng, fyrrverlandi leikmaður Manchester City, tryggði Bayern München 1-0 sigur á Englandsmeisturunum þegar liðin mættust í fyrstu umferð riðlakeppni Meistaradeildarinnar í gærkvöldi. Bæjarar voru betri aðilinn í leiknum og uppskáru sigurmark á 90. mínútu. Í sama riðli valtaði Roma yfir CSKA Moskvu, 5-1.

Kolbeinn Sigþórsson var í byrjunarliði Ajax en tókst ekki að skora gegn Frakklandsmeisturum PSG. Hann hefur nú spilað átta leiki í Meistaradeildinni án þess að koma boltanum í netið. Daninn Lasse Schöne tryggði Ajax dýrmætt stig með marki úr aukaspyrnu í seinni hálfleik eftir að Edinson Cavani kom Parísarliðinu yfir í leiknum.

Þá skoraði Schalke fyrsta markið sitt í Meistaradeildinni á móti Chelsea og það dugði til jafnteflis á Brúnni, 1-1. Fábregas skoraði mark Chelsea. **- tom**



**DAUÐAFÆRI** Robert Lewandowski skaut í hliðarnetið eftir að fara framhjá Joe Hart. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**Ísland 9-1 Serbía**
**Laugardslv.**
Áhorf: 753
**Thalia Mitsi, Grikklandi (8)**

**Mörkin:** 1-0 Harpa Þorsteinsdóttir (7.), 2-0 Glódís Perla Viggósdóttir (10.), 3-0 Rakel Hönnudóttir (29.), 4-0 Arna Sif Ásgrímsdóttir (58.), 4-1 Jelena Cubrilo (60.), 5-1 Dagný Brynjarsdóttir (63.), 6-1 Þóra B. Helgadóttir (67. víti), 7-1 Harpa Þorsteinsdóttir (71.), 8-1 Rakel Hönnudóttir (72.), 9-1 Dagný Brynjarsdóttir (84.).

**ÍSLAND (4-3-3):** Þóra B. Helgadóttir (76. Sandra Sigurðardóttir) – Elísa Viðarsdóttir, Glódís Perla Viggósdóttir, Arna Sif Ásgrímsdóttir, Hallbera G. Gísladóttir – Sara Björk Gunnarsdóttir, Dóra María Lárusdóttir (61. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir), Dagný Brynjarsdóttir – Fanndís Friðriksdóttir (61. Sigrún Ella Einarsdóttir), Rakel Hönnudóttir, Harpa Þorsteinsdóttir.

**Skot (á mark):** 26-6 (17-4) **Horn:** 7-2

## ÚRSLIT

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**E-RIÐILL**

**BAYERN - MANCHESTER CITY 1-0**
1-0 Jerome Boateng (90.).

**ROMA - CSKA MOSVKA 5-1**
1-0 Juan Manuel Iturbe (6.), 2-0 Gervinho (10.), 3-0 Maicon (20.), 4-0 Gervinho (31.), 5-0 Alessandro Florenzi (50.), 5-1 Ahmed Musa (82.).

**F-RIÐILL**

**BARCELONA - APOEL 1-0**
1-0 Gerard Pique (28.).

**AJAX - PSG 1-1**
0-1 Edinson Cavani (14.), 1-1 Lasse Schöne (74.).

**G-RIÐILL**

**CHELSEA - SCHALKE 1-1**
1-0 Cesc Fábregas (11.), 1-1 Klaas-Jan Huntelaar. (66.).

**MARIBOR - SPORTING 1-1**
0-1 Nani (80.), 1-1 Luka Zahovic (90.).

**H-RIÐILL**

**PORTO - BATE BORISOV 6-0**
1-0 Yacine Brahimi (5.), 2-0 Yacine Brahimi (32.), 3-0 Jackson Martínez (37.), 4-0 Yacine Brahimi (57.), 5-0 Adrian (61.), 6-0 Vincent Aboubakar (76.)

**ATHLETIC BILBAO - SHAKHTAR D. 0-0**

# Mögnuð kveðjustund Þóru

Ungt íslenskt lið sýndi allar sínar bestu hliðar þegar stelpurnar okkar kjöldrógu Serbíu, 9-1, á Laugardalsvelli í gær. Leikurinn var kveðjuleikur Þóru Bjargar Helgadóttur sem skoraði eitt marka Íslands úr vítaspyrnu.

**FÓTBOLTI** „Það eru sannkölluð forréttindi að fá að enda landsliðsferilinn á þennan máta,“ sagði Þóra Björg Helgadóttir, landsliðsmarkvörður í knattspyrnu, eftir 9-1 sigur Íslands á Serbíu í undankeppni HM 2015 í gær. Þóra kvaddi landsliðið í gær eftir sextán ára feril og 108 leiki.

Ísland lék á als oddi í leiknum í gær og sýndi að framtíðin er sannarlega björt. Stelpurnar áttu ekki lengur möguleika á að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni í Kanada en sýndu þrátt fyrir það mikinn styrk og vilja í frábærum sigri.

Leiksins verður þó fyrst og fremst minnst sem kveðjuleiks Þóru Bjargar sem skoraði meira að segja eitt marka Íslands. Það gerði hún úr vítaspyrnu í síðari hálfleik og var henni gríðarlega vel fagnað, bæði af áhorfendum og liðsfélögum.

„Ég verð örugglega sátt við ákvörðunina þegar ég vakna í fyrramálið en líka svolítið leið. En það hefði ekki verið hægt að biðja um betri endi – með þennan stuðning úr stúkunni og stórsigri á heimavelli.“

Hún segir erfitt að lýsa þessum sextán árum með íslenska A-landsliðinu. „Það hefur gengið á ýmsu, bæði gott og slæmt, en mest allt hefur verið gott og jákvætt. Það hafa verið ótrúlegar framfarir í liðinu og ég hef átt margar frábærar stundir með ótalmörgum félögum. Það eru örugglega 100 manns sem ég gæti þakkað,“ segir Þóra sem var rétt rúmlega sautján ára gömul þegar hún lék fyrsta landsleikinn.

„Þá kom ég inn á gegn Bandaríkjunum en ég var svo stressuð að ég man ekki eftir neinu. Í dag er ég önnur manneskja enda var ég barn þá. Ég hef í raun alist upp hjá KSÍ, með öllu því góða fólki þar, og upplifað ótalmargt í næstum 20 ár.“

Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari lofaði Þóru í hástert eftir leikinn og sagðist vera þakklátur fyrir að hafa fengið að starfa með henni.

„Ég vona að íþróttaheimurinn átti sig á því hversu stórkostlegur íþróttamaður hún er. Hún hefur verið í fremstu röð síðan 1998 og það eitt og sér er mikið og stórt afrek,“ sagði hann. „Hún býr yfir hæfileikum sem ekki margir hafa og var á sínum tíma langt á undan sinni samtíð.“

Þar sem Danmörk tapaði óvænt fyrir Ísrael í gær endaði Ísland í öðru sæti riðilsins. Það dugði þó ekki til að tryggja liðinu sæti í umspilskeppninni í haust.

eirikur@frettabladid.is



**KVEÐJUMARK** Þóra B. Helgadóttur var fagnað af liðsfélögum sínum eftir að hún skoraði mark úr vítaspyrnu í kveðjuleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Baldur hefur reynst FH-ingum erfiður

Topplið Pepsi-deildar karla eigast við í kvöld.

**FÓTBOLTI** Tveir leikir fara fram í Pepsi-deild karla í dag, en þar mætast fjögur efstu lið deildarinnar. Stjarnan heimsækir Víkinga og FH tekur á móti KR, en með þessum leikjum lýkur 14. umferð.

Sú var tíðin að FH hafði heljartök á KR, en Hafnarfjarðarliðið vann 14 af 16 leikjum liðanna í deild og bikar á árunum 2004-2010. En eftir að Rúnar Kristinsson tók við KR hefur dæmið snúist við. Vesturbæjarliðið tapaði reyndar fyrstu tveimur leikjum sínum gegn FH undir stjórn Rúnars (4-0 í bikarúrslitum og 0-1 í Pepsi-deildinni 2010), en síðan hefur KR aðeins tapað tvisvar sinnum fyrir FH. Frá því að tímabilið 2011 hófst hafa KR og FH mæst níu sinnum í deild og bikar; KR hefur unnið sjö þessara leikja, en FH tvo.

Enginn KR-ingur virðist njóta þess jafn mikið að spila gegn FH og Baldur Sigurðsson. Hann hefur skorað í fimm af níu leikjum liðanna síðan 2011, eða samtals sex mörk. Sé litið nánar á markatölfræði Mývetningsins síðan 2011 kemur í ljós að sex af 28 mörkum hans í deild og bikar hafa komið gegn FH, eða 21% af öllum mörkum hans. Baldur hefur verið næst duglegastur að skora gegn Keflavík, sínu gamla liði, en hann hefur skorað fimm mörk gegn Suðurnesjaliðinu.



**ÖFLUGUR GOEGN FH** Baldur skorar hér eitt af sex mörkum sínum gegn FH. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Rúnar segir í samtali við Fréttablaðið að hans menn muni spila til sigurs í kvöld, líkt og ávallt. „Við áttum okkur á því að það verður erfitt að blanda okkur í toppbaráttuna en við munum gefa allt okkar í leikinn,“ sagði hann en KR er níu stigum á eftir FH. „Það er oftast skemmtilegt að spila í Hafnarfirðinum og þetta verður hörkuleikur.“ **- iþs, esá**


HVER SEKÚNDA SKIPTIR MÁLI
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN Á HEIMSMÆLIKVARÐA
MINUTE
TO
WIN
HEFST Í KVÖLD KL. 20.15
Í OPINNI DAGSKRÁ
ENGIN BINDING
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT!
SKJARINN.IS | 595 6000
SKJÁREINN
N1
SMÁRALIND
HAGKAUP

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Masterchef
**Stöð 2 kl. 20.30**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.



### X Factor UK
**STÖÐ 3 KL 21.00** Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraborðið sitja söngkonurnar Cheryl Cole og Mel B og svo hinn kunni umboðsmaður og fyrrverandi X Factor-dómari Louis Walsh en hann er sá sem stofnaði hið kunna strákaband Boyzone.



### Sósa og salat
**STÖÐ 2 KL. 20.10** Friðrik Dór Jónsson stýrir skemmtilegum þáttum þar sem hann heimsækir veitingastaði og kynnir sér hvernig bestu réttirnir eru matreiddir.



### Undateable
**STÖÐ 2 KL. 19.45** Glænýgamanþáttaröð um nokkra vini sem eru að leita að stóru ástinni en vantar sárlega smá hjálp. Danny Burton er myndarlegur og öruggur með sjálfan sig. Hann ákveður að aðstoða vini sína í ástarmálunum en þarf sjálfur á bráðri hjálp að halda.

### Reykjavík síðdegis
**Bylgjan kl. 16.00**

Þorgeir, Kristófer og Bragi með þjóðmálaumræðu sem skiptir máli.








## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Malcolm in the Middle
**08.30** Jamie Oliver's Food Revolution
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** 60 mínútur
**11.05** Harry's Law
**11.50** Nashville
**12.35** Nágrannar
**13.00** Diary of a Wimpy Kid.
**14.50** The O.C.
**15.35** iCarly
**16.00** New Girl
**16.25** The New Normal
**16.50** The Big Bang Theory
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.45** **Undateable** Glænýgamanþáttaröð um nokkra vini sem eru að leita að stóru ástinni en vantar sárlega smá hjálp. Danny Burton er myndarlegur og öruggur með sjálfan sig. Hann ákveður að aðstoða vini sína í ástarmálunum en þarf sjálfur á bráðri hjálp að halda.
**20.10** **Sósa og salat** Friðrik Dór Jónsson stýrir skemmtilegum þáttum þar sem hann heimsækir veitingastaði og kynnir sér hvernig bestu réttirnir eru matreiddir.
**20.30** Masterchef USA
**21.15** NCIS
**22.00** Major Crimes
**22.40** Mike Tyson. Undisputed Truth
**00.05** Rizzoli and Isles
**00.50** The Knick
**01.35** The Killing
**02.20** NCIS. Los Angeles
**03.05** The Lucky One
**04.40** Made in Dagenham

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Meistaradeildin - meistaramörk
**07.45** Meistaradeildin - meistaramörk
**08.30** Meistaradeildin - meistaramörk
**11.30** Ajax - PSG
**13.15** Chelsea - Schalke
**15.00** Bayern München - Man. City
**16.45** **FH - KR** Bein útsending frá leik FH og KR í Pepsídeild karla.
**19.00** **Everton - Wolfsburg** Bein útsending frá leik Everton og Wolfsburg í Evrópudeildinni.
**21.00** Pepsímörkin 2014
**22.15** FH - KR
**00.05** Pepsímörkin 2014
**01.20** Partizan Belgrade - Tottenham

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.25** Sunderland - Tottenham
**13.10** Messan
**14.25** Premier League Review '14/'15
**15.20** Hull - West Ham
**17.00** Nottingham Forest - Derby
**18.50** Liverpool - Aston Villa
**20.30** Premier League World
**21.00** Messan
**21.40** Stoke - Leicester
**23.25** Football League Show 2014/15
**23.55** Messan
**00.35** Premier League World

## ÍNN

**20.00** Sjávarútvegssýningin 2014 **21.00** Sjávarútvegssýningin 2014 **21.30** Sjávarútvegssýningin 2014

## STÖÐ 3

**17.55** Top 20 Funniest
**19.00** Last Man Standing
**19.25** Guys With Kids
**19.50** X-factor UK
**20.50** Wilfred
**21.15** Originals
**22.00** Supernatural
**22.40** Grimm
**23.25** Sons of Anarchy
**00.05** Top 20 Funniest
**00.50** Last Man Standing
**01.10** Guys With Kids
**01.30** X-factor UK
**02.30** Wilfred
**02.55** Originals
**03.35** Supernatural
**04.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Lukku-Láki **07.25** Latibær **07.47** Hvellur keppnisbíll **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Ljóti andarunginn og ég **10.44** Gulla og grænjaxlarnir**10.56** Tommi og Jenni**11.00** Lukku-Láki**11.25** Latibær**11.47** Hvellur keppnisbíll**12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar.**12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Ljóti andarunginn og ég **14.44** Gulla og grænjaxlarnir **14.56** Tommi og Jenni **15.00** Lukku-Láki**15.25** Latibær **15.47** Hvellur keppnisbíll**16.00** Dóra könnuður**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Ljóti andarunginn og ég **18.44** Gulla og grænjaxlarnir **18.56** Tommi og Jenni **19.00** Fuglaborgin **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.20** Strákarnir
**18.40** Frasier
**19.05** Friends
**19.25** Seinfeld
**19.50** Modern Family
**20.15** Two and a Half Men
**20.35** Go On
**21.00** Homeland
**21.50** E.R.
**22.35** Boss
**23.35** Shameless
**00.20** A Touch of Frost
**02.05** Go On
**02.25** Homeland
**03.15** E.R.
**04.00** Boss
**04.55** Shameless
**05.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.35** Notting Hill
**12.35** Tenure
**14.05** In Her Shoes
**16.15** Notting Hill
**18.20** Tenure
**19.50** In Her Shoes
**22.00** The Wolverine
**00.05** Now You See Me
**02.00** The Dept
**03.55** The Wolverine

## RÚV

**16.30** Ástareldur
**17.20** Friðþjófur forvitni
**17.45** Poppý kisuló
**17.56** Kafteinn Karl
**18.08** Sveppir
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Dýraspítalinn
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Kastljós
**20.05** **Nautnir norðursins** *(Færeyjar – fyrri hluti)* Gísli Örn Garðarsson leikari ferðast um Grænland, Færeyjar, Ísland og Noreg og hittir kokka sem leiða hann í nýjan sannleika um hefðbundna matreiðslu og nýstárlega nálgun á þeim ótrúlega hafsjó af hráefni sem finna má við Norður-Atlantshafið. Framleitt af Sagafilm en leikstjóri er Hrafnhildur Gunnarsdóttir. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**20.40** **Í garðinum með Gurrý** *(Haust)*
**21.10** **Glæpaslóð** Breskur spennuþáttur um nýútskrifaða lögreglukonu sem er staðráðin í að finna morðingja 15 ára stúlku. Aðalhlutverk. Hayley Atwell, Richard Coyle og Julian Lewis Jones. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Stóra lestarránið
**00.35** Kastljós
**00.50** Fréttir
**01.00** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**15.10** America's Funniest Home Videos *(8.44)*
**15.35** The Biggest Loser
**16.20** The Biggest Loser
**17.05** America's Next Top Model
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Parks & Recreation
**20.15** **Minute To Win It Ísland - NÝTT** Minute To Win It Ísland hefur göngu sína á SkjáEinum! Í þáttunum keppist fólk við að leysa tíu þrautir en fá eingöngu eina mínútu til að leysa hverja þraut. Ingó Þórarinsson, betur þekktur sem Ingó veðurguð stýrir þáttunum af mikilli leikni og hvetur af krafti alla keppendur til að klifra upp þrautastigann þar sem verðlaunin verða glæsilegri og veglegri með hverri sigraðri þraut. Fyrsti þáttur verður í opinni dagskrá og ætti ekki að fara framhjá neinum!
**21.05** **Growing Up Fisher** Bandarískir grínþættir sem fjalla um hinn tólf ára gamla Henry og daglegt líf á meðan foreldrar hans standa í skilnaði.
**21.30** Extant
**22.15** Scandal
**23.00** The Tonight Show
**23.40** King & Maxwell
**00.25** Scandal
**01.10** The Tonight Show
**01.50** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.05** PGA Tour 2014 **14.05** Golfing World 2014 **14.55** Countdown to the Ryder Cup **15.20** Web.com Tour Highlights **16.15** PGA Tour 2014 - Highlight **17.10** Golfing World 2014 **18.00** Web.com Tour Championship **21.00** Inside the PGA Tour 2014 **21.25** Golfing World 2014 **22.15** Inside the PGA Tour 2014 **22.40** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



MIKIÐ ÚRVAL - NORTH ROCK - ÚTIVISTAR- OG ÍÞRÓTTAFATNAÐUR
LAGER
SALA
NORTH ROCK
JAKKAR - FLÍSPEYSUR - ÍÞRÓTTAFATNAÐUR
FRÁBÆRAR VÖRUR - MIKIÐ ÚRVAL FYRIR ÍSLENSKT VE
Kuldaúlpur
Útivistarbuxur
Dúnúlpur - Dömu & herra
10000 kr
NÝ VARA
TILBOÐ ÞESSA DAGA
BÖRN & FULLORÐNIR
12000 kr - 14000 kr
Dömu & herra
9000 kr
NÝTT KORTATÍMABIL
100% Merino-ull
Flíspeysa
Flísjakkar
NÝ VARA
NÝTT
Börn-dömur & herrar
Verð frá 4500-5500 kr
Kr. 6000
Dömu & herra
Börn-dömur & herrar
Verð frá 3500-5500 kr
GRI-sport
Leður & gritex
Gönguskór
12000 kr
OPNUNARTÍMI
18.9 FIMMTUD KL. 16-20
19.9 FÖSTUD KL. 16-20
20.9 LAUGAD KL. 12-17
21.9 SUNNUD KL. 13-17
Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan

**DRYKKURINN**



**Vatn – nauðsynlegt fyrir líkamann, svalandi og gott með öllu!**

Fanney Ingvarsdóttir, viðskiptafræðinemi og flugfreyja hjá Wow air.

# Ásgeir Trausti kominn í nýja hljómsveit

Guðmundur Kristinn og Þorsteinn, sem eru að jafnaði kenndir við Hjálma, hafa stofnað nýja hljómsveit.

„Þetta byrjaði eiginlega þannig að ég og Steini þurftum að fá smá útrás þegar við vorum á tónleikaferðalagi með Ásgeiri,“ segir Guðmundur Kristinn Jónsson en þeir Þorsteinn Einarsson hafa stofnað nýja hljómsveit, ásamt Ásgeiri Trausta og Sigurði Guðmundssyni, sem ber nafnið Uniimog.

Guðmundur, Þorsteinn og Sigurður eru gjarnan kenndir við reggísveitina Hjálma og þá er Ásgeir Trausti bróðir Þorsteins og því mikil tenging á milli meðlima sveitarinnar.

„Það má eiginlega segja að Ásgeir sé að gera okkur eins konar greiða til baka, við erum búnir að vera á tónleikaferðalagi með honum út um allan heim en það er mjög gaman að fá hann í bandið,“ segir Þorsteinn léttur í lundu.

Þeir félagar eru nú búnir að taka upp heila plötu sem lítur dagsins ljós á næstu vikum en hún mun bera titilinn Yfir hafið. „Við tókum upptökubúnað með okkur á tónleikaferðalagið, þannig að hún er tekin upp á hótelherbergjum víðs vegar um heiminn,“ segir Guðmundur um ferlið. Lög og textar eru samin af Þorsteini en þeir félagar kláruðu plötuna fyrir skömmu og fengu góða félaga til þess að leika inn á hana. „Við fengum til að mynda fjóra trommuleikara til þess að spila inn á plötuna, þá Helga Svavar Helgason, Kristin Snæ Agnarsson, Nils Olof Törnqvist og Magnús Trygvason Eliassen.“ Allir hafa þeir verið í Hjálmum nema Magnús. Tónlistin er talsvert frá hljóðheimi Ásgeirs og einhvers konar blanda af elektró-tónlist og akústískri tónlist. - **glp**



**STJÖRNUSVEIT** Hljómsveitin Uniimog sendir frá sér sína fyrstu plötu á næstu vikum. MYND/EINKASAFN




# Ekki hægt að safna fyrir hverju sem er

Hópfjármögnun verður sífellt vinsælli meðal Íslendinga. Mikil aukning síðustu mánuði.

„Það hafa verið margar umsóknir undanfarið. Við erum að fá inn 1-5 umsóknir á dag. Fólk er kannski að átta sig á því að líkurnar á að ná að klára fjármögnun séu meiri en annars staðar eða það er bara orðið meðvitað um þessa leið. Þetta er orðið þekkt og viðurkennt,“ segir Ingi Rafn Sigurðsson, einn af stofnendum hópfjármögnunarsíðunnar Karolina Fund. Þeim fer sífellt fjölgandi sem nýta sér síðuna til að fjármagna skapandi verkefni og segir Ingi Rafn mikla aukningu hafa verið undanfarnar vikur og mánuði.

Vefsíðan verður tveggja ára í október og hafa 59 verkefni verið fjármögnuð að fullu í gegnum síðuna frá því hún var stofnuð. Verkefnin inni á síðunni eru öll íslensk eða með íslenska tengingu. Fjármagnið kemur þó víða að. „Það koma um 25 prósent fjármögnunarinnar frá öðrum löndum,“ segir Ingi. Hann segir erlenda aðila sérstaklega hafa mikinn áhuga á því að setja pening í íslenska tónlist.

Karolina Fund er í samstarfi við önnur hópfjármögnunarfyrirtæki á Norðurlöndunum og segir Ingi að Íslendingar notfæri sér hópfjármögnun í mun meiri mæli en nágrannaþjóðir okkar.

Öll verkefni sem fara í gegnum síðuna verða að vera skapandi á einhvern hátt. „Ástæðan er margþætt. Við erum ekki góðgerðarsamtök og erum ekki í beinum góðgerðarverkefnum. Það er ekki hægt að setja inn hvað sem er heldur verður verkefnið að höfða til fólks. Almenningur hefur ekkert sérstaklega mikinn áhuga á að taka þátt í að fjármagna það að einhver vilji kaupa sér ný dekk.“

Stærsta verkefnið sem hefur hlotið fjármögnun í gegnum síðuna eru kaup á sirkustjaldi fyrir Sirkus Íslands en fyrir því söfnuðust



**MÖRG VERKEFNI** Ingi segir mikla aukningu hafa verið í verkefnum undanfarna mánuði.

sjö milljónir króna. Meðal annarra verkefna sem safnast hefur fyrir eru Grænmetis-Bulsur, Heilshugar millimál, Dyggðarpúðinn, plata Péturs Ben og margt fleira og því ljóst að mörg verkefni hafa komist á koppinn fyrir tilstilli síðunnar.

Eftir að verkefnið hefur hlotið fjármögnun má svo fylgjast með gangi mála á vefnum. „Við erum að reyna með þessu að laga ákveðið vandamál í hópfjármögnunarheiminum þar sem það líður oft langur tími frá því að fjármögnun fæst þar til verkefnið er tilbúið. Á meðan vita fjárfestarnir ekki hver staðan er. Það er líka ákveðin hvatning fyrir þá sem standa að verkefninu.“

Fjölmörg verkefni eru í gangi inni á síðunni núna. Meðal annars safnar tónlistarmaðurinn Skúli mennski fyrir fimmtu breiðskífu



**SIRKUSTJALD SIRKUSS ÍSLANDS** Safnað var fyrir fyrsta íslenska sirkustjaldinu í gegnum síðuna. Sjö milljónir söfnuðust.

sinni og býður í staðinn áskrift að tónlist sinni. Flestir sem safna fyrir verkefnum sínum bjóða þeim sem styrkja eitthvað í staðinn. „Sumir bjóða kærar þakkir, aðrir árituð verk eða að fá verkefnið í einhverri mynd,“ segir Ingi. **viktoriah@365.is**

# Ekkert kynlíf fyrir tónleikana

Þrennir Bat Out of Hell-heiðurstónleikar fara fram á laugardaginn á Akureyri. Friðrik Ómar stendur fyrir tónleikunum og vill hafa samstarfsfélagana úthvílda.

„Þau þurfa að nýta alla sína orku og úthald, þess vegna er það brottrekstrarsök að stunda kynlíf fyrir tónleika, sérstaklega fyrir svona törn eins og þetta verður um helgina,“ segir Friðrik Ómar Hjörleifsson, en hann stendur fyrir þrennum Bat Out of Hell-heiðurstónleikum í Hofi á Akureyri á laugardaginn. Hann segist ekki hafa tekið þrenna tónleika samdægurs síðan hann hélt afmælistónleika sína árið 2011. Hann hefur undirbúið maraþonið vel og verður vel hugsað um tónlistarmennina á milli tónleika. „Við verðum með þrjá nuddara sem ætla losa um streituna hjá listamönnunum. Svo verðum við með kokk sem ætlar að elda hollan mat ofan í okkur,“ útskýrir Friðrik Ómar.

Fyrstu tónleikarnir hefjast klukkan 17.00 og þeir síðustu klukkan 23.00. „Listamennirnir munu standa í tónlistarflutningi í um það bil átta klukkustundir með tæknirennsli og þess háttar. Þetta verður maraþon,“ bætir Friðrik Ómar við léttur í lundu.

Eftir þessa þrenna tónleika munu um fimm þúsund manns hafa séð þá. „Við vorum líka á Fiskideginum á Dalvík, þannig að þetta eru um 35.000 manns ef við tökum Fiskidaginn með.“

Bat Out of Hell-tónleikarnir verða svo aftur í Eldborgarsalnum þann 7. febrúar. „Við erum ótrúlega ánægð með þessar frábæru viðtökur sem tónleikarnir hafa fengið.“ - **glp**



**MARAÞON** Friðrik Ómar vill að sitt fólk verði úthvílt fyrir tónleikamaraþonið sem fram fer í Hofi á laugardag. MYND/ GUNNLAUGUR RÖGNVALDSSON


Sunny BOX MASTER
SUNNY BOXMASTER / FRANSKAR / 3 HOT WINGS / SINNEPSSÓSA / GOS / PRINS XTRA
Nýtt á KFC
1.699 kr.
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Leigh hreifst af Vonarstræti

Breski leikstjórinn Mike Leigh var staddur á kvikmyndahátíðinni í Toronto á dögunum þar sem hann fór á sérstaka frumsýningu á Vonarstræti. Hreifst hann nokkuð af myndinni og hafði orð á því við íslenska gesti hátíðarinnar. Þá vildi svo skemmtilega til að kærasta hans, leikkonan Marion Bailey, á dóttur sem var bekkjarsystir **Heru Hilmarsdóttur** í hinum virta leiklistarskóla LAMDA en Hera leikur einmitt eitt af aðalhlutverkum Vonarstrætis. Mike og Marion koma hingað til lands í lok mánaðar og verða sérstakir gestir á RIFF-hátíðinni. **- þej**



### Fyrrverandi ráðherra í íbúðaskiptum

Æ vinsælla er meðal Íslendinga að finna fjölskyldur erlendis og skipta við þær á íbúðum. Með því sparast fjármagn sem annars færi í gistingu á ferðalögum erlendis. Fjöldi Íslendinga stundar þessa iðju hvert sumar. Þetta er einkar gott fyrir einstaklinga sem hafa gaman af því að skipuleggja sumarfríin sín langt fram í tímann. **Katrín Júlíusdóttir**, fyrrverandi ráðherra og varaformaður Samfylkingarinnar, hefur nú þegar ákveðið að fara í tvær slíkar ferðir næsta sumar. Skiptir hún á íbúð næsta sumar við hjón frá Prag annars vegar og hjón frá Ljublana hins vegar. Það er ekki ráð nema í tíma sé tekið enda ráðherrann fyrrverandi annálaður fyrir skipulagshæfileikana. **- sa**



## Mest lesið VÍSIR

1. Heltekin af vaxtarrækt og vöðvum: Gerir allt til að ná markmiðum sínum
2. Mummi í Götusmiðjunni á spítala
3. Eins og að vera á jeppa á risadekkjum
4. Mannorðsmorð frá Disney
5. Ólafur Darri á leið á rauða dregilinn





